**HARALDUR INGI HARALDSSON**

*Á handklæðinu í afrísku eldhúsi í Tallinn*

• ferðir • jólin koma

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




**LOVÍSA ELÍSABET**

*Gefur góð fyrirheit fyrir næsta ár*

Lay Low í flokki bestu nýliða hjá iTunes

**FÓLK 34**












# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. desember 2008 — 345. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR



### Álög á sólóplötu

Kristinn Gunnar Blöndal hefur verið tíu ár að gera sólóplötu. Hún reyndist gölluð þegar hún kom út.

**FÓLK 26**

### Jákvæð samvera



Fyrsta samverustund fyrir ekkla og ekkjur verður haldin í Ráðgjafarstöð Krabbameinsfélagsins í kvöld.

**TÍMAMÓT 20**

### Atvinnubætur

„Evrópusambandið er hreint afbragð til að koma í veg fyrir atvinnuleysi stjórnmálamanna“, skrifar Einar Már.

**UMRÆÐAN 18**

### Á boxinu með Buffer



Guðjón Valur sat með stjörnunum á boxbardaga Klitschko og Rahmans.

**ÍÞRÓTTIR 30**

### VEÐRIÐ Í DAG




**RÓLEGT** Í dag verður hæg suðlæg eða breytileg átt. Él sunnan til og vestan og um tíma við austurströndina. Annars úrkomulítið og bjart með köflum. Frost yfirleitt á bilinu 0-8 stig.

**VEÐUR 4**

# Vilja yfirtaka eignir NATO

**Staða opinbers hlutafélags sem taka á við rekstri Keflavíkurflugvallar er erfið sökum slæmrar stöðu krónunnar. Í minnisblaði samgönguráðuneytis er lagt til að mannvirki sem NATO greiddi fyrir verði yfirtekin.**

**SAMGÖNGUR** Lagt er til að Keflavíkurflugvöllur ohf. yfirtaki eignir sem mannvirkjasjóður Atlantshafsbandalagsins (NATO) greiddi fyrir, til að leysa úr fjárhagsvanda félagsins. Stofnefnahagsreikningur félagsins er í uppnámi vegna slæmrar eiginfjárstöðu.

Keflavíkurflugvöllur ohf. var stofnað síðastliðið sumar og mun það taka við rekstri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og Flugmálastjórnar flugvallarins um áramót. Unnið er að því að bæta stöðu félagsins við undirbúning stofnefnahagsreiknings þess.

Í minnisblaði frá samgönguráðuneytinu kemur fram að staða félagsins sé gjörbreytt frá því sem var við stofnun þess. Eigið fé sé neikvætt um 530 milljónir króna, og ljóst að vart verði farið af stað með stofnefnahagsreikning sem þannig sé útlítandi.

Kristján L. Möller samgönguráðherra segir þessa stöðu hafa komið til vegna gengishruns krónunnar. Sökum styrkingar gengis krónunnar sé ástandið nú skárra og eigið fé orðið jákvætt.

Í minnisblaði samgönguráðuneytisins eru tvær leiðir nefndar til að losa félagið úr fjárhagsvanda. Annars vegar geti ríkið lagt félaginu til aukið hlutafé. Það útilokar Kristján með öllu, staða ríkisins bjóði ekki upp á það.

Hins vegar kemur til greina að leggja félaginu til eignir að andvirði allt að fimm milljarða króna, segir í minnisblaðinu.

Lagt er til að eignir sem eru á mannvirkjaskrá NATO, og verða í umsjá félagsins, verði færðar á efnahagsreikning félagsins sem stofnframlag ríkisins. Verðmæti eignanna hefur hingað til ekki verið metið en þær hafa verið á ábyrgð Varnarmálastofnunar.

Kristján vildi ekki tjá sig nánar um útfærslu á þessum kosti, en staðfesti að þetta verði meðal þeirra úrræða sem hefðu verið rædd.

Ellisif Tinna Víðisdóttir, forstjóri Varnarmálastofnunar, segir þetta afar erfitt í framkvæmd. Þörf íslenska ríkisins fyrir þessi mannvirki út frá varnarsjónarmiðum hafi ekki verið metin, og heppilegra væri að ljúka þeirri vinnu áður en ákveðið sé hvernig eignum verði ráðstafað.

Mannvirkjasjóður NATO greiddi fyrir mannvirkin, en segja má að íslenska ríkið og NATO eigi þau sameiginlega. Hægt er að afskrá eignir af mannvirkjaskránni en slíkt tekur að lágmarki eitt ár. Mannvirkjasjóðurinn fær verðmæti eignanna, ef eitthvert er, endurgreitt við afskráningu.

Ekki náðist í Björn Óla Hauksson, forstjóra Keflavíkurflugvallar ohf., í gær.

**- bj**




**MÓTMÆLI VIÐ RÁÐHERRABÚSTAÐ** Stimpingar urðu milli lögreglu og mótmælenda utan við ráðherrabústaðinn í Tjarnargötu áður en ríkisstjórnarfundur hófst þar í gærmorgun. Krafist var afsagnar ríkisstjórnarinnar. Flestir ráðherranna brugðu á það ráð að nota bakdyr til að komast óáreittir til fundar í húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fimm þúsund Hafnfirðingar:

## Kosið aftur um stækkun álvers

**IÐNAÐUR** Nægur fjöldi undirskrifta til að kalla fram endurkosningu íbúa í Hafnarfirði um stækkun álversins í Straumsvík var afhentur Lúðvíki Geirssyni bæjarstjóra í gær.



LÚÐVÍK GEIRSSON

Lúðvík segir bæinn munu leita eftir viðhorfum Rio Tinto Alcan áður en efnt er til nýrrar íbúakosningar.

Ólafur Teitur Guðnason, upplýsingafulltrúi Alcan, segir að fyrirtækið hafi breytt um stefnu eftir að stækkunin var felld í fyrra og að vilji Hafnfirðinga verði að liggja fyrir áður en stækkunaráformin verða tekin til skoðunar að nýju. Menn vilji ekki lenda í sams konar blindgötu og síðast. „Fyrirtækið vill hafa það á hreinu að þetta sé vilji bæjarbúa áður en það leggur út í allt ferlið,“ segir upplýsingafulltrúinn. **- gar / sjá síðu 4**

Ríkissaksóknari áfrýjar dómi Héraðsdóms Suðurlands:

## Séra Gunnar fyrir Hæstarétt

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákveðið að áfrýja til Hæstaréttar Íslands dómi Héraðsdóms Suðurlands í máli séra Gunnars Björnssonar.

Með dóminum var Gunnar sýknaður af ákæru um kynferðisbrot og brot gegn barnaverndarlögum gagnvart tveimur stúlkum.

Dómurinn taldi sannað, með framburði ákærða og stúlknanna, að ákærði hefði átt þau samskipti við stúlkurnar sem í ákæru greindi og fólust meðal annars í faðmlögum, strokum og kossum. Hins vegar var tiltekin háttsemi sem ákært var fyrir og talin falla undir kynferðislega áreitni talin ósönnuð.

Það athæfi ákærða sem talið var sannað þótti að mati dómsins hvorki falla undir skilgreiningu almennra hegningarlaga um kynferðislega áreitni né heldur undir ósiðlegt athæfi, særandi eða móðgandi í skilningi barnaverndarlaga.

Ríkissaksóknari telur að sú háttsemi sem dómurinn telur sannaða falli, eins og á stóð, undir bæði tilgreind lagaákvæði. Af hálfu ákæruvaldsins er málinu áfrýjað til að fá niðurstöðu héraðsdóms um það atriði hnekkt.

**- jss**


**Börnin fara að hlakka til**

Eru jólasendingarnar farnar í póst?




www.postur.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 08-2218






**SPURNING DAGSINS**



*Þorvaldur, þarftu ekki að hafa þykkan skráp fyrir þetta hlutverk?*

„Öllu heldur þykkan Láp.“

Ólafur S.K. Þorvaldz fer með hlutverk Láps í leikritinu Lápur, Skrápur og jólaskapið. Ólafur reif liðþófa og lætur sig hafa það að fara sárþjáður á svið.

Meirihluti og minnihluti í velferðarráði þrýsta sameiginlega á aðgerðarhóp:

# Hópurinn hefur sex daga

**BORGARMÁL** „Við í minnihlutanum vorum talsvert hissa á að fulltrúar meirihlutans væru tilbúnir að leggja fram þessa bókun og þrýsta á aðgerðarhópinn að koma þessum málum inn í fjárhagsáætlunina. Ef það gengur eftir er það sigur fulltrúa meirihlutans í ráðinu. Ef ekki þá lítur þetta dálítið vandræðalega út. Þeir hafa sex daga til umráða,“ segir Marsibil Sæmundardóttir, fulltrúi óháðra í velferðarráði Reykjavíkurborgar. Sá fátíði atburður átti sér stað á fundi í gær að fulltrúar meirihluta og minnihluta ráðsins lögðu fram sameiginlega bókun. Í henni er beint tilmælum til þverpólitísks aðgerðarhóps vegna efnahagsástandsins, um þau þrjú mál sem ráðið telur mest knýjandi að verði innifalin í fjárhagsáætlun aðgerðarhópsins. Sú áætlun verður kynnt mánudaginn 22. desember næstkomandi.



**FULLTRÚI ÓHÁÐRA** Marsibil segist hafa orðið talsvert hissa á því að meirihlutinn hafi tekið þátt í sameiginlegri bókun.

Í bókuninni er því meðal annars beint til aðgerðarhópsins að grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar og heimildargreiðslur vegna barna verði hækkaðar. Marsibil segir áhugavert að atriðin sem bókuð voru í gær hafi ekki enn verið sett inn í fjárhagsáætlun hópsins. Ef atriðin fari ekki inn fyrir mánudaginn sé meirihlutinn í borginni klárlega klofinn.

Jórunn Frímannsdóttir, fulltrúi Sjálfstæðiflokks og formaður velferðarráðs, segist treysta því að atriðin nái inn í áætlunina. „Ég get ekki lofað því, en rökin verða að vera ansi sterk fyrir því að atriðin fari ekki inn. Það er mjög mikilvægt að samstaða náist um hækkun fjárhagsaðstoðar,“ segir Jórunn.

**- kg**

Kröfuhafar gömlu bankanna:

# Kröfuhafarnir gætu farið í mál

**EFNAHAGSMÁL** „Hættan er sú að ef þeir fá engan eignarhlut, eða eiga ekki kost á því, hvort sem þeir vilja það eða ekki, þá eru meiri líkur á að þeir láti reyna á lagasetninguna,“ segir Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis, um kröfuhafa gamla bankans og vísar til neyðarlaganna svonefndu.

Hugmyndir eru um að þeir sem eiga kröfur í gömlu bankana gætu fengið hlut í þeim nýju. Árni segir óvíst að þeir vilji borga með sér.

Nýju bankarnir eiga að fá 385 milljarða króna. Ekki hefur komið skýrt fram hvaðan féð á að koma.

**- ikh /** **sjá Markaðinn**

Upprisa Kauphallar í spilunum:

# Er 16 prósent af stærð fyrir hrun

**VIÐSKIPTI Í lok þarnæsta árs verður heildarvirði félaga sem hér verða skráð í Kauphöll komið í 1.000 milljarða króna, gangi eftir áætlanir forstjóra hennar.**

**Markaðsvirði skráðra félaga er nú undir 250 milljörðum að því er fram kemur í grein sem Þórður Friðjónsson skrifar í Markaðinn í dag. Fyrir fall bankans voru skráð félög 1.500 milljarða króna virði.**

**Þórður segir að gangi eftir áætlanir um endurreisn efnahagslífsins nái skuldabréfamarkaður hér sér að fullu á næsta ári og hlutabréfamarkaður verði kominn í ásættanlegt horf fyrir lok árs 2010.**

**- óká /** **Sjá Markaðinn**

Vídófjölskyldan í Eyjum:

# Sama gælunafn í þrjá ættliði

**SAMFÉLAGSMÁL** Niðjar Sigurgeirs heitins Ólafssonar í Vestmannaeyjum, hafa sótt um það hjá mannanafnanefnd að fá nafnið Vídó viðurkennt en án árangurs. Sigurgeir var þekktur undir nafninu Sigurgeir Vídó eftir að hann varði vítaspyrnu sem markmaður í drengjaliði Þórs fyrir seinna stríð en hann var einnig frá Víðivöllum og þótti viðurnefnið því vel við hæfi. Nafnið festist einnig á eiginkonu hans, Erlu Vídó, og svo á öllum niðjum þeirra að sögn Kjartans Vídó, barnabarni Sigurgeirs. Reyndar segir hann eina undantekningu á því en einn Sigurgeirssonurinn gengur undir nafninu Hestur.

Ástæðan fyrir höfnun mannanafnanefndar er sú að Vídó beygist ekki samkvæmt íslenskri málhefð. En nafnið er svo gott sem orðið að ættarnafni.

**- jse/** **sjá síðu 16**

# Ráðherrarnir fara á fund bakdyramegin

**Margir ráðherrar ríkisstjórnarinnar máttu klöngrast frá Suðurgötu og í gegnum garð ráðherrabústaðarins í gær til að forðast mótmælendur sem voru fleiri en á síðasta ríkisstjórnarfundi. Til átaka kom en þau leystust með samningum.**

**STJÓRNMÁL** Margir ráðherrar ríkisstjórnarinnar hættu við að fara úr bílum sínum við Ráðherrabústaðinn við Tjarnargötu í gærmorgun.

Bústaðurinn var nærri umkringdur mótmælendum og ráðherrarnir brugðu á það ráð, samkvæmt tilmælum lögreglu, að láta aka sér í næstu götu fyrir ofan, Suðurgötu. Þaðan klöngruðust stjórnvöld niður hlíðina í snjónum og í gegnum garð ráðherrabústaðarins. Umhverfisráðherra gekk þó Tjarnargötuna og mátti þola ókvæðisorð.

Mótmælendur, sem voru um 100 talsins þegar mest var, öskruðu að ríkisstjórninni að hún væri vanhæf og ópin heyrðust allt niður í Vonarstræti. Lögreglumenn voru um allar trissur, minnst 50 talsins.

Þegar ráðherrar höfðu gengið í hús og fundur staðið í nokkurn tíma fækkaði í hópi mótmælenda og voru um 60 eftir. Stúlka ein gerði sér þá lítið fyrir og braust í gegnum gulan lögregluborða og áleiðis niður Tjarnargötuna. Hún vildi fara heim til sín sagði hún; lögreglan gæti ekki komið í veg fyrir það. En það gerði lögreglan víst og bar þá fleiri að, stúlkunni til aðstoðar.

Hópurinn krafðist þess að fá að ganga niður Tjarnargötu og kom til átaka þegar hann reyndi loks að ganga í gegnum fylkingu lögreglumanna. En lögreglan stöðvaði framgönguna og virtist gæta þess að fólk meiddist ekki. Að lokum var samið um að mótmælendur fengju að ganga framhjá bústaðnum og í burtu. Enginn var handtekinn. „Hér verður áramótabrenna,“ hrópaði mótmælandi að lokum, um leið og hann steytti hnefa að bústaðnum og gekk á braut.

**klemens@frettabladid.is**



## FLESTALLAR LÖGGUR KALLAÐAR TIL

Hópurinn var stærri en búist var við, að sögn Arnars Rúnars Marteinssonar aðalvarðstjóra. Hann vonar að þetta verði ekki fastur liður í starfi lögreglunnar. Flestallir lögreglumenn af stöðinni hafi verið kallaðir að bústaðnum og ekki hefðu margir getað brugðist við því ef fleiri stór útköll hefðu orðið.

„Það var enginn handtekinn en fólk ætlaði að ryðjast í gegnum lokanir lögreglu og við líðum það ekki; þegar við erum búin að gera lokanir þá eiga þær að halda. En svo náðist samkomulag um að fólkið gengi í gegn og við treystum því.“ Samkomulagið hafi verið gert til að koma í veg fyrir ryskingar og af sömu sökum hafi ráðherrum verið beint að koma frá Suðurgötunni.



**VAKTI ATHYGLI** Skókastið vakti mikla athygli í Mið-Austurlöndum og víða um heim. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skókastarinn í Írak:

# Sagður særður

**ÍRAK Íraski blaðamaðurinn Muntadar al-Zaidi er sagður illa farinn eftir meðferð annaðhvort öryggisvarða eða fangavarða. Fréttastofa breska útvarpsins BBC hefur þetta eftir bróður hans.**

**Zaidi er sagður bæði rifbeins- og handleggsbrotinn, með innvortis blæðingar og meiðsl á auga. Þetta hefur þó ekki fengist staðfest.**

**Zaidi fleygði, sem frægt er orðið, skóm sínum að George W. Bush Bandaríkjaforseta á blaðamannafundi í Bagdad á þriðjudag. Zaidi hrópaði á Bush: „Þetta er kveðjukossinn til þín, hundurinn þinn.“**

**- gb**

Útgjöld vegna prófkjörs:

# Meirihluti vill ekki upplýsa

**STJÓRNMÁL** Aðeins 25 af 63 þingmönnum svara spurningum Fréttablaðsins um það hverjir hafi styrkt þá í prófkjörsbaráttu þeirra fyrir síðustu kosningar. Allir þingmanna Vinstri grænna svöruðu en einungis tveir þingmenn Sjálfstæðisflokksins.

Bæði stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar hafa talað fyrir því að almenningi verði veittar sem mestar upplýsingar til þess að sporna við tortryggni. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefur til dæmis talað fyrir því að bankaleynd verði afnumin.

**- jse/** **sjá síðu 12**






Ólafur F. Magnússon gerði gegnsæi og þjónkun við auðmenn að umræðuefni:

# Telur meirihlutann spilltan

**BORGARMÁL** Ólafur F. Magnússon borgarfulltrúi gerði meinta spillingu og fyrirgreiðslupólitík meirihlutaflokkanna að umræðuefni á borgarstjórnarfundi í gær.



**ÓLAFUR F. MAGNÚSSON**

Ólafur mæltist til þess að upplýsingar um fjárframlög vegna prófkjöra borgarfulltrúa yrðu lagðar fram. Óviðunandi væri að fulltrúarnir upplýstu ekki um „framlög verktaka og auðmanna“.

Hann hefði mætt „feiknarlegri andstöðu“ sjálfstæðismanna við að gera aðgengilegri upplýsingar um Orkuveitu Reykjavíkur. Þar teldi hann að spilling hefði verið „mjög alvarleg“ í áraraðir.

„Það er ekki líðandi að það sé legið á upplýsingum sem varða alla borgarbúa,“ sagði hann.

Einnig lagði Ólafur til að fallið yrði frá áformum um byggingu Listaháskóla við Laugaveg og spurði hvort afstaða sjálfstæðismanna skýrðist með þrýstingi frá auðmönnum.

Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður skipulagsráðs, rifjaði þá upp gömul ummæli Ólafs um að hann væri alls ekki mótfallinn byggingunni. Hann væri hins vegar orðinn hallur undir popúlisma, „skæting og skítkast“.

Afstöðu flestra borgarfulltrúa til Reykjavíkurflugvallar telur Ólafur dæmi um takmarkalitla „þjónkun við byggingarverktaka, ýmsa fjárfesta og auðmenn“.

**- kóþ**

## FLOKKSSANNFÆRING

Kjartan Magnússon, fulltrúi Sjálfstæðisflokks, gerði flokksræði að umræðuefni í tengslum við drög að siðareglum borgarfulltrúa, sem hann annars fagnaði, á fundinum í gær. Í drögunum stendur að fulltrúarnir skuli bundnir að sannfæringu sinni.

„Ég held að borgarfulltrúar þekki það flestir að hafa greitt atkvæði sem er í bága við eigin sannfæringu,“ sagði Kjartan og vísaði til þess að stundum þyrfti að standa með samherjum og fara eftir „flokkssannfæringu“.



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
Til hamingju!
Rio Tinto Alcan, móðurfélag Alcan á Íslandi, óskar starfsmönnum álversins í Straumsvík til hamingju með framúrskarandi árangur í umhverfis- og öryggismálum.
Álverið í Straumsvík er hið fyrsta sinnar tegundar í heiminum sem tekist hefur að fjarlægja klór úr framleiðsluferlinu í steypuskála með því að þróa nýja framleiðsluaðferð. Fyrir þetta hlaut álverið viðurkenninguna „Light Metals Award“ frá The Minerals, Metals & Materials Society í mars 2008 og einnig Nathanael V. Davis verðlaunin fyrir framúrskarandi árangur meðal starfsmanna Rio Tinto Alcan. Með innleiðingu nýjungar starfsmanna ISAL um allan heim er stefnt að því að allir steypuskálar samstæðunnar verði orðnir klórlausir árið 2010.
Álverið í Straumsvík er einnig í fremstu röð á heimsvísu hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda. Frá árinu 1990 hefur tekist að minnka losun þeirra um helming á sama tíma og framleiðslan hefur tvöfaldast.
Við viljum vera fyrirmynd annarra í umhverfis- og öryggismálum og erum stolt af okkar framlagi.
Losun gróðurhúsalofttegunda
600.000
500.000
400.000
300.000
200.000
100.000
0
1990
2007
CO2 ígildi (tn)
Rio Tinto Alcan
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður
Sími 560 7000
www.riotintoalcan.is
Rio Tinto Alcan
ISAL–STRAUMSVÍK

## GENGIÐ 16.12.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,37 | 114,91 |
| Sterlingspund | 174 | 174,84 |
| Evra | 156 | 156,88 |
| Dönsk króna | 20,936 | 21,058 |
| Norsk króna | 16,483 | 16,581 |
| Sænsk króna | 14,265 | 14,349 |
| Japanskt jen | 1,2681 | 1,2755 |
| SDR | 175,23 | 176,27 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
202,9084

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Unnið að fjármögnun við álver í Helguvík og orkuöflun:

# Samningar um orku brostnir

**STÓRIÐJA** Ljóst er að samningar á milli Norðuráls og orkufyrirtækja, Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja, eru brostnir. Þær kröfur, sem samkvæmt þeim átti að uppfylla fyrir áramót um fjármögnun, munu ekki nást, hvorki hjá orkufyrirtækjunum né Norðuráli. Því þarf annaðhvort að breyta samningunum eða gera nýja.

Ágúst Hafberg, tengiliður hjá Norðuráli, segir að verið sé að vinna að fjármögnun álversins með nokkrum erlendum bönkum. Sú vinna taki nokkra mánuði í viðbót. „Það er fyrst og fremst fjármögnunin sem er tímafrek.



**HELGUVÍK** Nýtt umhverfismat þarf ef álverið verður stækkað í 360 þúsund tonn og Landsvirkjun þarf þá að koma að orkuöflun.

Þegar henni er lokið fer allt á fullt.“

Norðurál hefur kynnt hugmyndir um 360 þúsund tonna álver, í stað 250 þúsund tonna, í fjórum 90 þúsund tonna áföngum. Ágúst segir enga ákvörðun hafa verið tekna um það. Ljóst er að nýtt umhverfismat þarf fyrir slíka framkvæmd.

Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi Orkuveitu Reykjavíkur, segir að fyrir slíka framkvæmd þurfi þriðja orkufyrirtækið, Landsvirkjun, að koma að orkuöflun. Verið sé að vinna að fjármögnun verkefnisins. „Fjármögnunin er almennt í frosti nú, en við vonumst til að það ástand batni með hækkandi sól. Menn eru að ræða saman um hvort samningum verður breytt eða nýir gerðir.“ **- kóp**

Fimm ungir Pólverjar:

## Grunaðir um e-töflusmygl

**LÖGREGLUMÁL** Átján ára Pólverji var í gær úrskurðaður í gæsluvarðhald til 22. desember vegna rannsóknar á smygli á þúsundum e-taflna. Fjórir landar piltsins voru úrskurðaðir í farbann í mismunandi langan tíma, lengst í fjórar vikur. Það var í lok síðustu viku sem tollgæslan tók póstsendingu frá Póllandi sem innihélt efnin.

Fjórir piltar og ein stúlka, voru handtekin samtímis í gær á höfuðborgarsvæðinu. Fólkið er um tvítugt.Rannsókn málsins er á frumstigi og ekki liggur fyrir hvort þessi hópur tengist fleiri fíkniefnasendingum. **- jss**

Fjölskylduhjálp Íslands:

## Lokafrestur fyrir jólaaðstoð

**HJÁLPARSTARF Lokafrestur til að sækja um jólaaðstoð frá Fjölskylduhjálp Íslands er fimmtudagurinn 18. desember frá klukkan 13.00 til 16.00. Tekið er við umsóknum hjá Fjölskylduhjálp Íslands að Eskihlíð 2 til 4.**

**Fjölskylduhjálp Íslands er líknarfélag sem var stofnað í september 2003. Félagið aðstoðar fólk af öllu landinu, óháð kyni og aldri. Markmiðið er að hjálpa og létta undir með einstaklingum og fjölskyldum sem eiga í tímabundnum erfiðleikum. Allt starf félagsins er unnið í sjálfboðavinnu.** **- kg**



**SEGIR AF SÉR** Kristján vísar í lögmann spurður um afsögn sína sem forseti bæjarstjórnar og bæjarfulltrúi.

Forseti bæjarstjórnar hættir:

## Kristján segir af sér embætti

**ÁLFTANES** Kristján Sveinbjörnsson sagði af sér embætti forseta bæjarstjórnar Álftaness í gær og dró sig í hlé sem bæjarfulltrúi. Í yfirlýsingu hans er vísað í persónuleg mál.

„Með afsögn minni vonast ég til að friður skapist um starfsemi bæjarstjórnar Álftaness og það góða starf sem þar er unnið undir stjórn Álftaneshreyfingarinnar,“ segir í yfirlýsingunni.

„Ég ætla ekki að gefa út yfirlýsingu um eitt eða neitt í bili, það koma tímar. Ég vísa á Sigurð G. Guðjónsson lögmann. Hann er minn ráðgjafi,“ sagði Kristján í samtali við Fréttablaðið. **- kóp**



**ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK** Deiliskipulag fyrir stækkun álversins í Straumsvík upp í 460 þúsunda tonna framleiðslugetu var fellt í íbúakosningu vorið 2007.

# Ný íbúakosning um álverið í Straumsvík

**Safnað hefur verið nægum fjölda undirskrifta til að kosið verði öðru sinni um stækkun álversins í Straumsvík. Bærinn vill viðbrögð Rio Tinto Alcan en fyrirtækið vill ekki lenda í annarri blindgötu og vill niðurstöðu íbúakosningar fyrst.**

**SVEITASTJÓRNIR** „Þeir eru að kalla eftir endurkosningu á þeirri sem fór fram um deiliskipulagið 2007,“ segir Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, sem í gær tók við undirskriftum 5.014 íbúa sem vilja láta kjósa að nýju um stækkun álversins í Straumsvík.

Lúðvík segir að í samþykktum bæjarstjórnar séu skýr ákvæði um að annars vegar geti bæjarstjórn sent mál til kosningar meðal íbúa og hins vegar að undirskriftir fjórðungs kjósenda þurfi til að efna verði til íbúakosningar um tiltekin mál. Skriður hafi komist á söfnun undirskrifta vegna álversstækkunarinnar eftir að kreppan hófst í haust.

Bæjarráðið hefur nú falið bæjarlögmanni að yfirfara undirskriftalistana með nöfnunum 5.014. Um 4.700 manns duga að sögn Lúðvíks til að knýja fram kosningarnar. Áður en ákvörðun verður tekin um þær muni bæjaryfirvöld þó kanna hvort Rio Tinto Alcan hafi enn hug á stækkuninni sem felld var naumlega í íbúakosningu vorið 2007.

Upplýsingafulltrúi Rio Tinto Alcan segir fyrirtækið hins vegar líta svo á að íbúakosningin sé nú þegar í höndum bæjaryfirvalda í Hafnarfirði eftir að tilskilinn fjöldi undirskrifta hefur borist. Fyrirtækið muni ekki eiga frumkvæði í málinu að þessu sinni.

„Eftir að stækkuninni var hafnað tók fyrirtækið annan kúrs. Við getum ekki lagt í það átak að kanna hvort skynsamlegt sé að fara aftur inn í þennan fasa nema þá að það liggi fyrir að það muni ekki aftur stoppa – að þetta sé ekki bara blindgata númer tvö. Fyrirtækið vill hafa það á hreinu að þetta sé vilji bæjarbúa áður en það leggur út í allt ferlið.“

Nú er verið að undirbúa aukningu á framleiðslugetu álversins í Straumsvík úr 185 þúsund tonnum í 225 þúsund. Það er gert með tæknilegum breytingum en ekki beinni stækkun. Að sögn Ólafs Teits myndi framleiðslan hins vegar aukast margfalt meira, eða upp í 460 þúsund tonn gengju fyrri áform um stækkunina eftir.

Aðspurður kveðst Lúðvík Geirsson ekki vilja svara til um það á þessu stigi hvort hann myndi styðja eða hafna stækkun álversins. „Ég svara því þegar þar að kemur. Það á eftir að koma í ljós hvort verður kosið eða ekki,“ segir bæjarstjórinn.

**gar@frettabladid.is**

Dæmdur til refsingar:

## Setti gúmmíbolta í leggöng

**DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Norðurlands eystra fyrir að setja gúmmíbolta í leggöng stúlku. Einnig fyrir að hóta tveimur lögreglumönnum lífláti. Hann var ákærður fyrir að stofna lífi eða heilsu stúlkunnar í augljósan háska, er hann í kynmökum við hana setti boltann, sem hún taldi vera kynlífsleikfang, upp í leggöng hennar. Boltann skildi maðurinn eftir án vitneskju hennar. Þrem vikum síðar þegar í ljós kom að boltinn var enn í leggöngum var stúlkan komin með bólgur og alvarlega sýkingu í leggöng. Þurfti að fjarlægja boltann með skurðaðgerð.** **- jss**

Þorgerður Katrín:

## Evra þýðir inngöngu í ESB

**EFNAHAGSMÁL** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, neitar því að Alf Skjeset, blaðamaður norska dagblaðsins Klassekampen, hafi haft rangt eftir sér í viðtali, eins og skilja mátti af fréttum í fyrrakvöld. Þetta kom fram í viðtali Vísis.is við Þorgerði í gær.



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR**

Þorgerður segir þýðingu Ríkisútvarpsins á frétt Klassekampen, þar sem því var haldið fram að hún teldi einu lausnina í okkar málum almennt séð vera inngangа í Evrópusambandið, ekki vera rétta. Það sem snúi að peningamálastefnunni, að evra þýði inngöngu í ESB, hafi hins vegar verið haft rétt eftir sér. **- kg**






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veður-fræðingur

**SVIPAÐ VEÐUR ÁFRAM**

Það verður keimlíkt veður á landinu næstu daga. Yfirleitt hægur vindur og frost, síst þó með ströndum. Éljaloft verður viðloðandi sunnan og vestanvert landið fram á laugardag en þá léttir til syðra og má búast við éljum norðaustan til. Á sunnudag verður svo éljaloft við suðurströndina á nýjan leik. Áfram frost.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 13° |
| Amsterdam | 7° |
| Basel | 3° |
| Berlín | 5° |
| Billund | 5° |
| Eindhoven | 5° |
| Frankfurt | 4° |
| Friedrichshafen | 3° |
| Gautaborg | 5° |
| Kaupmannahöfn | 6° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 16° |
| New York | 7° |
| Orlando | 27° |
| Osló | 1° |
| París | 5° |
| Róm | 10° |
| Stokkhólmur | 4° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# ALLT FYRIR JÓLIN




## OPIÐ TIL 22 ALLA DAGA TIL JÓLA

Komdu í Holtagarða fyrir jólin og kláraðu innkaupin í þægilegu umhverfi. Úrval verslana, næg bílastæði og gott aðgengi.

**Um helgina munu jólasveinar ganga um gólf milli kl. 15 og 16 og gleðja unga sem aldna.**

HOLTAGARÐAR
Ein frábær ferð

Holtagarðar verða opnir til 22 alla daga fram að jólum og til 23 á Þorláksmessu.

## KJÖRKASSINN



*Vilt þú breytingar á skipan ráðherra í ríkisstjórn Íslands?*

| | |
|---|---|
| Já | 91,1% |
| Nei | 8,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Verða rjúpur á borðum hjá þér um jólin?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is Vísir

Löng umræða um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum:

# Bandormur afgreiddur með afbrigðum

**STJÓRNMÁL** Löng umræða var um bandorminn svokallaða, frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sem Geir H. Haarde forsætisráðherra lagði fram. Áður en umræða fór fram þurfti að greiða atkvæði um afbrigði, þar sem frumvarpið var ekki lagt fram fyrr en í fyrrakvöld. Stjórnarandstaðan gagnrýndi að hún hefði fengið svo stuttan tíma til að kynna sér bandorminn og greiddi því atkvæði gegn því að frumvarpið væri tekið til umræðu.

Meðal þess sem helst var gagnrýnt var annars vegar breytingar á búvörusamningi og hins vegar væntanleg gjaldtaka fyrir innlögn á sjúkrahúsum.

Geir H. Haarde sagði gjaldtöku fyrir innlögn vera samræmingu, þar sem þegar væri rukkað fyrir þjónustu á göngudeildum. Með þessari gjaldtöku væri því verið að koma í veg fyrir óeðlilega stýringu í ókeypis þjónustu. Sjúkrahúsin muni fá um 300 milljónir á ári vegna þessara gjaldtöku.

Ögmundur Jónasson sagði að hægt væri að ná þessu samræmi með því að afnema gjaldtöku af göngudeildinni. Eðlilegra sé að fullfrískt og starfandi fólk greiði, en ekki sé byrjað að rukka þegar fólk er orðið veikt. **- ss**



**GEIR H. HAARDE** Sagði rukkun fyrir innlögn á sjúkrahús vera samræmingu í gjaldtöku. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Yfirmaður OR segir upp:

# Samþykkti eigin reikninga

**ORKUMÁL** Kristinn H. Þorsteinsson, fyrrverandi yfirmaður hjá Orkuveitu Reykjavíkur (OR), segist, í yfirlýsingu, engum nema sjálfum sér geta um kennt hvernig hafi farið. Hann sagði upp eftir að upp komst að hann hefði samþykkt reikninga upp á tíu milljónir króna við fyrirtæki sem hann var sjálfur í forsvari fyrir.

Í yfirlýsingunni segist hann „ítreka að ég hef á engan hátt skarað eld að eigin köku“.

Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi OR, segir málið í rannsókn. Sú rannsókn beinist meðal annars að því hversu langt aftur í tímann reikningarnir ná. **- kg**




# Ritstjóri DV í mótsögn við sjálfan sig

**Yfirlýsing ritstjóra DV um samtal við blaðamann er í ósamræmi við upptökur af því. Reynir vill ekki tjá sig um málið og vísar í yfirlýsingu. Formaður Blaðamannafélagsins segir málið vera mjög slæmt. Blaðamenn á DV óánægðir.**

**FJÖLMIÐLAR** „Ég sendi frá mér yfirlýsingu á eftir og mun ekki tjá mig um þetta að öðru leyti,“ segir Reynir Traustason, ritstjóri DV. Yfirlýsingu sem hann sendi frá sér á mánudag, ásamt Jóni Trausta Reynissyni meðritstjóra, ber ekki saman við upptöku af samtali Reynis við Jón Bjarka Magnússon, fyrrverandi blaðamann.

Í yfirlýsingunni segir: „Jón Bjarki segir að stórir aðilar hafi stöðvað frétt DV. Það er alrangt og óskiljanlegt hvernig hann hefur öðlast þann skilning.“ Í upptökunni kemur fram að Reynir segir: „Við stóðum bara andspænis, þú veist þessum hroðalegu örlögum að keyra á þessu eða þurfa þess vegna að pakka saman. “



**ARNA SCHRAM**

Í yfirlýsingu ritstjóranna er Jón Bjarki sagður vera í herferð gegn DV, vera með tilhæfulausar ásakanir og ýjað er að því að hann hafi ekki unnið þau verk sem hann átti að vinna.

Arna Schram, formaður Blaðamannafélags Íslands, segist setja spurningarmerki við að taka viðtalið upp án vitneskju Reynis og birta það í Kastljósi. „Í þessu máli og í ljósi þessa bréfs sem báðir ritstjórar DV voru búnir að senda og gengust ekki við því sem Jón Bjarki sagði var honum nauðugur einn kostur, að birta samtalið.“

Arna segir málið alvarlegt. „Þetta er mjög slæmt, svo vægt sé til orða tekið. Ritstjóri á að standa í lappirnar gagnvart hvers konar utanaðkomandi þrýstingi. Þetta er mikið prinsippmál. Ritstjórn á að ráða því hvað birtist í blaði og á ekki að láta undan þrýstingi að utan. Í þessu tilviki hefði ritstjórinn ekkert átt að blanda blaðamanninum í málið heldur taka slaginn. Þá skiptir engu hvort fréttin var stór eða lítil; þetta er grundvallaratriði.“



**RITSTJÓRAR** Yfirlýsing ritstjóranna frá því á mánudag stangast í grundvallaratriðum á við upptöku af samtali Reynis Traustasonar við Jón Bjarka. Reynir vildi ekki tjá sig um málið og ekki náðist í Jón Trausta. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Björgólfur Guðmundsson sagðist í gær ekki hafa komið í veg fyrir að upprunalega fréttin yrði birt, en Reynir segir það á upptökunni. Það sama segir Landsbankinn. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að óánægja sé á meðal blaðamanna DV með málið. Í gær sagði einn þeirra, Valur Grettisson, af sér. „Ástæðan er sú að upp er komið umhverfi sem ég hvorki get, né vil, starfa við,“ segir í yfirlýsingu hans.

Ekki náðist í Jón Trausta við vinnslu fréttarinnar. Í yfirlýsingu Reynis frá í gær segir að fyrstu viðbrögð hans hafi verið ónákvæm. Hann biður „samstarfsmenn mína og alla hlutaðeigandi afsökunar en tel að sú yfirsjón sé ekki af þeirri stærðargráðu að réttlæti uppsögn af minni hálfu“. Reynir segist njóta trausts framkvæmdastjórnar Birtings sem ritstjóri.

**kolbeinn@frettabladid.is**







Útvarpsstjóri segir samfélagsleg mál hafa verið í húfi með birtingu samtals:

# Segir ritstjórana hafa logið

**FJÖLMIÐLAR** Páll Magnússon útvarpsstjóri segir þá ákvörðun að birta samtalið margumrædda hafa verið hárrétta og hann styðji hana.

„Þarna voru nokkur samfélagsleg mál í húfi. Í fyrsta lagi snerist þetta mál um það hvort viðskiptahagsmunir eigenda fjölmiðla hafi áhrif á hvað er sagt og ekki sagt í fjölmiðlum. Varðandi Fréttablaðið þá sannaðist um daginn svo ekki verður um villst að þeir hafa áhrif og núna einnig með DV svo ekki verður um villst.

Í öðru lagi er mjög mikilvægt að sjá hvort ritstjórar láta undan þrýstingi út frá viðskiptahagsmunum eigenda sinna. Það sannaðist í þessu máli að svo var. Í þriðja lagi var brýnt að fá úr því skorið hvort ritstjórar blaðsins, í sameiginlegri yfirlýsingu, lugu að almenningi. Birtingin á viðtalinu sýndi að þeir gerðu það.“



**PÁLL MAGNÚSSON**

Í 9. grein reglna um fréttir og dagskrárefni tengt þeim í Ríkisútvarpinu segir: „ Óheimilt er að útvarpa án leyfis ummælum manns ef hann vissi ekki að þau voru hljóð- eða myndrituð, nema ummælin hafi verið viðhöfð á opnum vettvangi.“

Páll segir að birtingin stangist ekki á við þessa grein. „Þessi regla lýtur að samskiptum Ríkisútvarpsins við viðmælendur sína og hefur ekkert að gera með upptökur frá þriðja aðila úti í bæ. Það verður að taka afstöðu til slíkra upptakna út frá þeim forsendum hvort það hafi samfélagslega mikla þýðingu að birta þetta.“

**- kóp**




DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

**VEISTU SVARIÐ?**



1 Hvað heitir nýi þriggja geisladiska yfirlitskassinn yfir feril Rúnars Júlíussonar?

2 Hvað heitir ritstjóri DV?

3 Með hvaða liði í ensku Championship-deildinni leikur Jóhannes Karl Guðjónsson?

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 34

Sérstök hefti fyrir börn með lestrarerfiðleika töfðu samræmdar einkunnir:

# Flest börn fá einkunnir í dag

**MENNTAMÁL** Einkunnir nemenda í samræmdu prófunum í fjórða og sjöunda bekk voru keyrðar út til skóla á höfuðborgarsvæðinu í gær og verða afhentar börnunum í skólanum í morgun. Einkunnir barna úti á landi voru settar í póst í gær og ættu því að berast börnunum í dag eða á morgun.

Sigurgrímur Skúlason, sviðsstjóri hjá Námsmatsstofnun, segir að úrvinnsluferlið hafi verið flókið og því séu einkunnirnar minnst tveimur vikum seinna á ferðinni en stefnt var að. Um 15-20 prósent nemenda í fjórða bekk fá sérstök hefti fyrir lesblinda.

„Við erum farin að setja upp sérstök hefti fyrir krakka sem eiga erfitt með lestur og skólarnir eru farnir að biðja um þetta fyrir stöðugt fleiri nemendur. Þessi hefti eru með sérstakri leturgerð þar sem allir stafirnir taka jafnmikið pláss og það hefur sett flækju á skönnunina. Það ferli þarf að taka lengri tíma,“ segir Sigurgrímur. „Svo höfum við tekið ýmiss konar tékk á skönnunina og það hafa komið upp vandamál svo að við höfum þurft að senda aftur í gegn 1.500 hefti.“

Sigurgrímur segir að ekki sé bara verið að gefa venjulegar einkunnir að þessu sinni heldur hafi Námsmatsstofnun líka farið út í það að gefa umsagnir, til dæmis um það hvernig börn standa sig í talna- og textadæmum. - ghs



**SVIÐSSTJÓRI HJÁ NÁMSMATSSTOFNUN** Sigurgrímur Skúlason segir að vegna flókins úrvinnsluferlis hafi afhending einkunna tafist.

Össur Skarphéðinsson:

# Umhverfismat ekki til trafala

**STJÓRNMÁL** „Það kerfi [umhverfismats] sem við höfum búið við undanfarin ár er mjög gott og ekki hægt að kenna því um að við séum að glata tækifærum,“ sagði Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra í svari við óundirbúinni fyrirspurn.

Fyrirspyrjandi var Jón Gunnarsson sem spurði hvort iðnaðarráðherra tæki ekki undir með sér að það þyrfti að einfalda og stytta verkferla í umhverfismati. Borið hefur við að frestir hafi tafist umfram það sem heimilt er, sagði Össur. Það ætti einnig við sitt ráðuneyti og því hafi hann sett upp verkferla til að koma í veg fyrir slíkar tafir innan ráðuneytisins. - ss





## Sverrir er kominn á geisladisk

Yndislega heillandi geisladiskur með **grípandi góðum lögum og bráðskemmtilegum smellnum textum** eftir **Sverri Norland**. Kassagítarinn og munnharpan góða eru vitaskuld á sínum stað, og auk þess þriggja manna úrvalshljómsveit og snjall bakraddaflokkur. Nú færðu á einum diski lögin, sem Sverrir hefur undanfarið verið að flytja út um allt við frábærar undirtektir, svo sem **Heimsins elsta ungfrú, Manni/kona, Eplasöngur, Það var til orð, Þarf þitt þel og Hol djúpsvört nótt.** Diskur handa öllum, sem hafa gaman af **vandaðri tónlist** og unna **góðri textagerð** á móðurmálinu eina og sanna.
Handa allri fjölskyldunni og öllum vinum nær og fjær.

**Fæst í öllum helstu plötu- og bókaverslunum.**

Auglýsingasími

512 50 50

– Mest lesið


# Tóku upp evruna í stað þýska marksins

**Hvorki Svartfjallaland né önnur lönd sem nota evruna án Evrópusambandsaðildar áttu eigin mynt áður. Svartfellingar höfðu notast við þýska markið.**

**SVARTFJALLALAND** Þegar Svartfellingar hófu notkun evrunnar árið 2002 voru aðeins tvö ár liðin síðan þeir skiptu endanlega út júgóslavneska dínarnum fyrir þýska markið. Þegar Þjóðverjar hættu að nota markið og tóku upp evruna áttu Svartfellingar varla aðra kosti en að gera slíkt hið sama.

Á mánudaginn tók Olli Rehn, stækkunarstjóri Evrópusambandsins, því fagnandi þegar Milan Djukanovic, forsætisráðherra Svartfjallalands, sótti fyrir hönd þjóðar sinnar formlega um aðild að Evrópusambandinu, og gerði enga athugasemd við að Svartfellingar hefðu einhliða tekið upp evruna fyrir nærri sjö árum.

Staða Svartfjallalands þá var hins vegar engan veginn sambærileg við stöðu Íslands nú, því Svartfellingar höfðu hvorki sjálfstæða mynt né eigin seðlabanka, enda höfðu þeir í ríflega hálfa öld verið hluti af Júgóslavíu og notað júgóslavneska dínarinn eins og aðrar þjóðir í því landi.

Þetta fór að breytast á síðasta áratug tuttugustu aldar, þegar smám saman var algengara að Svartfellingar notuðu þýska markið meðfram dínarnum.

Undir lok áratugarins ákváðu Svartfellingar síðan að leggja niður dínarinn þannig að þýska markið yrði eina gjaldgenga myntin í landinu. Þetta var beinlínis gert til þess að draga úr áhrifum Serba, en rúmlega hálfum áratug síðar sögðu Svartfellingar síðan endanlega skilið við Serbíu og stofnuðu sjálfstætt ríki.

Bæði Kosovo og Andorra brugðust eins við þegar evran hóf göngu sína í ársbyrjun 2002. Kosovobúar höfðu eins og Svartfellingar notað þýska markið frekar en serbneska dínarinn, en Andorrabúar höfðu jöfnum höndum notast við franska frankann og spænska pesetann. Hvorir tveggja stóðu því uppi án myntar og áttu varla annan kost en að taka upp evruna, og höfðu ekki fyrir því að spyrja Evrópusambandið um leyfi.

Auk þessara þriggja ríkja hafa þrjú örríki einnig notað evruna án aðildar að Evrópusambandinu, en að vísu með sérstöku samþykki frá Evrópusambandinu. Þetta eru Mónakó, sem hafði notað eigin útgáfu af franska frankanum meðan hann lifði, og svo Páfagarður og San Marínó, sem bæði notuðu ítölsku líruna allt þar til hún var lögð niður.

Ekkert þessara ríkja var því þá í sambærilegri stöðu við Ísland, sem hefur sína eigin mynt og sjálfstæðan seðlabanka.

gudsteinn@frettabladid.is




### HELSTU HAGTÖLUR 2007

| | Ísland | Svartfjallaland |
|---|---|---|
| Mannfjöldi | 313.000 | 625.000 |
| Hagvöxtur | 4,9 prósent | 7,1 prósent |
| Atvinnuleysi | 2,5 prósent | 11,8 prósent |

HEIMILDIR: ALÞJÓÐAGJALDEYRISSJÓÐURINN OG SEÐLABANKI ÍSLANDS

*Myndin sýnir landsframleiðslu Íslands og Svartfjallalands hlutfallslega um síðustu áramót. Landsframleiðsla Svartfjallalands var þá um 15% af landsframleiðslu Íslands.*





## Gefur þú stærstu jólagjöfina í ár?

Allir sem eiga miða í **desember 2009** geta átt von á sérstökum **75 milljóna króna vinningi** sem dreginn verður út í seinni útdrætti þann mánuðinn. Númerið fer einu sinni í pottinn fyrir hvern greiddan mánuð, þannig að sért þú með strax frá upphafi árs, getur þú **tölfaldað möguleikana**.

**Nú fást miðar í sérstakri gjafaöskju á afmælissýningu okkar í Smáralind, hjá aðalumboði og umboðsmönnum um allt land.**

Gleddu vin og stuðlaðu um leið að uppbyggingu Háskólans. Svo getur þú auðvitað keypt einn fyrir þig í leiðinni! Nánari upplýsingar á sölustöðum, í síma 800 6611 eða á hhi.is.

75 ára
milljónir á einn miða

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA \ 083868


NÚ Á 2 STÖÐUM
RAFVÖRU MARKAÐURINN
LJÓSADAGAR
Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ
7495
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, STÁL OG GYLLT
7995
LJÓSAKRÓNA, 3JA ARMA, GYLLT
7495
HANGANDI LJÓS
2995
VEGGLJÓS, TVÖFALT
6995
LJÓSAKRÓNA, 3JA OG 5 ARMA
2495
VEGGLJÓS, STÁL OG GYLLT
1895
VEGGLJÓS
12.495
LJÓSAKRÓNA, 6 ARMA GYLLT
5995
LJÓSAKRÓNA, 3JA ARMA
7495
KRISTALSKRÓNA, 3JA ARMA
5995
LJÓSAKRÓNA, 3JA ARMA, RUST
2995
BORÐLAMPI RUST
4495
LJÓSAKRÓNA, 3JA ARMA, GRÁ
1495
VEGGLJÓS
4495
VEGGLAMPI, ANTIK
3595
KRISTALSVEGGLJÓS
14.995
LJÓSAKRÓNA, 8 ARMA, RUST
3995
VEGGLAMPI, STÁL
4495
VEGGLAMPI, RUST
11.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, RUST
11.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, RUST
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 17
Sunnud. kl. 12 - 16




# Íslendingar héldu ró sinni í skjálftanum

**Jarðskjálfti varð í Svíþjóð í gærmorgun og mældist yfir 4,6 á Richter. Hann er sá stærsti í eina öld. Skjálftinn fannst greinilega á Skáni og í Kaupmannahöfn en Íslendingar héldu ró sinni. „Rúmið lék á reiðiskjálfi,“ segir öryrki í Svíþjóð.**

**SVÍÞJÓÐ** Jarðskjálfti varð á Skáni í Suður-Svíþjóð snemma í gærmorgun. Skjálftinn mældist meira en 4,6 á Richter og er sá stærsti í Svíþjóð í rúma öld. Fólk vaknaði og hljóp út, bókahillur hristust og hlutir duttu úr hillum og skemmdir urðu á húsum. Engin alvarleg slys urðu á fólki. Skjálftinn fannst í Danmörku og suður- og vesturhluta Svíþjóðar.

Íbúar vöknuðu upp við jarðskjálftann sem varð rétt upp úr sex að staðartíma í Svíþjóð í gærmorgun. Jóhanna Matthíasdóttir er öryrki í Landskrona, ekki langt frá Malmö. „Ég vaknaði við að rúmið mitt lék á reiðiskjálfi. Ég hélt fyrst að hundurinn væri til fóta og væri að klóra sér. Ég vissi ekki hvaðan á mig stóð veðrið því að ég hef aldrei heyrt um jarðskjálfta á þessu svæði en dóttir mín sagði mér bara að fara að sofa aftur, mig hefði verið að dreyma,“ segir Jóhanna.

Hún fékk sms frá vinkonu sinni í Simrishamn. „Þar lék allt á reiðiskjálfi,“ segir hún. Fólk hafi heyrt titring í veggjunum en ekkert dottið niður. „Ég hefði búist við þessu heima á Íslandi en aldrei hér. Það koma víst stundum litlir skjálftar hér sem við verðum ekkert vör við,“ segir hún.




Anna Jóna Loftsdóttir býr í Malmö. Hún segir að sonur sinn hafi komið hlaupandi og sagt að bækurnar hafi dottið úr hillunni við rúmið og niður á gólf. Hann hafi ekkert meiðst.

Andrea Þorbjörg Sigurðardóttir fann fyrir skjálftanum í íbúð sinni í Kaupmannahöfn. „Ég vaknaði við að rúmið mitt hristist en var ekkert að pæla í því. Svo hringdi ég í foreldra mína af því að ég bý hérna ein og þau vissu ekkert og svo í kærastann minn og þá hafði hann fundið líka fyrir þessum skjálfta,“ segir Andrea Þorbjörg.

Hlutir hrundu ekki úr hillum en hún segir að titringurinn hafi verið greinilegur. „Maður verður alltaf smá hissa þegar maður finnur jarðskjálfta en ég fann Suðurlandsskjálftann þegar hann var,“ segir Andrea.

Talið er að ekki hafi orðið miklar skemmdir vegna skjálftans. Ari Tryggvason, jarðskjálftafræðingur við Háskólann í Uppsölum, segir að á hverjum degi eigi sér stað 1-2 jarðskjálftar í Svíþjóð og að fólk finni fyrir 1-2 skjálftum á ári. Síðast hafi svona stór skjálfti orðið 13. október 1904.

ghs@frettabladid.is






# JÓLATILBOÐ



**CHERY**
Leðurrúmstæði með heilsudýnu (160x200). Innifalið botn, rammi og gafl. Hægt er að velja um fjórar tegundir af heilsudýnum.
Áður 349.850 kr.
NÚ 244.895 kr.
= 104.955 kr. AFSLÁTTUR!



**VIKTORIA**
Rúmstæði með heilsudýnu (160x200). Innifalið botn, rammi og gafl. Hægt er að velja um fjórar tegundir af heilsudýnum.
Áður 339.900 kr.
NÚ 237.930 kr.
= 101.970 kr. AFSLÁTTUR!



**PRIME**
Leðurrúmstæði með heilsudýnu (160x200). Innifalið botn, rammi og gafl. Hægt er að velja um fjórar tegundir af heilsudýnum.
Áður 247.181 kr.
NÚ 173.027 kr.
= 74.154 kr. AFSLÁTTUR!

## AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum frá 1898 eða í 110 ár. King Koil framleiðir nú einu rúmin sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóðarannsóknasamtökum kíropraktora) og Good Housekeeping (stærstu neytendasamtökum Bandaríkjanna).



**ADVENTURE BXPL**
Queen size (153x203)
Verð 303.900 kr.
JÓLATILBOÐ 219.000 kr.
= 85.920 kr. AFSLÁTTUR!



**CASTAWAY**
Queen size (153x203)
Verð 220.000 kr.
JÓLATILBOÐ 159.500 kr.
= 60.500 kr. AFSLÁTTUR!



**AVERY**
Queen size (153x203)
Verð 155.000 kr.
JÓLATILBOÐ 99.500 kr.
= 55.500 kr. AFSLÁTTUR!

### CASTAWAY

- 5 svæðaskipt svefnsvæði
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Stuðningur við bak
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur

### AVERY

- 3 svæðaskipt svefnsvæði
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Stuðningur við bak
- Tvíhert sérvalið stál í gormum
- Styrktir kantar

### ADVENTURE BXPL

- 5 svæðaskipt gormakerfi
- 7 svæðaskipt svefnsvæði
- svefnsvæði er úr þrýstijöfnunarsvampi og latexi sem skorið er með leysi (laser).
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Stuðningur við bak
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur

rekkjan

HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

**FBL-GREINING:** BÓKMENNTAVERÐLAUN

# *Fjölbreytt flóra*

Tilnefningar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna voru tilkynntar fyrir viku en úrslitin verða tilkynnt í janúar.

### ■ Hvað eru Íslensku bókmenntaverðlaunin gömul?

Íslensku bókmenntaverðlaunin hafa verið veitt árlega síðan 1989. Verðlaun eru veitt í flokki fagurbókmennta og fræðibóka, fimm bækur í hvorum flokki.

### ■ Hvað um önnur bókmenntaverðlaun?

Hagþenkir, félag höfunda fræðirita og kennslugagna, veitir árlega viðurkenningu. Bókmenntaverðlaun starfsfólks bókaverslana eru veitt í desember á hverju ári af Félagi starfsfólks bókaverslana. Félagsmenn tilnefna þrjár bækur sem þykja skara fram úr í sjö flokkum.

Þá veitir Reykjavíkurborg ár hvert Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir óprentað handrit að ljóðabók. Ljóðstafur Jóns úr Vör eru árleg ljóðlistarverðlaun sem hófu göngu sína árið 2001. Íslensku þýðingarverðlaunin hafa verið afhent á degi bókarinnar, 23. apríl, frá 2005. Verðlaunin eru veitt af Bandalagi þýðenda og túlka með stuðningi Rithöfundasambands Íslands og Félags íslenskra bókaútgefenda.



### ■ En barnabókaverðlaun?

Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur voru stofnuð fyrir rúmu ári af Velferðarsjóði barna en þeim er ætlað að veita viðurkenningu árlega til höfundar sem þykir hafa skarað fram úr. Þá má nefna Íslensku barnabókaverðlaunin. Ármann Kr. Einarsson rithöfundur og fjölskylda hans stofnuðu verðlaunasjóð íslenskra barnabóka árið 1985 í samvinnu við bókaútgáfuna Vöku – Helgafell. Íslensku barnabókaverðlaunin eru veitt árlega fyrir nýja og áður óbirta skáldsögu fyrir börn og unglinga. Á sumardaginn fyrsta velja líka almenningsbókasöfn landsins Bókaverðlaun barnanna.









**FRÉTTASKÝRING:** Styrkir til þingmanna í prófkjöri

# Flestir neita að svara

**Stjórnarliðar sem og stjórnarandstæðingar hafa undanfarin misseri rætt um nauðsyn þess að opin umræða eigi sér stað í þjóðfélaginu þar sem allt sé uppi á borðum. En hversu tilbúnir eru þeir að leysa frá skjóðunni þegar spurt er um fjármálatengsl þeirra? Fréttablaðið spurði alla þingmennina um þau tengsl og var dræmlega svarað.**



**FRÁ ALÞINGI** Alls 38 þingmenn neituðu að svara því hverjir studdu þá í prófkjöri.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefur sagt að afnema beri bankaleynd til þess að rannsaka bankahrunið. Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður Samfylkingar og formaður viðskiptanefndar, hefur einnig látið hafa eftir sér að það væri æskilegt. Geir H. Haarde forsætisráðherra hefur einnig sagt að mikilvægt væri að umræðan í þjóðfélaginu væri opin, öll spil lögð á borð svo að grafa megi undan tortryggni sem mikið hefur borið á að undanförnu.

Þegar kemur að því að upplýsa um tengsl stjórnmálamanna við fyrirtæki, félög og einstaklinga virðast þeir hins vegar hafa minni áhuga á upplýsingaflæðinu. Aðeins 25 af 63 þingmönnum svöruðu Fréttablaðinu um það hverjir studdu þá í prófkjörsbaráttunni fyrir síðustu kosningar. Allir þingmenn Vinstri grænna svöruðu en aðeins tveir af 25 þingmönnum Sjálfstæðisflokks.



FRÉTTASKÝRING
JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON
jse@frettabladid.is

## FRAMSÓKNARFLOKKUR
### *5 SVARA, 2 SVARA EKKI*

**Svara:**

**Birkir J. Jónsson**
**Kostnaður:** „Óverulegur“ **Styrktaraðilar:** Enginn
„Ég gaf út einn bækling til kynningar á sjálfum mér. Ég kostaði framboðið alfarið sjálfur, ekkert fyrirtæki studdi mig fjárhagslega. Engin var kosningaskrifstofan. Hins vegar unnu stuðningsmenn mínir mikið starf hvarvetna í kjördæminu til að afla framboði mínu stuðnings. Enginn þáði fjármuni fyrir það.“

**Helga Sigrún Harðardóttir**
**Kostnaður:** 0 **Styrktaraðilar:** Enginn

**Magnús Stefánsson** „Kostnaður sem féll til vegna prófkjörs hjá mér var greiddur úr eigin vasa.“

**Siv Friðleifsdóttir** Ekkert prófkjör

**Valgerður Sverrisdóttir** „Fyrir síðustu kosningar var ég ein í framboði til fyrsta sætis á lista Framsóknarflokksins í NA-kjördæmi. Það var því engin kosningabarátta háð um fyrsta sætið. Engu síður var ég með opna kosningaskrifstofu á Akureyri síðustu vikuna fyrir kjördæmisþingið þar sem nokkur hundruð manna röðuðu á listann. Kostnaðinn vegna þessa greiddi ég úr eigin vasa.“

**Svara ekki:**

Eygló Harðardóttir
Höskuldur Þórhallsson

## SAMFYLKING
### *7 SVARA, 11 SVARA EKKI*

**Svara:**

**Árni Páll Árnason**
**Kostnaður:** 3.351.274 **Styrktaraðilar:** „Þegar prófkjörið fór fram voru í gildi viðmiðunarreglur Samfylkingarinnar um að upplýsa skyldi um nafn og kennitölu ef framlög lögaðila væru umfram 500.000 kr. Flest fjárframlög til minnar baráttu voru nokkur þúsund krónur og öll voru þau innan þeirra viðmiðunarmarka sem Samfylkingin setti á þeim tíma um upplýsingaskyldu. Ég fór eftir þessum reglum við öflun fjár til framboðsins og get því ekki orðið við beiðni Fréttablaðsins um nöfn þessara aðila og rofið þannig trúnað við þá nú.“

**Björgvin G. Sigurðsson** „Fjöldi aðila studdi prófkjörsbaráttu mína með ýmsum hætti. Flestir með vinnuframlagi og margs konar aðstoð. Prófkjörsbaráttuna borgaði ég að stærstum hluta sjálfur með mínu eigin fé og framlögum stuðningsmanna minna.“

**Einar Már Sigurðarson** „Þáði hvorki styrki né önnur framlög í prófkjörsbaráttu fyrir síðustu kosningar.“

**Ellert B. Schram**
**Kostnaður:** 0 **Styrktaraðilar:** Enginn

**Gunnar Svavarsson**
**Kostnaður:** Svarar ekki. **Styrktaraðilar:** Enginn
„Enginn styrkur, beinn eða óbeinn, var þeginn – frambjóðandinn sá um að greiða allan kostnað.“

**Helgi Hjörvar**
**Kostnaður:** 5.000.000 **Styrktaraðilar:** „Einstaklingar og fyrirtæki studdu framboðið með styrkjum en um einstaka styrkveitingar var á þeim tíma trúnaður. Um styrktaraðila má þó almennt segja að sá hluti þeirra sem eru hagsmunaaðilar voru einkum bankar, fjármálafyrirtæki, eignarhaldsfélög og fjárfestar í slíkum fyrirtækjum.“

**Þórunn Sveinbjarnardóttir**
**Kostnaður:** 1.500.000 **Styrktaraðilar:** Gefur þá ekki upp.
„Þegar prófkjörið fór fram voru í gildi viðmiðunarreglur Samfylkingarinnar um að upplýsa skyldi um nafn og kennitölu ef framlög lögaðila væru umfram 500.000 kr. Öll framlög til baráttu minnar voru undir þessum mörkum og því innan þeirra viðmiðunarmarka sem Samfylkingin setti á þeim tíma um upplýsingaskyldu. Ég fór eftir þessum reglum við öflun fjár til framboðsins og get því ekki orðið við beiðni Fréttablaðsins um nöfn þessara aðila og rofið þannig trúnað við þá.“

**Svara ekki:**

Ágúst Ólafur Ágústsson
Ásta R. Jóhannesdóttir
Guðbjartur Hannesson
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir
Jóhanna Sigurðardóttir
Karl V. Matthíasson
Katrín Júlíusdóttir
Kristján L. Möller
Lúðvík Bergvinsson
Steinunn Valdís Óskarsdóttir
Össur Skarphéðinsson

## FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN
### *2 SVARA, 2 SVARA EKKI*

**Svara:**

**Jón Magnússon**
**Kostnaður:** Enginn **Styrktaraðilar:** „Þannig að persónulega tók ég ekki við neinum peningum eða hafði aðra milligöngu en þá að benda á framkvæmdastjóra.“

**Kristinn H. Gunnarsson Kostnaður:** 0 **Styrktaraðilar:** Enginn

**Svara ekki:**

Grétar Mar Jónsson
Guðjón A. Kristjánsson

## SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR
### *2 SVARA, 23 SVARA EKKI*

**Svara:**

**Kjartan Ólafsson** „Prófkjör mitt var frekar hófstillt að umfangi. Sá kostnaður sem til féll var að langmestu leyti greiddur úr eigin vasa sem mér sýnist vera tæplega 90 prósent. Annar stuðningur kom frá fjölskyldu og vinum.“

**Sturla Böðvarsson** „Vegna fyrirspurnar þinnar skal upplýst að ég hafði engan kostnað af prófkjöri fyrir síðustu kosningar og naut þess vegna engra styrkja.“

**Svara ekki:**

Arnbjörg Sveinsdóttir
Ármann Kr. Ólafsson
Árni Johnsen
Árni M. Mathiesen
Ásta Möller
Birgir Ármannsson
Bjarni Benediktsson
Björk Guðjónsdóttir
Björn Bjarnason
Einar K. Guðfinnsson
Geir H. Haarde
Guðfinna S. Bjarnadóttir
Guðlaugur Þór Þórðarson
Herdís Þórðardóttir
Illugi Gunnarsson
Jón Gunnarsson
Kristján Þór Júlíusson
Ólöf Nordal
Pétur H. Blöndal
Ragnheiður Ríkharðsdóttir
Rósa Guðbjartsdóttir
Sigurður Kári Kristjánsson
Þorgerður K. Gunnarsdóttir

## VINSTRI GRÆNIR
### *ALLIR 9 SVARA*

**Svara:**

**Atli Gíslason**
**Kostnaður:** 0 **Styrktaraðilar:** Enginn

**Álfheiður Ingadóttir**
**Kostnaður:** „Ekki mikill.“
„Útgjöld mín takmörkuðust því við hóflegar úthringingar frá heimili mínu, ef frá er talinn ca 2.000 kr. efniskostnaður við hráköku sem ég lagði til á kökubasar Vinstri grænna.“

**Árni Þór Sigurðsson**
**Kostnaður:** 30-40.000 **Styrktaraðilar:** Enginn

**Jón Bjarnason**„Það var uppstilling á vegum uppstillingarnefndar sem lagði tillögur fyrir kjördæmisráðsfund og því ekki um prófkjör að ræða.“

**Katrín Jakobsdóttir**
**Kostnaður:** 60.000 **Styrktaraðilar:** Enginn

**Kolbrún Halldórsdóttir**
**Kostnaður:** 0 **Styrktaraðilar:** Enginn

**Steingrímur J. Sigfússon**
**Kostnaður:** 0 **Styrktaraðilar:** Enginn

**Þuríður Backman**
**Kostnaður:** - **Styrktaraðilar:** Enginn

**Ögmundur Jónasson** „Enginn studdi prófkjörsbaráttu mína fjárhagslega enda kostaði hún mig ekkert.“

Öndvegi

## Leonardo borðstofuhúsgögnin frá Klose
## Glæsileg húsgögn í kirsuberjavið



**Við ætlum að koma til móts við viðskiptavini okkar og veita 25% afslátt af öllum vörum til jóla! - Verið velkomin.**

**25%**

| | | |
|---|---|---|
| Glerskápur 181x208x50 sm. verð kr. 529.800,- | afsláttur kr. 132.450,- | **nú kr. 397.350,-** |
| Skenkur 178x97x48 sm. verð kr. 298.800,- | afsláttur kr. 74.700,- | **nú kr. 224.100,-** |
| Borð 95x181 +2x 45 sm. verð kr. 169.800,- | afsláttur kr. 42.450,- | **nú kr. 127.350,-** |
| Stóll armlaus verð kr. 48.800,- | afsláttur kr. 12.200,- | **nú kr. 36.600,-** |
| Stóll m. örmum verð kr. 64.800,- | afsláttur kr. 16.200,- | **nú kr. 48.600,-** |
| Spegill 231x97x48 sm. verð kr. 98.800,- | afsláttur kr. 24.700,- | **nú kr. 74.100,-** |

**Erum með mikið úrval borðstofuhúsgagna í ýmsum viðartegundum og í mismunandi útfærslum.**

**Erum með fleiri stærðir af glerskápum, skenkum og borðstofuborðum.**
**Einnig sófaborð, hliðarborð og skrifborð frá Klose.**

**Full búð af glæsilegum húsgögnum og gjafavöru!**

**Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16, sunnudag 13-16.**
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

HEIMA HÚSIÐ

mood heima Öndvegi BÚUM BETUR




**Fylgir öllum rúmum !**

Bókin „Þú getur" eftir metsöluhöfundinn Jóhann Inga ásamt fleirum fylgir öllum rúmum frá Betra Baki fram að jólum.

# Okkar frábæru jólatilboð

Gravity Zero: Stillanlegt heilsurúm
Stærð: 2x90x200
Jólatilboð: Kr. 669.920,-
~~Verð áður kr. 837.400,-~~



Chiro Royal: Heilsurúm
Stærð: 160x200
Jólatilboð: Kr. 171.920,-
~~Verð áður kr. 214.900,-~~



Senseo: Svefnsófi m. 140 heilsudýnu
Áklæði: Mikið úrval
Jólatilboð: Kr. 221.176,-



Porto: Lyftistóll
Áklæði: Microfiber
Jólatilboð: Kr. 149.900,-



www.betrabak.is




TempraKon hitajöfnunarsæng
100% hreinn Síberíu-gæsadúnn
Jólatilboð: Kr. 31.920,-



Tempur heilsuinniskór
Ein vinsælasta jólagjöfin okkar
Jólatilboð: Kr. 7.700,-
~~Verð áður kr. 9.926,-~~



Tempur heilsukoddar
Margar gerðir og stærðir
Jólatilboð: 20% afsláttur



Hágæða sængurverasett
Maco-satín - eitt það allra mýksta
Jólatilboð: 20% afsláttur



Betra BAK

**Reykjavík**
**Faxafeni 5**
**Sími 588 8477**

**Ísafirði**
**Skeiði 1**
**Sími 456 4566**

**www.betrabak.is**
**Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16**

## „ORÐRÉTT“

### Friður sé með yður

**„Listunnendur eru oftast vinstrisinnað og friðelskandi fólk sem lætur okkur alveg í friði, sérstaklega í Danmörku.“**

TÓNLISTARMAÐURINN MUGISON HEFUR EKKI ORÐIÐ FYRIR AÐKASTI Á ICESAVE-EVRÓPUTÚRNUM.
**Fréttablaðið, 16. desember.**

### Esperantó, einhver?

**„Það er hugsanlegt að enskukunnátta mín sé svona slök en ég skildi ekki samtalið á þann veg …“**

ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON IÐNAÐARRÁÐHERRA UM SAMTAL SITT VIÐ FORSTJÓRA RIO TINTO ALCAN VARÐANDI STÆKKUN ÁLVERSINS Í STRAUMSVÍK.
**Alþingi, 15. desember.**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ÖRN GUNNARSSON DÚKLAGNINGAMAÐUR:

## Vinn í Noregi en bý á Íslandi

„Af mér er það helst að frétta að ég bý á Íslandi og vinn í Noregi og ætla að halda því áfram,“ segir Örn Gunnarsson, dúklagningamaður í Hafnarfirði, sem er nýkominn heim í jólafrí. „Ég er búinn að vinna úti í tvo mánuði og hef komið tvisvar heim í millitíðinni. Ég bjó þarna fyrir átta árum og er nú að vinna fyrir fyrirtæki sem ég vann fyrir áður. Fyrirtæki í þeim rekstri leigja mig inn og ég sendi svo bara reikning því að ég er með rekstur í þessu fagi á Íslandi og vil og fæ að hafa þetta svona,“ segir hann.

Örn segist hafa hringt til Noregs um leið og fór að herða á og farið út í sömu vikunni. Fyrirtækin sem hann vinnur fyrir eru með höfuðstöðvar í Ósló en hann sinnir verkefnum úti um allan Noreg. „Ég ferðast þvert og endilangt um allan Noreg. Ég var núna síðast úti í fjórar vikur og við getum sagt að ég hafi verið úti á landi í eina viku og hinar vikurnar í Ósló,“ segir Örn og líkir þessu við sjómannslíf.

„Þetta reynist mjög vel. Þetta er eins og að vera á sjónum og svo kemur maður í land nema bara að ég geng þurrum fótum þar sem ég er.“



Örn er fjölskyldumaður og telur einfaldara fyrir sig að sækja vinnu í Noregi og koma svo heim í frí. Hann býst við að aðrir iðnaðarmenn hugsi á svipuðum nótum. „Menn hafa mikið verið að þreifa fyrir sér. Mér finnst betra að sækja vinnu þarna úti en að flytjast búferlum. Það er miklu snúnara og flóknara ferli auk þess sem maður borgar skatta hérna heima. Ég hef fjölskyldu að sjá fyrir og svo verður maður að draga eitthvað inn í samneysluna hérna heima. Maður kemur með gjaldeyri inn í landið.“

## MARENGS:
### LÉTTUR OG DÍSÆTUR



■ Marengs er franskur eftirréttur, eða kökur sem gerðar eru úr þeyttum eggjahvítum og sykri. Passa þarf að stífþeyta eggjahvíturnar og bæta sykri við rólega þegar þær eru orðnar nokkuð þeyttar. Þá stífþeytast eggjahvítur ekki ef fita er í þeytiskálinni eða eggjarauða. Þar sem mikill raki er í lofti er oft sett cream of tartar í blönduna til að hún haldist stíf.

Því er haldið fram að það hafi verið Ítalskur kokkur, Gasparini, sem hafi gert fyrsta marengsinn í svissneska þorpinu Meiringen en uppskriftin birtist fyrst í matreiðslubók François Massialot sem gefin var út árið 1692.

Jötu Jesúbarnsins, Jósef, María og vitringunum hefur verið stillt upp í Lystihúsinu:

# Jólastemning í Grasagarðinum



**JESÚS Í JÖTUNNI** Grasagarðurinn er orðinn hinn jólalegasti og þar má meðal annars sjá Jesúm í jötunni, umkringdan þeim Maríu, Jósef og vitringunum.

Grasagarðurinn í Laugardal er vinsæll viðkomustaður á aðventunni. Þangað hópast leikskólabörn og önnur jólabörn til að drekka í sig anda jólanna.

Starfsmenn Grasagarðsins vita hversu mikilvægu hlutverki garðurinn gegnir og undirbúa nú komu jólagestanna með fegurstu skreytingum.

Lögð er áhersla á fallegt umhverfi með rólegu yfirbragði, eins og segir í tilkynningu frá Reykjavíkurborg. Starfsmennirnir gera gömlu handverki sérstaklega hátt undir höfði auk þess að leggja áherslu á að nota skreytingarefni úr garðinum. Inni í Lystihúsinu hafa þeir komið fyrir jötu með Jesúbarninu, Jósef, Maríu og vitringunum í Lystihúsinu. Fyrir utan það stendur svo skreytt jólatré, sem dansa má í kringum komi andinn yfir gesti.

**- hhs**



**VÍDÓ-MÆÐGIN** Kjartan og Emma eru stolt af nafninu Vídó sem er orðið fast á öllum niðjum Sigurgeirs heitins Ólafssonar. Þó er þar einn sem ekki ber Vídó-nafnið en hann gengur undir nafninu Hestur sem er örugglega ekkert undarlegra en mörg gælunöfn sem viðgangast í Eyjum. MYND/ÓSKAR FRIÐRIKSSON

# Vídófjölskyldan í Eyjum

**Mikil hefð er fyrir gælunöfnum í Vestmannaeyjum og getur sú hefð leikið fórnarlömbin grátt. Aðrir eru svo ánægðir með gælunafn sitt að það verður að ættarnafni eins og gerðist með Vídó-nafnið sem um 50 ættmenni bera frá því að Sigurgeir litli varði víti fyrir um 70 árum.**

Á öndverðri síðustu öld stóð Sigurgeir heitinn Ólafsson, ungur drengur frá Víðivöllum í Vestmannaeyjum, milli markstanganna hjá drengjaliði Íþróttafélagsins Þórs. Í einum kappleiknum gerði hann sér lítið fyrir og varði vítaspyrnu. Þar sem hann var einnig frá Víðivöllum fannst mönnum upplagt að kalla hann Sigurgeir Vídó.

Undir því nafni gekk hann alla ævi en Sigurgeir lést fyrir átta árum, þá 75 ára að aldri. Ekki nóg með það heldur festist þetta nafn á eiginkonunni, Erlu Vídó, börnunum og öllum niðjum. „Ég held að allir beri þetta nafn í fjölskyldunni nema einn, það er Eiríkur Heiðar Sigurgeirsson en hann er aldrei kallaður annað en Hestur,“ segir Kjartan Ólafsson, dóttursonur Sigurgeirs. Vissulega gengur hann undir nafninu Kjartan Vídó.

Emma Sigurgeirsdóttir, eða Emma Vídó og dóttir Sigurgeirs og Erlu Vídó, telur að um 50 manns beri Vídó-nafnið eftir markvörsluna frægu hér um árið. „Við berum þetta nafn með stolti og höfum sótt um að fá það viðurkennt hjá mannanafnefnd en því var hafnað,“ segir hún. Kjartan segir ástæðuna þá að það beygist ekki samkvæmt íslenskum málhefðum. Vídó-ættin ætlar þó ekki að gefast upp enda er þetta orðið að ættarnafni,“ segir Emma.



**SIGURGEIR ÓLAFSSON (1925-2000)**

Kjartan er í stuttu stoppi hér á landi en hann er búsettur í Austurríki þar sem hann vinnur hjá tölvumiðlunarfyrirtækinu Smartmedia. „Þar kemur Vídó-nafnið sér vel enda mun þjálla fyrir Austurríkismenn en Kjartan enda er ég bara kallaður Vídó þar í landi.“

Það er ekki nóg með að hefð sé fyrir nafninu í þessari ætt því Kjartan segir að flestir í henni hafi verið settir í markið hvort sem var í handbolta eða fótbolta. Enginn hefur þó enn varið vítaspyrnu sem var jafn afdrifarík og sú sem Sigurgeir heitinn varði á sínum tíma.

jse@frettabladid.is



# Fyrir veiðimanninn í fjölskyldunni þinni



**Veiðiflugur Íslands**
Sannkölluð biblía fluguveiðimanna og hnýtara
**Verð aðeins 3.995**



**Danvise**
Langvinsælasti fluguhnýtingavæsinn á markaðnum árum saman.
**Fullt verð 11.995 – Jólatilboð aðeins 8.995**



**Sage Launch fluguveiðisett**
Góð fluguveiðistöng í fjórum hlutum ásamt hjóli og línu. Hólkur fylgir
**Verð aðeins 39.900**



**Mad derhúfa með ljósi**
Frábærar derhúfur með innbyggðu ljósi í skyggninu. Þægilegt í myrkrinu
**Verð aðeins 3.995**



**Scientific Anglers fluguveiðisett**
Góð fluguveiðisett frá þessum virta framleiðanda. Henta byrjendum sem lengra komnum.
**Verð aðeins 19.995**



**Gerviandasett**
12 stokkendur. Blýsökkur og bönd fylgja. Góður poki undir allt settið fylgir með.
**Fullt verð 12.995 – Jólatilboð aðeins 9.995**



**Scierra tvíhendusett**
Trúlega mest keypta tvíhendusettið á markaðnum. Vönduð stöng, hjól, skotlína og kastkennsla á DVD á frábæru verði.
**Fullt verð 54.900 – Jólatilboð aðeins 45.995**



**Buffalo River verðmætahólf**
Lítill öryggisskápur fyrir skotfæri eða verðmætin á heimilinu
**Fullt verð 12.995 – Jólatilboð aðeins 9.995**



**Scierra fleece samfestingur.**
Hlýr og góður samfestingur undir veiðigallann, skíðagallann og í alla útivist.
**Verð aðeins 12.995**



**Simms Freestone dömu vöðlupakki**
Simms Freestone öndunarvöðlur með kvensniði ásamt sterkum Simms skóm.
**Fullt verð 44.800 – Jólatilboð aðeins 34.900**



**Simms L2 Gore tex vöðlupakki**
Vandaðar Simms Gore-tex vöðlur ásamt Simms skóm.
**Fullt verð 56.800 – Jólatilboð aðeins 45.800**



**DAM öndunarvöðlur með stígvélum**
Þriggja laga öndunarvöðlur með áföstum stígvélum
**Verð aðeins 29.995**



**Ron Thompson vöðlupakki**
Vandaðar neoprenvöðlur ásamt vatnsheldum veiðijakka með útöndun.
**Fullt verð 27.990 – Jólatilboð aðeins 21.995**



**Gæsa- og andaflautur**
Úrval af flautum fyrir skotveiðimanninn í fjölskyldunni.
Verð aðeins frá 2.995



**Outers hreinsisett**
Úrval hreinsisetta fyrir haglabyssur og riffla. Skotveiðimenn aðstoða þig við valið.
**Verð aðeins frá 3.995**



**Gunslick hreinsistöð**
Þarfaþing fyrir skotveiðimanninn til smáviðhalds og hreinsunar skotvopna
**Verð aðeins 16.995**




**Ameristep rúllubagginn**
Vinsælasta felubirgið í gæsaveiðina. Rúmar vel 2 veiðimenn.
**Verð aðeins 19.995**



**Cass Creek kalltæki**
Vinsæl kalltæki og æfingatæki fyrir skotveiðimenn. Gæsa- og andahljóð
**Verð aðeins 3.995**



**Nikko Stirling tvífótur**
Traustur, stillanlegur tvífótur fyrir riffla. Frábært jólatilboðsverð
**Fullt verð 16.995 – Jólatilboð aðeins 11.895**



**Norconia sjónaukar**
Gott úrval vandaðra sjónauka frá þessum virta framleiðanda
**Verð aðeins frá 16.995**



**Champion leirdúfukastarar**
Kröftugir kastarar fyrir 2 dúfur.
**Verð aðeins 7.995.**
**Einnig ódýrir handkastarar á 3.995**

## Munið vinsælu gjafabréfin okkar

Veiðimaðurinn 1940 | SPORTBÚÐIN | VEIÐIHORNIÐ

**Veiðibúðin á netinu**
**veidimadurinn.is**

**Krókhálsi 5 - Sími 517 8050**
**sportbudin.is**

**Síðumúla 8 - Sími 568 8410**
**veidihornid.is**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Tilveran er meira en fiskur.

# Stærra andlegt umhverfi

JÓN KALDAL SKRIFAR

Víglínan í baráttunni um afstöðu þjóðarinnar liggur nú fyrir bein og öllum sýnileg. Öðrum megin er Evrópusambandið og evran. Hinum megin óbreytt ástand og króna.

Hugmyndir um þriðja valkostinn: Einhliða upptaka evru, er örugglega ekki annað en millileikur á leiðinni inn í Evrópusambandið. Nokkurs konar neyðarleið út úr þeirri skelfilegu sjálfheldu sem við erum komin í vegna krónunnar, sem er ekki pappírsins virði þegar komið er út fyrir tvö hundruð mílurnar.

Svartfellingar tóku evruna upp einhliða í kringum síðustu aldamót. Þeir hafa nú sótt um aðild að Evrópusambandinu við góðan hljómgrunn. Málsmetandi menn hafa með réttu bent á að leið Svartfjallalands geti verið fordæmi fyrir Ísland. Það er margt til í því. Hitt verður líka að hafa í huga að aðstæður Svartfellinga voru gjörólíkar okkar.

Í fyrsta lagi er efnahagslíf Íslands mun þróaðra og umfangsmeira en Svartfellinga. Um síðustu áramót var til dæmis landsframleiðsla Svartfjallalands vel innan við fimmtungur af landsframleiðslu Íslands, og eru þó Svartfellingar tvöfalt fjölmennari en Íslendingar.

Í öðru lagi áttu Svartfellingar aldrei sína eigin mynt. Svartfjallaland var hluti af gömlu Júgóslavíu og sambandsríki Serbíu undir það síðasta. Það var mikilvægur áfangi á leið Svartfellinga til sjálfstæðis að losna við serbneska dínarinn og komast í alþjóðlegt myntumhverfi.

Hér á landi eru hins vegar til menn sem telja það ógnun við sjálfstæði Íslands að leggja af krónuna. Raunveruleikinn er þó sá að krónan er fyrst og fremst ógnun við sjálfstæði einstaklinga og heimili þessa lands. Þetta er vegna þess að krónan er ekki brúkleg án verðtryggingarinnar. Hér eru í raun tvær myntir: óverðtryggð króna, sem við fáum greidd í laun, og verðtryggð króna, sem hvílir á fasteignum okkar og varðveitir að auki lífeyri og sparnað.

Það er verðtryggða krónan sem hefur nú hneppt þjóðina í átthagafjötra og mun svipta þá einstaklinga fjárhagslegu sjálfstæði sínu sem horfa á fasteignir sínar gleyptar af verðbólgunni.

Þetta er meðal þess helsta sem við þurfum að hafa í huga þegar áróðursstríð andstæðinga og stuðningsmanna Evrópusambandsaðildar hefst fyrir alvöru. Við þurfum líka að hafa í huga að þótt hagsmunir sjávarútvegsins séu mikilvægir, þá skiptir sálarheill þjóðarinnar ekki minna máli.

Það er sjálfsagt návígið sem orsakar það, en við virðumst ekki geta hagað samfélagi okkar öðruvísi en allt falli í far flokkadrátta, metings og klíkuskapar.

Vissulega fengum við frið um stund frá þessu hugarfari; að sumir versluðu aðeins við Skeljung, Verslunarbankann og Eimskip en aðrir við Esso, Samvinnubankann og Samskip. En þetta er komið aftur: Baugur, Bjöggar, Bónus, Byko, marka nýju línurnar. Það þarf að þynna út þennan óholla þankagang. Við þurfum útibú frá Aldi, Tesco, Bauhaus og öðrum stórum evrópskum verslunarkeðjum og bönkum líka.

Íslendingar verða fyrir alla muni að komast í stærra andlegt umhverfi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ritstjórinn með hattinn

Nýjustu fréttir af DV eru ekki skrautfjöður í hatt Reynis Traustasonar. Reynir varð uppvís að því að draga kanínur úr hatti sínum gagnvart Jóni Bjarka Magnússyni, fyrrverandi blaðamanni á DV. Reynir hengdi hatt sinn á að honum yrði frekar trúað en blaðamanninum unga. Reynir þurfti hins vegar að éta hattinn sinn því blaðamaðurinn átti upptökur sem sönnuðu mál hans. Fyrir þetta hefur Reynir fengið skammir í hattinn, ekki síst frá stéttarbræðrum hans sem óttast að verða settir undir sama hatt. Reynir þykist hins vegar góður fyrir sinn hatt og ætlar ekki að taka hatt sinn og staf. Fáir taka hattinn ofan fyrir því.



### Öryggisventlarnir

Að öllu gamni slepptu felst mikilvæg áminning í þessu leiða máli sem rétt er að gefa gaum. Ef yfirmenn á fjölmiðlum bregðast skyldu sinni er það undir óbreyttum blaðamönnum komið að benda á það. Það gerði Jón Bjarki Magnússon í þetta sinn. Þetta er dæmi um það að það er hægara sagt en gert fyrir fjölmiðla að stunda undirróður eða þjónkun við tiltekna menn eða öfl. Til þess eru öryggisventlarnir á gólfi ritstjórna of margir.



### Að vita og ekki vita

Fréttamaður á Stöð 2 þjarmaði að Björgvini G. Sigurðssyni viðskiptaráðherra í kvöldfréttum í gær. Fréttamaðurinn spurði Björgvin hvort hann hefði íhugað að segja af sér þar sem hann hefði ekki vitað af mörgum mikilvægum málum. „Hvaða mál eru það?“ spurði Björgvin. Ekki stóð á svörum hjá fréttamanni sem rakti nokkur mál þar sem Björgvin hafði komið af fjöllum. Björgvin svaraði á þá leið að það mætti spyrja um þúsundir annarra mála sem hann vissi allt um. Spurning hvort sakamenn reyni ekki að beita þessu mælskubragði fyrir dómi: „Það má vera að ég hafi brotið nokkur lög en það eru til þúsund önnur sem ég hef ekki brotið.“

bergsteinn@frettabladid.is

# Atvinnubætur



EINAR MÁR JÓNSSON

**Í DAG** | Bótavinna fyrir stjórnmálamenn

Þegar rætt er um nytsemi Evrópusambandsins vill það oft gleymast, að ofan á allt annað er það eitt hið voldugasta tæki í baráttunni gegn atvinnuleysi, og hefur gegnum tíðina stuðlað mjög að úrbótum í þeim efnum. Ástandið gæti oft og tíðum verið ískyggilegt ef þess nyti ekki við. Þegar ég segi þetta á ég að sjálfsögðu við það atvinnuleysi sem skiptir máli og er alvarlegt í raun og veru, en það er atvinnuleysi stjórnmálamanna.

Reynslan hefur sýnt, að þegar stjórnmálamaður er kominn í þá stöðu að hvergi er neitt rúm fyrir hann lengur í pólitíkinni, aðrir hafa brýna þörf fyrir plássið, og kannske eru kjósendur hættir að skilja hæfileika hans, en hann á samt einhverja stuðningsmenn sem gætu verið með uppsteit, er jafnan hægt að finna gott jobb handa honum í Brussel, eða þá Strassborg. Og þar er hann jafnan til friðs, fyrir aðra stjórnmálamenn meina ég.

Þannig var t.d. hægt að koma í veg fyrir að Michel Rocard lenti í nokkru klandri eða gerði óskunda. Þegar hann var kominn í minnihluta í franska sósíalistaflokknum, eftir ítrekaðar tilraunir til að komast þar til valda, varð hann þingmaður í forgylltum sölum Evrópuþingsins í Strassborg og hefur verið það síðan. Reyndar gerist það mjög sjaldan að fjölmiðlar segi frá því sem þar fer fram, en Rocard minnir öðru hverju á sig með blaðagreinum, sem vera má að einhverjir lesi, og hann situr í nefndum fyrir Sarkozy, sem þarf á sósíalistum að halda í slík störf, þótt ítök Rocards í flokknum séu í nánd við núllpunktinn. En með þessu móti eru allir vel settir. Edith Cresson er þó sennilega enn betra dæmi. Þegar hún var búin að koma sér svo mjög út úr húsi hjá frönskum almenningi, aðeins fáum mánuðum eftir að Mitterand gerði hana að forsætisráðherra, að það varð að fjarlægja hana áður en eitthvað enn verra hlytist af, var hún umsvifalaust gerð að kommissar í Brussel. Og mörg fleiri slík dæmi mætti nefna.

Einn mikill kostur við þetta er sá, að í Brussel eru starfsskilyrði með allra besta móti. Þar eru engir leiðinlegir og smámunasamir kjósendur sem vilja vera með nefið ofan í öllu og þekkja út og inn um hitt og þetta, og fjölmiðlamenn spyrja aldrei neinna óþægilegra spurninga, ef þeir sjást. Það er ekki annað að gera en sitja í ró og næði á skrifstofum með þykkum teppum og gefa út tilskipanir sem allir verða að sitja og standa eftir.

Þetta hefur ýmsum verið kunnugt um stund, enda frá slíkum málum sagt í fjölmiðlum. En samkvæmt grein sem birtist fyrir nokkru í franska dagblaðinu „Le Monde” eru þessar atvinnubætur enn víðtækari en nokkurn hafði grunað. Vegna þeirrar miklu reynslu og þekkingar sem háttsettir starfsmenn Evrópusambandsins afla sér og ekki síst vegna þeirra fjölmörgu sambanda sem þeir öðlast innan stofnana þess – það heitir á frönsku fjölmiðlamáli að þeir hafi þykkar og þéttskrifaðar adressubækur – eru þeir afskaplega eftirsóttir og því fá þeir gjarnan gjarnan girnileg atvinnutilboð, ekki síst hjá fyrirtækjum, samsteypum og grúppum sem eiga einhver bein skipti við Evrópusambandið. Og ef þeir taka slíkum tilboðum er um leið komin staða fyrir einhvern annan sem þarf af einhverjum ástæðum að draga sig í hlé úr amstri síns heimalands.

Um þetta nefnir franska dagblaðið allmörg dæmi. Það var t. d. Martin Bangemann, Evrópukommissar í fjarskiptum alls konar, sem réð sig skyndilega til spænska fyrirtækisins „Telefonica“, eins hins mikilvægasta á sínu sviði; það var Mario Monti, Evrópukommissar varðandi samkeppni, sem gerðist ráðgjafi bandaríska bankans Goldman Sachs; og það var maltneskur diplómat hjá Evrópusambandinu, John Vassallo, sem fór fyrst yfir til General Electric en tók svo að sér að vinna fyrir Microsoft, en Microsoft hefur lengi átt í deilum og málaferlum við Evrópusambandið, sem kunnugt er. Þannig heldur blaðið áfram.

En þetta mikla framlag í þágu atvinnu hefur almenningur í Evrópu átt erfitt með að skilja og meta. Þess í stað einblínir hann á þær tilskipanir sem berast út úr skrifstofunum með þykku teppunum. Og áður en kreppan hófst í Bandaríkjunum og dró að sér alla athygli, festu Fransmenn gjarnan hugann við það, að áformin um að einkavæða póstþjónustu í landinu, sem mikill hluti manna var andvígur og taldi í meira lagi skaðleg, voru gerð samkvæmt tilskipun frá Brussel, og því var ekki hægt að hverfa frá þeim. Það var af slíkum ástæðum sem kjósendur í Frakklandi tóku upp á þeirri fávisku að segja „nei“ í þjóðaratkvæðagreiðslunni um stjórnarskrá Evrópu. En stjórnmálamenn, sem sáu lengra, höfðu vit fyrir þjóðinni á skyndifundi í franska þinginu. Því baráttan gegn atvinnuleysi verður að sitja í fyrirrúmi.

# Náttúruvernd

UMRÆÐAN

Jón Gunnarsson skrifar um umhverfismál



JÓN GUNNARSSON

Umhverfisráðherra hefur nýverið lagt fram á Alþingi þingsályktunartillögu um náttúruverndaráætlun til næstu 5 ára. Samkvæmt tillögunni er friðuðum svæðum í náttúru Íslands enn fjölgað.

Það er mikilvægt að við umgöngumst okkar viðfeðmu villtu náttúru af virðingu. Komandi kynslóðir þurfa að geta treyst því að geta nýtt ríkar náttúruauðlindir landsins og mikilvægar atvinnugreinar, s.s. ferðaþjónustu, sem byggja að miklu leyti á óspilltri og tignarlegri náttúru landsins. Á Íslandi verður náttúruvernd alltaf samspil nýtingar og friðunar náttúruauðlinda okkar til lands og sjávar. Framtíð þjóðarinnar byggist á skynsamlegri nýtingu auðlindanna.

Við höfum á undanförnum árum sýnt gott fordæmi í þeim efnum. Fáum þjóðum hefur tekist betur upp við að viðhalda sterkum nytjastofnum hafsins. Á það við um okkar helstu fiski- og hvalastofna. Á landi höfum við þegar verndað u.þ.b. 20% alls landsins, um 19.500 ferkílómetra eða tæpar 2 milljónir hektara. Í samanburði myndi nýting á okkar helstu fallvötnum og háhitasvæðum til virkjanaframkvæmda spanna u.þ.b. 2% af landinu. Einhvers staðar liggur eðlilegt hlutfall milli nýtingar og verndunar og ekki verður annað sagt en að við höfum almennt látið náttúruna njóta vafans. Ekki má gleyma því að margar af okkar náttúruperlum og vinsælir ferðamannastaðir hafa orðið til við virkjanaframkvæmdir. Má þar m.a. nefna Elliðavatn, Bláá Lónið og Kárahnjúkavirkjun.

Nú fer umrædd tillaga til umsagnar þeirra aðila sem gagnrýna munu hana m.a. út frá nýtingarsjónarmiðum. Það er þjóðinni mikilvægt að hlustað verði vel á þá gagnrýni og að tillit verði tekið til þeirra sjónarmiða sem þar munu koma fram. Það er ekki síður mikilvægt að þeir sem telja sig til forystu í umhverfismálum hafi í huga mikilvægi nýtingu náttúruauðlinda fyrir efnahag landsins og atvinnusköpun.

Það hefur einkennt umræðu um þessi mál of mikið að þeir sem telja sig til forystu á þeim vettvangi hafa lítið verið til tals um mikilvæg nýtingarsjónarmið.

*Höfundur er alþingismaður.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Jólagjafahandbók 2008

Geymið handbókina



Vaxtalaus jólalán í 6 mánuði*

*sé verslað fyrir 30 þús. eða meira

OPNUNARTÍMI Í BÁÐUM VERSLUNUM TIL JÓLA:
17.-22. DESEMBER FRÁ 10-22
ÞORLÁKSMESSA 23. DESEMBER 9-23
AÐFANGADAGUR 24. DESEMBER 9-12

1928
www.1928.is

VERSLUN
SÍMI 544-4480
www.1928.is

Töskur



3.900 3.900 3.900

Burstasett

4 stk.



~~1.990~~ 990



7.900

Risa Make Up Kit

Spegill



4.900

Skartskrín



3.900

Skartskrín



9.900



2.900

Skartskrín



5.900

Kristallar



1.200

Kristals spákúla



4.900

Kristals píramídi



4.900

Kristals kertastjaki



9.900

Kristals krossar

3 stærðir



Frá 1.900

Kristals stjakar



1.900 1.700



~~5.900~~ 2.950

Skartskrín



~~25.000~~ 12.500

Kertastjaki

28cm



1.990

Kristals svanir



4.900 parið

Kristals kubbar

m/englum



990 stk.

Kristals bangsi



990

Rammar



790

Hárnálar

20 stk. í pakka



1.500

Kambar



995



**Jólaskreyting** 70cm — ~~3.900~~ 1.900



**Jólakrans** 45cm — ~~2.900~~ 990



**Jólakerti** m/ ilm — 990 / 790



**Hangandi stórar jólakúlur** — ~~3.900~~ 1.900



**Postulínsdúkka** — 3.960



**Lögreglumótorhjól** Rafknúið — ~~24.900~~ 19.900



**Dúkkur** — ~~1.950~~ 995



**Postulínsdúkka** — ~~8.900~~ 6.900



**Bangsi** 40cm — 1.900



**Stór Bangsi** 70cm — 5.900



**Risabangsi** 90cm — 9.900



**Sofandi dúkka m/ aukafötum** 50cm — 3.900



**Postulínsdúkka** — ~~8.900~~ 6.900



**Fjarstýrt mótorhjól** — ~~5.900~~ 3.900



**Rugguhestur** — 8.900



**Postulínsdúkka** — ~~12.900~~ 8.900



**Gullfalleg barnakerra** — 19.900



**Tafl** — 1.500



**Rafhjól** — 17.900

Kistlar



1.900 990 790

Kistlar



1.900 990 790

Kistlar



2.500 990

Kistill



990

Kistlar



950 1.500

Kistlar



5.900 7.900 9.900

Skilrúm

*160x180cm*



~~19.900~~ 14.900

Kistill



990

Spegill

*71x87cm*



~~15.500~~ 7.750

DVD standur

*27x20x88cm*



~~14.900~~ 7.450

Leðurspegill

*60x120cm*



9.900

Spegill

*66x81cm*



~~13.500~~ 6.750

Spegill

*95cm*



~~18.900~~ 9.450



Símar: 544 4480 & 552 2515 - www.1928.is

**Stálhnífapör**
24 stk.



3.900

**Stálhnífapör**
24 stk.



3.900

**Eldhúsáhöld stál**
7 stk.



4.900

**Falleg stálhnífapör í gjafakassa**
24 stk.



3.900

**Kaffisett**



~~2.900~~ 1.900

**Irish coffee / kakó bollar**
4 stk. m/ bakka



4.900

**Expressó bollar**
4 stk.



~~2.900~~ 1.900

**Pottasett**
5 pottar



8.900

**Kristalsglös, 6 í pakka**



~~4.900~~ 3.600

**Gler rauðvínsglös 8 stk.**



~~2.900~~ 995

**Risa kertastjakar úr gleri**
35cm og 55cm



1.900
2.900

**Vasar**



~~1.900~~ 950
~~1.100~~ 550
~~1.500~~ 750

**Bakkaborð**
58x40x64cm



~~4.900~~ 2.900

**Gler vasar**
25cm, 35cm og 45cm



990
1.500
1.900

**Flöskustandur**



~~1.900~~ 500

**Diskamotta + glasamottur**
6 + 6



500

**Glasamottur**
6 í pakka



500

**Körfur**



2.950
1.950
3.950

**Opnanleg puff**



2.500
3.900

**Snyrtiborð m/ innbyggðu skartskríni**
52x38x110cm



~~56.200~~ **39.900**

~~14.900~~ **9.900**

**Spegill**
80x55cm



~~12.900~~ **9.900**

**Spegill**
80x60cm



~~12.900~~ **9.900**

**Hálfmánaborð**
60x30x76cm



~~22.500~~ **18.000**

**Snyrtiborð m/ spegli**
85x42x142cm



~~48.900~~ **36.500**

**Náttborð**
52x38x60cm



~~25.000~~ **19.900**

**Blað**
98x43x5



**Há kommóða**
55x37x100cm



~~60.000~~ **48.000**

**Hornborð**
55x55x55cm



~~30.000~~ **24.000**

**Sófaborð**
120x60x50cm



~~49.000~~ **38.000**

**Kertastjaki**
41cm



**2.500**

**Kertastjaki**
37cm



**2.500**

**Snagar**
50cm



~~9.900~~ **7.900**

**Vegghilla**
60x23x34cm



~~10.~~ **8.**

**Bókahilla**
105x36x200cm



~~92.000~~ **69.000**

**Hornbar m/ spegli**
68x38x185cm



~~85.000~~ **68.000**

**Stofuskenkur**
120x44x90cm



~~85.000~~ **68.000**

**Kor**
90x50







# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...






Miðvikudagur 17. desember 2008 – 49. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir





**Orðskýringin**
Hvað var enska lánið? 6

**Úttektin**
Náin tengsl á Litla Íslandi





4-5

**Stoðir og Refresco**
Reynt að selja í fjóra mánuði





2


# Líkur á dómsmáli kröfuhafa bankanna

**Formaður skilanefndar Glitnis telur kröfuhafa gömlu bankanna ekki vilja borga sig inn í þá nýju. Líkur á málshöfðun vegna neyðarlaganna.**

**Ingimar Karl Helgason**
skrifar

„Kröfuhafarnir hafa verið óánægðir yfir því að eignir skyldu vera teknar úr gömlu bönkunum og eingöngu innlán á móti. Síðan eigi að meta eignirnar nú, þegar verðið er með lægsta móti og gefa út handa þeim skuldabréf. En það er í raun eins og lögin eru í augnablikinu,“ segir Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis.

Hann ræddi við kröfuhafa í gamla Glitni á dögunum. Þar var meðal annars rætt um að kröfuhafnir fengju eignarhlut í nýju bönkunum á móti kröfum sínum. „Þá yrðu þeir eigendur og enda þótt verðmatið yrði ekki rétt í upphafi, þá leiðréttist það síðar í gegnum eignarhlut þeirra,“ segir Árni.

Hann bætir því við að ríkisvaldið þurfi að ákveða hvað gert verði. „Hættan er sú að ef þeir fá engan eignarhlut, eða eiga ekki kost á því, hvort sem þeir vilja það eða ekki, þá eru meiri líkur á að þeir láti reyna á lagasetninguna.“

Fram hefur komið að leggja þurfi nýju bönkunum til 385 milljarða króna í eigið fé. Ekki hefur enn komið fram nákvæmlega hvaðan þeir peningar eiga að koma, en í bréfi til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins kemur fram að gefa eigi út ríkisskuldabréf sem verði lagt fram fyrir febrúar á næsta ári. Síðan sé áformað að selja eiginfjárframlag ríkisins um leið og jafnvægi kemst á og markaðsskilyrði leyfa.

Úr fjármálaráðuneytinu fást þær upplýsingar að óvíst sé að ríkið þurfi að fara í sérstakar aðgerðir til að láta bönkunum í té nýtt eigið fé. Ríkið eigi „digra sjóði í Seðlabankanum“ eins og heimildarmaður orðar það. Þá sé ekki útilokað að erlendir kröfuhafar eignist hluta í bönkunum og leggi þeim þannig til eigið fé. Samkvæmt yfirliti Seðlabankans átti ríkið ríflega 163 milljarða króna á viðskiptareikningi í bankanum um síðustu mánaðamót.

„Kröfuhafarnir hafa sýnt takamarkaðan áhuga á að koma inn með nýja peninga,“ segir Árni Tómasson. „Ég geri ráð fyrir að ríkið vilji reyna að takmarka eins og unnt er þá fjármuni sem það þarf að setja inn í nýju bankana, með hliðsjón af öllum öðrum skuldbindingum ríkissjóðs um þessar mundir. Ef núverandi lánardrottnar eða nýir aðilar eru reiðubúnir að setja nýja fjármuni inn í nýju bankana, myndi ég ætla að ríkið skoðaði slíka aðkomu mjög vel.“

# Upprisa markaðar á tveimur árum

Í lok árs 2010 er gert ráð fyrir að hér verði hlutabréfamarkaður að fullu uppbyggður á ný, samkvæmt áætlun Kauphallarinnar.

Í grein sem Þórður Friðjónsson, forstjóri NASDAQ OMX Iceland, ritar í Markaðinn í dag kemur fram að í áætlunum Kauphallarinnar sé ráð fyrir því gert að skuldabréfamarkaðurinn nái sér að fullu á næsta ári og „að hlutabréfamarkaðurinn verði kominn í ásættanlegt horf fyrir lok árs 2010“.

Með ásættanlegri stærð segir Þórður miðað við að virði skráðra félaga verði um 1.000 milljarðar króna, eða sem svari 60 til 80 prósentum af landsframleiðslu. „Hlutabréfamarkaður yrði þar með svipaður að stærð og í Danmörku og Noregi þegar tillit er tekið til stærðar hagkerfisins,“ segir hann.

Í gær stóð markaðsvirði skráðra félaga á aðallista Kauphallarinnar í rúmum 237 milljörðum króna, eða tæpum fjórðungi af því sem Kauphöllin ætlar að verði að tveimur árum liðnum. Þá má vera að hlutur færeysku félaganna fjögurra sem hér eru skráð (tæpir 63,2 milljarðar króna) sé að nokkru ofmetinn í þessum tölum, en í umreikningi á virði þeirra er notast við skráð gengi danskrar krónu í gær, en hún kostaði í gær rétt tæpa 21 krónu.

Til þess að markmið Kauphallarinnar náist segir Þórður margt þurfa að ganga upp við endurreisn efnahagslífsins. Þar skipti mestu viðbrögð í hagstjórn, gengismálin og að öflugum markaðsbúskap verði hér aftur komið á. „Það eru forsendur nýs hagvaxtarskeiðs,“ segir hann.

- óká / sjá síðu 6

# Vilhjálmur skrifar AGS

„Ég mótmælti því að þessi gjaldeyrishöft væru sett. Áhrifin væru þveröfug við þau sem ætlast væri til,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

Hann skrifaði Poul Thomsen, fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) gagnvart Íslandi, og Muriolo Portugal, einum framkvæmdastjóra sjóðsins. Vilhjálmur segist ekki hafa fengið viðbrögð við bréfi sínu.

Samkvæmt nýjum lögum og reglugerð Seðlabankans eru töluverð höft á fjármagnsflutningum og þar með gjaldeyrisviðskiptum, að viðlögðum refsingum. Þetta er sagt gert til þess að hindra flæði fjármagns úr landi en um leið geta sett krónuna á flot, eins og það er kallað, án þess að fjármagnsflæði felli gengið verulega.

Gengið styrktist umtalsvert eftir að krónan var sett á flot að nýju. Gengisvísitalan fór niður undir 190, úr 250, en hefur síðan hækkað í yfir 200 stig. - ikh

# Álverð í fimm ára lægð

Heimsmarkaðsverð á áli fór í 1.435 Bandaríkjadali á tonnið í gær og hafði ekki verið lægra síðan í október árið 2003. Þetta er rúmlega fimmtíu prósenta verðlækkun á hálfu ári.

Verðlækkun á áli er ekkert einsdæmi en hrávöruverð, svo sem á gulli og kopar, hefur lækkað talsvert upp á síðkastið.

Norski vefmiðillinn E24 bendir á að ástæðan fyrir verðfallinu sé einkum erfiðleikar hjá bílaframleiðendum, samdráttur í bíla- og flugvélaframleiðslu og uppsöfnun álbirgða samhliða minni eftirspurnar. - jab

## HELST Í ÚTLÖNDUM

**Óvinir grafa axir |** Japanar, Kínverjar og Suður-Kóreumenn hafa lagt til hliðar áratuga pirring og gert samkomulag um að berjast saman gegn kreppunni. Löndin þrjú hafa búið við velsæld en nú stefnir í sama vanda og mörg önnur iðnríki eiga við að glíma.

**Örlögin ráðast |** Dómstóll í Lúxemborg hefur fyrirskipað að Landsbankinn þar í landi verði tekinn til gjaldþrotaskipta. Jafnframt hafa tveir skiptastjórar verið skipaðir til að fara með mál þrotabúsins. Þá er reiknað með að örlög Kaupþings þar í landi ráðist í næstu viku. Glitnir í Lúxemborg var seldur Nordea-bankanum í síðasta mánuði.



**Bílarnir í bið |** Bandarískir þingmenn hafa enn ekki tekið ákvörðun hvort veita eigi þarlendum bílarisum neyðarlán til að koma þeim yfir erfiðan hallann og forða þeim frá því að keyra í þrot. Haldi sem horfi er reiknað með að lausafé General Motors og Chrysler gufi upp á næstu vikum.

**Þyrlur til sölu |** Markaðurinn með einkaþotur í Noregi er hruninn en fjöldi manns vill losa sig við þotur sínar þar í landi. Dagens Næringsliv segir sautján einkaþotur og þyrlur til sölu en enginn kaupandi sé til staðar.



**GENGISÞRÓUN**

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Alfesca | 2,6% | -42,3% |
| Bakkavör | -7,6% | -94,4% |
| Eimskipafélagið | -2,3% | -96,3% |
| Exista | -71,4% | -99,8% |
| Icelandair | -0,4% | -52,4% |
| Kaupþing | 0,0% | -100,0% |
| Marel | -6,7% | -25,8% |
| SPRON | 0,0% | -79,2% |
| Straumur | -15,1% | -83,6% |
| Össur | -1,0% | -1,0% |

**Miðað við lokagengi í Kauphöll í gær. Úrvalsvísitalan OMXI15 371.*

# Skoða útgáfu verðtryggðra bréfa

„Ríkið ákvað fyrir nokkrum árum að vera að óverðtryggða markaðnum, en Íbúðalánasjóður hefur verið á hinum verðtryggða. Við erum að skoða núna hvort ástæða sé til að breyta því, en við erum ekki komin að neinni niðurstöðu, til að mynda hvort við færum okkur aftur yfir á hinn verðtryggða enda,“ segir Þórhallur Arason, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu, um væntanlega skuldabréfaútgáfu ríkisins. Óverðtryggða útgáfan hafi í grundvallaratriðum gengið vel.

Bréf fyrir 100 milljarða voru á gjalddaga fyrir skömmu. Á móti gaf ríkið út ný skuldabréf. Bréf voru keypt fyrir 27 milljarða króna. „Það hljóta að hafa verið nokkur vonbrigði fyrir ríkið,“ segir Jón Bjarki Bentsson, hjá Greiningu Glitnis.



**JÓN BJARKI BENTSSON**

„Ætla má að greiða hafi þurft um 108,5 milljarða, þar sem vextir leggjast við,“ segir Jón Bjarki um eldri útgáfuna. Erlendir aðilar hafi verið í meirihluta eigenda.

Stór hluti mismunarins hljóti að hafa verið greiddur út af viðskiptareikningi ríkisins hjá Seðlabankanum. „Ætla má að það hafi þurft að greiða út á bilinu 50 til 70 milljarða.“ Útgreiðslan sé lægri en sem nemur mismuninum á nýju útgáfunum og þeirri eldri. Það skýrist af því að um helmingur hinnar eldri var lán til aðalmiðlara. Hluti fari því aðra leið.

Ríkið átti um 163 milljarða á viðskiptareikningi í Seðlabankanum um mánaðamótin. **- ikh**

# Ný lög um fjármálamarkað

Viðskiptaráðherra hyggst skipa nefnd til að endurskoða lög um fjármálamarkað.

Kanna á „viðskipti starfsmanna við fjármálafyrirtæki, töku hlutabréfa fjármálafyrirtækja sem veð gegn láni, hlutverki, hæfisskilyrðum og reglur stjórna, krosseignarhald, takmarkanir á stórum áhættum og náin tengsl“, að því er segir í tilkynningu. Fylgjast á með sambærilegri vinnu á vegum ESB.

Gert er ráð fyrir að nefndin ljúki störfum 15. apríl næstkomandi. **- ikh**

# Breyttur hluthafalisti

Verulegar breytingar hafa orðið á hluthafalista Existu eftir að Bakkabræður settu einn milljarð króna í félagið í gegnum eignarhaldsfélagið Kvakk/BBR fyrir rúmri viku.

Exista var með lán á gjalddaga og nýju hlutafé varið til greiðslu á því. Í kjölfarið varð eignarhaldsfélagið yfirtökuskylt. Nýja-Kaupþing setti sig upp á móti yfirtökunni og keypti í kjölfarið tíu prósenta hlut í Existu.

Viðskipti hófust með hlutabréf Existu í byrjun síðustu viku eftir níu vikna hlé. Talsverð uppstokkun var á eignasafni félagsins á þeim tíma. Gengi bréfa Existu hrundi í fyrstu viðskiptum úr 4,62 krónum á hlut í 10 aura. Fallið jókst í gær, endaði í fjórum aurum á hlut og hefur aldrei verið lægra. **- jab**

**TÍU STÆRSTU**

| Hluthafi | Eignahlutur nú / | var |
|---|---|---|
| BBR ehf* | 77,9% | 45,21% |
| Nýi Kaupþing banki | 10,4% | 0,86% |
| Kista fjárfestingarfélag | 1,1% | 5,17% |
| Arion safnreikningur | 1,1% | 4,81% |
| L.sj.verslunarmanna | 1,0% | 4,53% |
| Gift fjárfestingarfélag | 1,0% | 4,34% |
| Castel SARL | 0,9% | 4,09% |
| Gildi-lífeyrissjóður | 0,9% | 4,06% |
| Singer & Friedlander Ltd | 0,9% | 3,95% |
| Spron | 0,5% | 2,41% |

** var áður Bakkabræður Holding*

# Kröfuhafar flytja hingað

Fulltrúar erlendra kröfuhafa í íslensku bankana hafa mikið verið í ferðum hingað og sumir opnað skrifstofur. Þetta staðfestir Sigmundur Sigurgeirsson, aðstoðarmaður fjármálaráðherra. „Sumir búast allt eins við því að vera hér í tvö ár,“ segir hann, en í þeim hópi séu einkum evrópskir bankar. Meðal banka sem lánuðu þeim íslensku voru Commersbank og Bayern Landesbank, Fortis-bankinn og Barclays-bankinn. „Þeir hafa verið í sambandi við okkur frá fyrsta degi og fjármálaráðherra hefur lagt sig allan fram um að eiga við þá góð og greið samskipti,“ segir Sigmundur. Samskiptin við erlendu kröfuhafana skipti miklu máli. Ekki eingöngu vegna bankanna, heldur einnig atvinnufyrirtækja, ekki síst orkufyrirtækjanna.

„Það er klár skilningur milli manna að Íslendingar fái ráðrúm til að vinna úr sínum málum,“ segir hann. **- ikh**

# Undanþágur rýmkaðar

Reglur um undanþágur frá gjaldeyrishöftum hafa verið rýmkaðar, samkvæmt breyttum reglum um gjaldeyrismál sem Seðlabankinn birti á vef sínum síðdegis í gær.

Breytingarnar snúa helst að „tilteknum hópum vegna brýnna hagsmuna og því að litlar líkur eru taldar á að viðskipti þeirra muni valda alvarlegum og verulegum óstöðugleika í gengis- og peningamálum“.

Ríki og sveitarfélög fá undanþágu og einnig fyrirtæki í opinberri eigu sem starfa samkvæmt sérlögum. Auk þess fyrirtæki sem eru aðilar að fjárfestingarsamningum við ríkið og fyrirtæki sem fengið hafa leyfi til olíuleitar. Skilanefndir bankanna fá líka undanþágu og fyrirtæki sem hafa yfir 80 prósent af tekjum og gjöldum erlendis geta sótt um undanþágu. **- óká**

# Refresco á sölulista Stoða í fjóra mánuði

## Stoðir reyna að selja helmingshlut sinn í hollenska drykkjarframleiðandanum Refresco. Íslenskt eignarhald er félaginu óþægilegt. Vífilfell og Kaupþing eiga félagið ásamt Stoðum.

**Ingimar Karl Helgason**
skrifar

„Hlutur Stoða í Refresco hefur verið í söluferli í fjóra mánuði, frá því áður en bankarnir hrundu,“ segir Júlíus Þorfinnsson, talsmaður Stoða, áður FL Group.

Hann segir að samið hafi verið við fjárfestingarbankann Rothchild um að annast sölu á hlutnum. „Við vonumst til þess að samningar um sölu á 49 prósenta eignarhlut okkar í Refresco náist á næstunni.“

Þá sé ljóst að hrun íslensku bankanna og erfið staða Stoða hafi haft slæm áhrif á rekstur Refresco. „Því er brýnt að selja áður en skaðinn verður meiri,“ segir Júlíus.

Hann bætir því við að kaupverðið á 49 prósenta hlut Stoða á sínum tíma hafi numið um 5,2 milljörðum króna, vorið 2006. Samkvæmt frétt Vísis nam kaupverðið 461 milljón evra, en þá voru skuldir teknar með og fleira.

Hlutur Stoða er nú geymdur í félagi sem skráð er í Hollandi og heitir Ferskur Holding 2 B.V. Eigendur félagsins eru Stoðir, Vífilfell og Kaupþing. Félögin eiga saman 2.680.000 hluti í Refresco, eða um 80 prósent af heildinni. Vífilfell hefur ekki í hyggju að selja, samkvæmt heimildum Markaðarins. Ekki hefur náðst í Steinar Guðgeirsson, formann skilanefndar Kaupþings.

Samkvæmt síðustu ársskýrslu Refresco námu eignir félagsins ríflega 611 milljónum evra. Þá námu skuldir félagsins ríflega 367 milljónum evra.

Stærstur hluti skuldanna kom til vegna sambankaláns sem var tekið um það leyti sem FL Group keypti í félaginu. Það nam 260 milljónum evra og var tekið undir forystu FIH bankans, sem var í eigu Kaupþings.

Stoðir eru enn í greiðslustöðvun og verða til 20. janúar. Félagið var stærsti eigandi Glitnis.



**GLUGGAÐ Í REIKNINGANA** Jón Ásgeir Jóhannesson og Jón Sigurðsson glugga í reikninga Stoða á uppgjörsfundi. Drykkjarvöruframleiðandinn Refresco er meðal eigna félagsins sem ekki eru skráðar á markað. MARKAÐURINN/ANTON

**REFRESCO Í TÖLUM**

| Eign | milljónir evra |
|---|---|
| Óefnislegar eignir | 274 |
| Efnislegar eignir | 333,6 |
| Fjármunaeignir | 3,8 |
| Skuldir | 367 |
| Tap árið 2007 | 27 |
| *Eign Stoða, Vífilfells og Kaupþings* | *80%* |

Tilraunir félagsins til að selja Tryggingamiðstöðina (TM) fóru út um þúfur þegar veðhafinn, Landsbankinn, neitaði að ganga til samninga við Kaldbak. „Það kom okkur satt best að segja á óvart enda samþykkti stjórn Stoða einfaldlega hærra tilboðið af tveimur tilboðum sem höfðu borist,“ segir Júlíus. „Eftir sem áður er það vilji Stoða að selja TM, þetta er okkar stærsta eign og sala hennar myndi létta verulega á okkur,“ bætir hann við. „Vonandi gengur sala TM eftir sem fyrst í góðu samkomulagi við bankann.“ Stoðir eiga líka hlut í Landic Property, Royal Unibrew og Bayrock Group.

NETAFRITUN EJS

Lausnasvið EJS býður upp á netafritun á áður óþekktu verði.

ÖRUGG OG TRAUST

Netafritun EJS er 100% sjálfvirk og örugg og engin þörf er á mannlegum afskiptum. Gögnin þín eru varin eldsvoðum, þjófnaði, skemmdarverkum og náttúruhamförum þar sem gögnin eru geymd á öruggum stað í hýsingarsal EJS.

AUÐVELT Í NOTKUN

Uppsetning Netafritunar EJS er auðveld í framkvæmd. Allir sem hafa grunnþekkingu á tölvum geta framkvæmt uppsetninguna án nokkurra vandkvæða.

HENTAR SMÁUM SEM STÓRUM

Netafritun EJS er bæði fyrir útstöðvar og netþjóna og styður öll helstu stýrikerfi og gagnagrunna, þ.m.t. Windows, Linux, Mac, Unix, MS Exchange, MS SQL, My SQL og Lotus Notes.

Það er til lausn á öllu

Opið 9-18 alla virka daga og 11-16 á laugardögum

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

EJS



# 200 sérfræðingar í vinnu fyrir þig

## Skyggnir færir þér hagkvæmni og áreiðanleika í rekstri tölvukerfa

Örugg og skjót þjónusta skiptir öllu máli í rekstri tölvukerfa. Þjónustumiðstöð Skyggnis er mönnuð sérfræðingum og opin allan sólarhringinn, alla daga ársins. Fjöldi íslenskra fyrirtækja og stofnana, af öllum stærðum, getur vitnað um öfluga þjónustu Skyggnis. Þeirra á meðal eru Icelandair, Eimskip, Fljótsdalshérað, Kaffitár og Brimborg. Hafðu samband og fáðu að heyra hvað við getum gert með þér.

**Okkar lausnir:**
- Alrekstur tölvu og samskiptakerfa
- Upplýsinga- og gagnaöryggi
- Notendaþjónusta
- Net- og fjarskiptaþjónusta
- og margt fleira

Fiton/SÍA

Skyggnir er dótturfélag Nýherja og sérhæfir sig í rekstri tölvukerfa og lausnum sem auka áreiðanleika, lækka kostnað og bæta eiginleika upplýsingakerfa. Skyggnir býður enn fremur upp á öfluga þjónustu í net- og samskiptalausnum sem auka framleiðni og efla þjónustu fyrirtækja og stofnana.

Skyggnir

**Skyggnir höfuðstöðvar**, Urðarhvarfi 6 , sími 516 1000 | **Akureyri**, Skipagötu 18 , sími 516 1370 | **Neskaupsstað**, Nesgötu 4, sími 516 1380 | **Egilsstöðum**, Miðási 1, sími 516 1380

# Margar og þéttar greinar *í uppgjörstrénu*

Lykilpersónur íslenska bankahrunsins tengjast með einum eða öðrum hætti. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson gerði tilraun til að rýna í tengslatréð og komst að því að greinarnar eru margar, flóknar og tengjast bæði fjölskyldu- og vinaböndum.

„Þótt öll þessi mál nú séu morkin og rotin er ekki beint við neinn að sakast. Samfélagið er ekki beint spillt,“ segir Bragi Kristjónsson, fornbókasali með meiru. Hann segir íslenskt samfélag lítið, tengsl manna mörg og náin ofan í fjölskylduböndin og einkennast af því að hygla hver öðrum.

Bragi hafði orð á því einna fyrstur manna í Kiljunni, bókmenntaþætti Egils Helgasonar í Ríkissjónvarpinu fyrir fáeinum vikum, að ríkisstjórnin ætti að gera ráð fyrir stöðu ættfræðings í teymunum sem rannsaka hrun bankanna í október og mál því tengdu.

„Það var jú spilling þegar Jón Baldvin [Hannibalsson] lét Ingólf Margeirsson hafa 40 flöskur af rauðvíni fyrir afmælið sitt. Þeir voru pólitískir samherjar,“ bendir Bragi á en útilokar ekki að það hafi verið vinargjöf. „Það er svo erfitt að þekkja mörkin,“ segir hann.

Bragi stendur enn við orð sín um að ríkisstjórnin ráði einhvern sem þekki tengslin í samfélaginu. Hefði það verið gert strax í upphafi hefði mátt spara bæði tíma og peninga. Hann bendir á rannsókn endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtækisins KPMG á Glitni máli sínu til stuðnings. KPMG er reyndar umsvifamikið endurskoðunarfyrirtæki og skrifaði sömuleiðis undir reikninga Samsonar eignarhaldsfélags, kjölfestufjárfestis Landsbankans.

Líkt og bent hefur verið á er Sigurður Jónsson, forstjóri KPMG, faðir Jóns Sigurðssonar, forstjóra Stoða (áður FL Group), stærsta hluthafa Glitnis. Rannsóknin hafði staðið yfir í tvo mánuði þegar bent var á fjölskyldutengslin. KPMG sagði sig frá rannsókninni í kjölfarið.

**VINABÖND OG ÖNNUR TENGSL**

Líkt og Bragi bendir á liggja tengslin víða í íslensku samfélagi. Fjölskyldutengslin eru þar nánust en á eftir koma ýmsar aðrar leiðir, þar sem leiðir skarast í lífi lykilpersóna í íslensku banka- og efnahagslífi því sem margir kalla Nýja Ísland. Mýmörg dæmi eru um að viðkomandi hafi stundað saman íþróttir í æsku og síðar á lífsleiðinni, tekið saman þátt í æskulýðsstarfi eða gengið saman menntaveginn. Þá hafa eðlilega margar lykilpersónur í Nýja Íslandi starfað saman hvort heldur er í bankageiranum í Gamla Íslandi eða á öðrum sviðum.

Sem dæmi var Árni Tómasson, nú formaður skilanefndar Glitnis, áður bankastjóri Búnaðarbankans. Líkt og bent var á skömmu eftir bankahrunið í október ávítti Fjármálaeftirlitið (FME), sem nú hefur umsjón með vinnu hans, Árna fyrir brot á bankalögum á vordögum 2003. Í byrjun sama árs hafði Kauphöllin reyndar beitt bankann sem Árni stýrði févíti vegna brota á flöggunarreglum. Árni sagði á þeim tíma að hann hefði fylgt lögfræðiáliti. Hann hætti störfum mánuði síðar.

Yfirlögfræðingur Búnaðarbankans á þeim tíma var Ársæll Hafsteinsson. Hann situr nú í skilanefnd Landsbankans. Þar hóf hann störf í viðamiklum fólksflutningum banka á milli um svipað leyti og Árni hætti hjá Búnaðarbankanum.

Ársæll gerði ásamt fleirum starfsmönnum Landsbankans kaupréttarsamninga, sem hann innleysti í í mars í fyrra. Þeir fengu hlutina á genginu 3,12 krónur á hlut en seldu á rúmlega tíu sinnum hærra verði.

Fleiri meðlimir skilanefnda bankanna tengjast fyrirtækjunum sem þeir ýmist vinna í að gera upp eða viðskiptavinum þeirra með einum eða öðrum hætti. Rúmur helmingur skilanefndarmanna er fyrrum starfsmenn bankanna sem þeir sjálfir vinna nú að gera upp. Aðrir eru endurskoðendur sem tengjast hluthöfum hinna bankanna, en þó í sumum tilvikum helstu eigenda þeirra banka sem þeir gera nú upp.

Þá liggja greinarnar víðar í félagsstarfi, svo sem í tengslum við íþróttaiðkun. Sem dæmi um það er formannsseta Steinars Þórs Guðgeirssonar, formanns skilanefndar Kaupþings í stjórn íþróttafélags Fram. Gjaldkeri Fram er Stefán Hilmarsson, fjármálastjóri Baugs.

**KLAKSTÖÐ HÁSKÓLANS**

Þá tengjast margar af lykilpersónum í íslensku efnahagslífi eins og það lítur út eftir bankahrunið í gegnum nám, ekki síst háskólapólitíkina.

Háskólapólitíkin hefur um áratugaskeið, eða allt frá stofnun Háskóla Íslands, þótt ágætis æfingasvæði fyrir þannig þenkjandi stúdenta sem rækta með sér þá drauma að vilja láta að sér kveða þegar komið er út í hversdagsleika fullorðna fólksins. Aðrir eru svo einfaldlega framagjarnari en samnemendur þeirra, nú eða bera hag þeirra fyrir brjósti.

Mörg mektarmenni þjóðarinnar hafa mótast á leiksviði háskólapólitíkurinnar, svo sem Thor Thors, einn sona Thors Jensen, sem var formaður Stúdentaráðs á þriðja tug síðustu aldar, Agnar Klemens Jónsson, síðar sendiherra, um áratug síðar, og Geir Hallgrímsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, borgarstjóri og síðar forsætisráðherra, sem vermdi formannssæti Vöku veturinn eftir seinni heimsstyrjöld. Aðrir nafntogaðir einstaklingar í formannsstóli Stúdentaráðs í seinni tíð sem tengjast íslensku efnahagslífi í dag eru svo þau Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra sem sat



Sigurjón Þ. Árnason — Hreiðar Már Sigurðsson — Finnur Ingólfsson — Jónas Fr. Jónsson — Björgvin G. Sigurðsson


# Melódíur minninganna




Jón Kr. Ólafsson á Bíldudal er merkisberi alþýðunnar á listasviðinu. Hann fékk tónlistargáfu og listhneigð í vöggugjöf. Þessar gáfur hefur hann varðveitt og þroskað af stakri trúmennsku.

Jón Kr. hefur verið trúr heimahögunum alla tíð og lagt drjúga hönd á margt sem komið hefur samfélaginu til góða.

Söngurinn hefur ætíð átt hug hans og verið í senn dægrastytting og hrein ástríða. Mér segir svo hugur að þegar nafn Bíldudals ber á góma í framtíðinni eigi margir eftir að tengja staðinn við nafn Jóns Kr. Ólafssonar og félaga hans í hljómsveitinni Facon, sem stimpluðu nafn Bíldudals rækilega inn á tónlistarkortið á síðari hluta 20. aldar.

Jónatan Garðarsson



Hafliði Magnússon alþýðulistamaður við ritvélina heima á Bíldudal á árum áður.



Vestfirska forlagið
Upp með Vestfirði!
Pantanir: 456-8181 - jons@snerpa.is


**SKILANEFND LANDSBANKANS**

| Nafn | Tengsl |
|---|---|
| Lárus Finnbogason | Formaður skilanefndar. Yfirmaður endurskoðunarsviðs Deloitte. |
| Ársæll Hafsteinsson | Var áður yfirlögfræðingur Búnaðarbankans en fór síðar yfir til Landsbankans. |
| Einar Jónsson | |
| Lárentsínus Kristjánsson | Var í Vöku ásamt núverandi forstjóra FME. Einn eigenda Deloitte. |
| Sigurjón Geirsson | Var endurskoðandi Landsbankans. |

**SKILANEFND GLITNIS**

| Nafn | Tengsl |
|---|---|
| Árni Tómasson | Formaður skilanefndar. Fyrrverandi bankastjóri Búnaðarbankans. Stjórnarmaður í Alfesca, félags að stórum hluta í eigu Ólafs Ólafssonar, stórs hluthafa Kaupþings. |
| Heimir Haraldsson | |
| Sverrir Örn Þorvaldsson | Var framkvæmdastjóri áhættustýringar hjá Glitni. |
| Kristján Óskarsson | Var framkvæmdastjóri útibúasviðs og eignafjármögnunar hjá Glitni. |
| Páll Eiríksson | Var áður hjá Glitni. |

**SKILANEFND KAUPÞINGS**

| Nafn | Tengsl |
|---|---|
| Steinar Þor Guðgeirsson | Formaður skilanefndar. Starfar hjá Lögmönnum Reykjavíkur. Framkvæmdastjóri Fram. Gjaldkeri Fram er Stefán Hilmarsson, fjármálastjóri Baugs. |
| Knútur Þórhallsson | Stjórnarmaður Deloitte og endurskoðandi Exista, stærsta hluthafa Kaupþings. Skrifaði upp á skráningarlýsingu fyrir samruna Búnaðarbankans og Kaupþings árið 2003. |
| Bjarki H. Diego | Var áður framkvæmdastjóri útlána hjá Kaupþingi. |
| Guðný Arna Sveinsdóttir | Var áður fjármálastjóri Kaupþings. |
| Guðni Níels Aðalsteinsson | Var áður framkvæmdastjóri fjárstýringar Kaupþings. |

**JÓLABÓKAUPPLESTUR** verður á ylströndinni í Nauthólsvík klukkan 17.30 í dag. Auður Jónsdóttir les upp úr bók sinni Vetrarsól og Yrsa Sigurðardóttir úr Auðninni. Áheyrendur geta komið sér vel fyrir í heita pottinum og boðið verður upp á heitt súkkulaði og smákökur.




# ;ALLT



Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

**Fjarðaportið**

**Síðasti séns að búa til pening fyrir jólin**

Örfáir sölubásar lausir. 4 dagar á 10.000
**Uppl. í síma 578-3040**

**MOSFELL**

Eigum á lager milliveggjastoðir (beinar og burðmiklar) úr Kerto límtré frá 2- til 5 metrum

TM MOSFELL EHF • HOLTSBÚÐ 93 • SÍMI 566 6606 • FAX 566 6619
MOSFELL@MOSFELL.IS • WWW.MOSFELL.IS

**Allt á einum stað**

VETRARDEKK
HEILSÁRSDEKK
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
BREMSUKLOSSAR
ALLT Á EINUM STAÐ

**SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA**
**SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066**








Haraldur ásamt ferðalöngum fyrir framan þinghúsið í Tallin. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Í gufu á milli afrískra rétta

**Í jaðri gamla borgarhlutans í Tallinn hnaut Haraldur Ingi Haraldsson um óvenjulegan veitingastað. Þar gæðir fólk sér á afrískum mat á handklæðinu einu fata á milli þess sem það stingur sér inn í gufubað.**

Haraldur Ingi Haraldsson, ritstjóri nettímaritsins Nausttímarit.is, uppgötvaði skemmtilegan veitingastað í Tallinn í Eistlandi fyrir nokkrum árum og hefur síðan farið þangað með ferðamannahópa á vegum ferðaskrifstofunnar Trans-Atlantic.

„Staðurinn heitir „African Kitchen“ og er í jaðri gamla borgarhlutans í Tallinn. Hann er sérkennilegur fyrir margar sakir en það undarlegasta er að þar er hægt að fara í gufubað á milli rétta, segir Haraldur og skellir upp úr. „Staðurinn er skreyttur alls kyns afrískri list og þar er óskaplega góður matseðill með ýmiss konar afrískum réttum. Þar er hægt að panta gufubað fyrir upp undir tólf manns og situr fólk á handklæðum við uppdekkuð borð og gæðir sér á matnum á milli þess sem það stingur sér inn í baðið. Það er mjög sérstakt svo ekki sé meira sagt.“

Haraldur hefur verið fararstjóri um margra ára skeið og farið með ferðamenn til Eystrasaltslandanna, Mexíkó og Barcelona svo dæmi séu tekin.

Hann segist ekki hafa átt von á því að rekast á stað sem þennan í Eistlandi. „Það er eins og þarna renni norður-evrópsk sána-hefð saman við svörtustu Afríku og er útkoman að vonum óvænt en vel þess virði.“

Haraldur er yfir sig hrifinn af Tallinn. „Þetta er yndisleg borg. Hún er byggð í kringum gömlu miðaldaborgina sem hefur mesta aðdráttaraflið. Þar eru steini lagðar götur og byggingar frá 11. til 15. öld sem hefur tekist að varðveita afskaplega vel enda er borgin á heimsminjaskrá Unesco.“

vera@frettabladid.is

**Við mætum kreppunni** **25%** **afsláttur af öllum vörum til áramóta**



Fatastandur tilvalin jólagjöf
**verð nú kr. 12.900.-**



**Úrval af slökunarstólum**
Með leðuráklæði eða taui og skemlum - Margir litir



**Náttborð/ kommóða**
Breidd:50 cm
Dýpt:30 cm
Hæð 74 cm
**Verð kr. 10.900.-**



**Vandað ítalskt leðursófasett 3+1+1**
Litir: Brúnt og ljóst

**www.valhusgogn.is** Opið virka daga kl. 10-18
**Laugardag kl. 11-19 - Sunnudag kl. 13-16**

**Val húsgögn**
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
**Sími 581-2275 ■ 568-5375**

**SKÖTUVEISLA** hefst á Sjávarbarnum í hádeginu á morgun og stendur yfir fram á Þorláksmessukvöld.




Gjafakort

*Gjöf konunnar*

**MISTY**
Laugavegi 178
Sími 551 3366
www.misty.is



ALLT

512 5447
auglýsingasími







Vandaðir herraskór úr leðri í úrvali.
Stærðir: 40 - 47
**Verð: 11.500.- 12.450.-**

**Misty skór**
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán-fös 10-18
**lokað á sunnudögum**
Á Þorláksmessu verður opið 10 - 20



**NÝKOMIÐ - FRÁBÆR SNIÐ Í NÝJUM LITUM**

teg 42027 - fæst í C,D,E,F skálum á kr. 3.850,-



teg. 11001 - er til í C,D,E skálum á kr. 3.850,-



**Misty.is**
Laugavegi 178 • Sími: 551-3366
Opið: mán - fös: 10 - 18 • lau: 10 - 14
**20.des opið til kl. 18 23.des opið til kl. 20**
***Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf***




NORDICPHOTOS/GETTY

Sporvagn alsettur jólaseríum.

## Á fleygiferð inn í jólahátíðina

LÍKLEGA ER FÁTT JÓLALEGRA EN FERÐ Í UPPLJÓMUÐUM SPORVAGNI.

Jólaljósin lýsa upp veröldina. Þau ljóma í London, París, Róm og þau má finna í Mílanó. Þar er til að mynda hægt að berja augum þennan forláta sporvagn sem er alsettur hvítum jólaseríum.

Ferð í slíkum sporvagni er að öllum líkindum tilvalinn til að hressa upp á jólaskapið. *- sg*

# Nokkrar gerðir íslenska jólatrésins

**Íslensk barrtré eru vinsæl jólatré og eiga það öll sameiginlegt að vera umhverfisvænn kostur um jólin.**

Í hinum íslenska jólaskógi má finna nokkrar gerðir jólatrjáa. Hér er stutt umfjöllun um fimm þeirra.

Rauðgreni sem er í hugum margra hið eina og sanna jólatré, er fíngert og ilmandi. Það hefur dæmigerða jólatréslögun og heldur vel barrinu yfir hátíðirnar ef það er meðhöndlað rétt.

Stafafura hefur verið höggvin næstmest í jólatré hérlendis en rauðgrenið er vinsælast. Barrið helst einstaklega vel á stafafurunni auk þess sem hún hefur fallegan grænan lit og ilmar vel.

Blágrenið vex hægt, er ágætlega barrheldið og hefur dökkgrænan lit. Blágrenið hefur verið gróðursett töluvert undanfarin ár enda gefist vel í ræktun víða um land.

Sitkagreni nýtur vaxandi vinsælda sem jólatré. Það hefur djúpgrænan lit og er duglegt við að taka upp vatn.



Barrið helst einstaklega vel á Stafafurunni.

Fjallaþinur er norður-amerísk þintegund sem hefur verið ræktuð hér á landi frá því upp úr aldamótum 1900. Fjallaþinur fellir ekki barrið, ilmar vel og hefur oft jafna og þétta krónu.

Upplýsingar fengnar af vef Skógræktarfélags Íslands www.skog.is. *-sg*







**GULL-ÚRIÐ**
Axel Eiríksson
úrsmíðameistari

**MJÓDDINNI**
Álfabakka 16
sími 587 4100



**Opið laugardaga til jóla kl. 11-16**

Eirberg



## Betra loft betri líðan

**Airfree lofthreinsitækið**

Byggir á nýrri tækni sem eyðir
- Svifryki, myglusveppi og ólykt
- Gæludýraflösu og bakteríum
- Vírusum og öðrum örverum
- Er hljóðlaust og viðhaldsfrítt
- Tilvalið á heimilið og skrifstofuna

Hæð aðeins 27 cm

www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25






Davíð
Tæknilegur Soft Shell jakki

**Efni:** Polar Action Ice-Softshell 444L, 3ja laga

**Eiginleikar**
- Vind og vatnsheldur
- Vatnsheldir rennilásar
- Teygjanlegt efni sem auðveldar hreyfingu
- 2ja sleða rennilás
- Vatnsheldir öndunar rennilásar undir höndum
- Lokaður innri vasi fyir I-Pod/MP3 spilara með gati fyrir snúru.
- Innri vasi fyrir hanska
- Beygðar ermar sem auðvelda alla hreyfingu
- Vasi á ermi með saumlausum rennilás.
- Stillanleg hetta

**Stærðir:** S-XXL
**Litir:** Grár/svartur, Svartur

**Verð:** **19.400**

**ICEWEAR flíkur fást á eftirtöldum stöðum:**

**REYKJAVÍK:**
**Islandia**, Kringlan, Bankastræti 10
**The Víking**, Hafnarstræti 3
**Handprjónasambandið**, Skólavörðustíg 19, Laugavegi 64
**Ull og Gjafavörur**, Hótel Sögu
**Ísey**, Laugavegi 20
**Álafoss**, Laugavegi 1

**UTAN REYKJAVÍKUR:**
**Blue Lagoon**, Svartengi
**Geysir Shops**, Haukadal
**Gullfosskaffi**, Gulfoss
**Byggðasafnið Skógum**
**The Viking**, Akureyri
**Mývatn ehf**, Skútustöðum, Mývatn

**Tákn Sport og Útivist**, Húsavík
**El Grillo**, Seyðisfjörður,
**Álafoss Verksmiðjusala**, Álafossvegi 23, Mosfellsbæ
**Nóatún**, Selfossi

ICEWEAR ÍSLENSK HÖNNUN

hönnun: www.skissa.net

**Drífa ehf, Suðurhraun 12 C, 210 Garðabær, Sími 555 7400, Fax. 555 7401, icewear@icewear.is, www.icewear.is**



Kenya Emil, Sandra Þórðardóttir og Inga Þyri Þórðardóttir mynda tríóið Þrjár raddir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hljóma þrjár raddir í kór

**Tríóið Þrjár raddir var stofnað í lok nóvember af þremur söngelskum stúlkum, þeim Kenyu, Söndru og Ingu. Ætlunin var að komast í jólaskap með jólasöng en nú hafa þær varla undan að anna eftirspurn.**

„Ég hugsaði ekki neitt um peninga, hélt við myndum standa á Laugaveginum og gleðja fólkið á laugardögum og sunnudögum. Svo allt í einu var farið að bóka okkur,“ segir Sandra Þórðardóttir, sem myndar ásamt þeim Kenyu Emil og Ingu Þyri Þórðardóttur, tríóið Þrjár raddir. „Við höfum allar sungið frá því við vorum litlar,“ segir Sandra sem kynntist Kenyu árið 2003 þegar þær sungu saman í Motown-sýningu á Broadway. „Ég spurði hana í nóvember hvort hún vildi syngja með mér jólalög og þá fékk hún Ingu til liðs við okkur,“ útskýrir Sandra tilurð tríósins en Inga Þyri söng sem bakrödd í hljómsveit sem Kenya hefur verið með um nokkurt skeið. Sandra segir að það hafi komið henni á óvart hversu vinsælar þær urðu á stuttum tíma. „Það er búið að vera mikið að gera og við erum að syngja allt upp í fimm sinnum á kvöldi. Svo keyrum við sveittar á milli,“ lýsir hún og bætir við: „Enda er Inga dugleg að finna fyrir okkur gigg, hún dregur þetta áfram.“

Þrjár raddir eru líflegt tríó. „Við vildum hljóma eins og barberkvartett og erum því svolítið gamaldags og hressar,“ segir Sandra sem kom það á óvart hve mikinn tíma fólk gæfi sér til að hlusta á þær í jólaösinni. „Það stoppaði, hlustaði og klappaði,“ segir Sandra hissa en ánægð yfir viðtökunum. Þær stöllur stefna á áframhaldandi samvinnu á komandi ári. „Okkur langar að koma fram á árshátíðum og þorrablótum og erum þegar byrjaðar að æfa þorra- og árshátíðartónlist. Svo gæti verið gaman að syngja í brúðkaupum enda getum við með einhverjum fyrirvara æft þau lög sem fólk vill láta flytja.“

Sandra, Kenya og Inga syngja ekki aðeins í verslunarmiðstöðvum heldur troða einnig upp á spítölum og nokkrum góðgerðarsamkomum. Meðal annars verða þær á styrktarkvöldi samtakanna Blátt áfram næstkomandi laugardagskvöld.

*solveig@frettabladid.is*


LAGERÚTSALA
HÆÐASMÁRA 4, KÓPAVOGI




OPIÐ 13-19
Allir BH. 1900 kr.
Nærbuxur 900 kr.
2 x g-strengs 900 kr.
Náttföt 1200 - 2500 kr.
Sloppar 2500 kr.
Sundfatnaður 1500 kr.
og margt margt fleira

Smart Boutique

Leðurhanskar Verð frá 2.850 kr.
Vel yfir 150 tegundir og 60 litir fáanlegir Besta verðið og mesta úrvalið
Hvergi meira úrval af leðurhönskum Smart Boutique laugavegi 55 (við hliðina á Bónus)



Opið
10:00-22:00
fram að jólum
23. desember
er opið til
23:30

Smart boutique s.551-1040



**FERDALANGUR.NET** er athyglisverð vefsíða fyrir þá sem hyggjast leggja land undir fót. Á síðunni má finna upplýsingar um ferðamáta og fleira.

Gefðu hlýja gjöf.
Yfirhafnir kvenna í frábæru úrvali



• Jakkar
• Úlpur
• Ullarkápur
• Dúnkápur
• Vattkápur
• Hattar
• Húfur

Opið á Sunnudögum Til jóla frá kl.13-17
Næg bílastæði

Topp HÚSIÐ

Mörkinni 6
Sími 588 5518
Opið virka daga Frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-17

# Óvænt teboð í Frakklandi

**Íslenski dansflokkurinn sýndi fimm verk á hátíðinni Les Boreales í Frakklandi í síðasta mánuði. Fjórmenningar úr flokknum voru stöðvaðir á götu af aðdáendum og boðið í te og nýbakað í heimahúsi.**

„Okkur gekk vel að sýna og við fengum forkunnar góðar viðtökur. Fólk kallaði bravó á eftir okkur á götunum, það var mjög óvenjulegt,“ segir Aðalheiður Halldórsdóttir dansari sem er nýkomin frá Frakklandi með Íslenska dansflokknum og lýsir síðan óvæntri heimsókn til franskrar fjölskyldu.

„Eina frídaginn sem við höfðum ætluðum við fjögur saman að skoða það markverðasta í þessum litla bæ sem við vorum í og heitir Caen. Þá hittum við hjón á förnum vegi sem gáfu sig á tal við okkur. Þau höfðu komið á báðar sýningarnar okkar með dætur sínar tvær og vildu endilega bjóða okkur heim í te. Við þáðum það með þökkum. Fórum bara fyrst að skoða kirkju og kastala og bönkuðum svo upp á hjá þeim því þau höfðu gefið okkur heimilisfangið. Hjónin tóku skælbrosandi á móti okkur, frúin var búin að baka og bar fram japanskt te og alls konar kræsingar. Dæturnar voru þarna og amman mætti meira að segja. Mikið var spjallað og fólkið lýsti yfir ánægju með að fá okkur í heimsókn en heiðurinn var auðvitað okkar.

Þetta var á sunnudegi og þegar við spurðum hjónin um veitingastað til að fara á um kvöldið sagði frúin að lítið væri um opna staði á sunnudögum. „En ef þið lendið í vandræðum þá komið þið bara hingað,“ sagði hún. „Ég bý til súpu og baka köku. Fimmtán manns? Það er ekki neitt. Hringið bara með svona klukkutíma fyrirvara.“ Til þess kom þó ekki. Við fundum lítinn veitingastað og skrifuðum hjónunum póst um kvöldið. Við höfum aðeins verið í póstsambandi við þau síðan því nú er þetta „franska fjölskyldan okkar“. Hjónin eru arkitektar og búa í fallegu frönsku húsi með tveimur dætrum. Heimsóknin til þeirra var skemmtileg og óvænt og setti svip á ferðina.“

Aðalheiður segir dansflokkinn hafa verið í Caen í viku og notið gestrisni og gjafmildi. „Sá sem hélt um alla þræði heitir Jeróne Rémy og hann gerði það mjög vel. Þarna var líka myndlistarfólk og rithöfundar frá Íslandi og vel var mætt á alla viðburði.“

*gun@frettabladid.is*



„Okkur gekk vel að sýna og við fengum forkunnar góðar viðtökur,“ segir Aðalheiður í Íslenska dansflokknum sem fór nýlega í frægðarför til Frakklands. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




HPI Savage X 4,6
ÖFLUGUR FJARSTÝRÐUR
BENSÍN TORFÆRUTRUKKUR.

TÓMSTUNDAHÚSIÐ

Tómstundahúsið • Nethyl 2 • sími 587-0600
www.tomstundahusid.is

ALLT MATUR

Leitið upplýsinga hjá sölufulltrúum;

Jóna María 512 5473
Hugi 512 5447

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

Opið laugardaga til jóla kl. 11-16

Eirberg



Lyftu þér upp um jólin
Rafknúnir hægindastólar sem auðvelda þér að setjast og standa upp.

• Fást með tveimur mótorum • Einfaldar stillingar • Falleg hönnun • Fjölbreytt úrval

www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25

## Ýmislegt




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði


Seltjarnarnes. Falleg 85 fm. úsýnisíb. á 6. h. í lyftuh. Parket. laus. 864-7070

husaleiga.is

Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

**Rvk - Hfj**
**2ja - 3ja og 4ja herbergja íbúðir til leigu. Langtímaleiga. Upplýsingar á www.heima-hagar.is**

**Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long time rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 12 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 45 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða RVK.**
**Long time rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 45.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4530.**

BÚSETI

Rúmgott herbergi í 101 til leigu með aðgangi að baði og eldhúsi. Uppl. í s. 770 6090.

Einstaklingsíbúð í Seljahv. með sérinngangi, stórt herb., eldhús og snyrting (ekki baðaðstaða). Stutt í sund. Getur losnað fljótlega. Aðeins regluasamir koma til greina. S. 899 8195.

Glæsil. 4 herb. íb. í kórahv. m. útsýni og svölum í SV. Sanngj. verð s. 899 2123

2ja herb. íbúð til leigu með sérinngangi á sv. 200. Laus 1 jan. aðeins f. reglus. Uppl. í s. 893 3475.

Stúdíóíbúð í fossvogi. C.a 25 fm. 1.mán trygging. Uppl. í s. 557 5058 & 866 4754

**Til leigu / For rent**
Til leigu íbúðir og herbergi á besta stað í Reykjavík. For rent rooms and apartments. Good location.

Skrifstofuhúsnæði til leigu, 150 fm. 4 stórar skrifstofur. Lág leiga. Uppl. í s. 698 3211.

Íbúð/Gistipláss/herb. til leigu á svæði 104. Apartments/Rooms for rent contact number 661 4096 & 698 3211.

Nýuppgerð 75 fm. 3ja herb. íbúð í hjarta miðbæjarins til leigu. Íbúðin er laus frá áramótum. Eingöngu traustir leigjendur koma til greina. Verð samkomulag. Uppl. í s. 698 9608.

2 herb. í miðbæ Rvk. pnr 105. Húsgögn fylgja. Verð 60þ. S. 895 0482.

Herb. til leigu í 220. Hentar vel sem skrifst. eða gistir. 33 fm. Verð 35þ. S. 693 7815

**Sanngjörn leiga - ný 3ja herbergja íbúð**
Til leigu ný 3ja herb. 106fm íbúð í Kórahverfi, Kóp.. Parket á gólfi, rúmgóð geymsla og stæði í bílageymslu. Uppl. í s. 899 8811.

3 herb íbúð til leigu á svæði 109. 70 fm íbúð á jarðhæð í einbýli, sér inng. Rólegt og gott hverfi. Ísskápur, uppþv. vél, internetteng. 100 þ. hiti/rafm. innifalið. Uppl í s: 8206753/6906017

**Gullteigur, Rvk.**
147 fm 4 herb. ný sérhæð í nýju húsi laus strax. Uppl. í s. 821 0700.

**Selvogsgata, Hafnarf.**
58,2 fm 2ja herb. íbúð laus strax. Uppl. í s. 821 0700.

**Hraunbær, Rvk.**
91,3 fm 3ja herb. íbúð á 3. hæð. suður svalir. Uppl. í s. 821 0700.

**Bústaðavegur, Rvk.**
135 fm 4 herb. sérhæð og ris allt endurnýjað . Uppl. í s. 821 0700.

**Vindakór Kópavogi**
136 fm 4 herb. ný íbúð með stæði í bílahúsi. Uppl. í s. 821 0700.

**Álfkonuhvarf, Kóp.**
106,6 fm 3 herb. nýleg íbúð með stæði í bílahúsi. Uppl. í s. 821 0700.

**Vindakór, Kóp.**
110 fm 3 herb. ný íbúð með stæð í bílahúsi. uppl. í s. 821-0700

2ja herb íbúð til leigu í Grafarvogi. Góð staðsetning. Verð 80þús. Uppl í s: 696 0288

45 fm íbúð til leigu í hverfi 101. Skilvísum greiðslum og reglusemi áskilin. Uppl. í s. 568 1848 eða 820 6073.

4. herb. íbúð í vbæ Kópavogs til leigu stutt í skóla og þjón.Uppl. s. 6640027

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Fasteignir



**Ingólfsstræti 5 til leigu**

326,5 m² verslunar eða skrifstofuhúsnæði í miðbænum. Um er að ræða 210 m² jarðhæð með tveimur inngöngum og kjallari 116,5 m². Lofthæð á jarðhæð er 3,60. Í húsnæðinu var rekið gallerý.

**Húsnæðið er laust til afhendingar. Nánari upplýsingar gefur þröstur í síma 8970634.**

## Hlaðborð

Cafe Catalina

**Skötuveisla í Catalinu**

**Skötuveisla verður í veitingahúsinu Catalinu, Hamraborg 11 í Kópavogi, á Þorláksmessu þriðjudaginn 23. desember 2008. Opnar kl. 11:00.**

**Hlaðborð þar sem í boði verður**

***Vestfirsk skata, skötustappa, saltfiskur, plokkfiskur, rúgbrauð, smjör, hnoðmör, hamsatólg, kartöflur og rófur.***
***Yfirkokkur verður Hendrik Tausen***

**Allir velkomnir - Sími: 554-2166**

## Þjónusta




## Húsnæði óskast

Einbýlishús til leigu í Vesturbergi. 6 herb. 150 þ. + hiti & rafm. Uppl. í s. 693 7815.

## Geymsluhúsnæði




**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

## Sumarbústaðir

Sumarhúsateikningar, 30 ára reynsla. Mikið úrval af stöðúðum teikningum. www.teiknivangur.is

## Atvinnuhúsnæði

HÖFÐABÍLAR – þar sem bílar seljast

Höfum til leigu bil 135,8 fm að Fosshálsi 27, 110 RVK, jarðhæð. Innfalið í leigu, heitt og kalt vatn + rafmagn. Til afhendingar strax. S. 577 4747 eða Sigurður í 892 3482 eða á hogni@hofdabilar.is

Get haft til leigu 30-60 fm iðnaðarpláss. 20 mín. sunnan Hafnafjarðar. Uppl. í s. 894 0431.

**4ra herb. Íb í hverfi 104**
Til leigu 4ra herb. Íbúð í lyftuhúsi við Ljósheima. Sanngjörn leiga. Upplýsingar í síma 892 7798.

## Bílskúr

Bílskúr til leigu í Hafnarfirði, við Sléttahraun Ca 23 fermetrar. Upplýsingar í síma 864 7272.

## Gisting

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Keiluhöllin í Öskjuhlíð**
**Óskar eftir starfsmanni á síma við móttöku pantana alla virka daga frá 09-17.**
**Upplýsingar í síma 617 2929 og á www.keiluhollin.is**

Vantar þjóna á veitingastað í miðbæ Rvk. Uppl. sendist á maria151174@hotmail.com

Need seamstress who is able to make pattern, for a part time job. Con. seamstressrvk@yahoo.com

Vantar stálsmiði í vinnu. Uppl. í s. 893 9722.

Óska eftir nuddara til starfa. Reynsla skilyrði. Uppl. í s. 895 8966.

Vantar fólk ! Öll kennsla í boði. Sjálfstæður herbalife dreifingaraðilar. Sólrún Ósk S. 891 9883. www.betrileid.is & Óli Maríus s. 847 1110, www.heilsufrettir.is/fireface

Vantar bílstjóra í Noregi og Svíþjóð og iðnaðarmenn og verkafólk í Noregi. Upplýsingar í síma 004793612668

## Atvinna óskast

33 ára nemandi í stýrimannanámi óskar eftir plássi á sjó sem first til 10jan. (er með 12m réttindi). S. 868 7522.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Gilt taska var tekin (úr bíl) fyrir utan Rúmfatalagerinn í smáralind í gær kl. 12:00 ca. í henni voru gleraugu, farasími, garn og prjónar einnig var ný úlpa tekin. Ef einhver hefur rekist á þetta vinsamlegst hringið í S: 557 6233

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur S. 908 6666, opið allan sólarhringinn. Öll stærstu símafyrirtækin ná nú í gegn.**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

Viltu ná betri árangri ? www.betrileid.is & www.heilsufrettir.is/fireface



**Við komum pakkanum þínum til skila**

Þarftu að láta sækja og senda til fyrirtækja eða einstaklinga?

Láttu Pósthúsið sjá um að koma pakkanum þínum til skila og sparaðu fyrirtækinu þínu tíma, fé og fyrirhöfn.

Nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar í síma 585 8330

Pósthúsið | Suðurhrauni 1 | Garðabæ | posthusid.is

Pósthúsið






þar veturinn 1976-77 og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra sem tók við kyndli samflokksmanns síns árið eftir. Hvort þau hafi spáð í sætaskipan þeirra beggja þrjátíu árum síðar skal ekki fjölyrt um hér.

Til gamans má geta að tveimur árum eftir að Ingibjörg stóð úr formannsstólnum settist í hann Stefán Jóhann Stefánsson, í nafni vinstrimanna, nú ritstjóri í Seðlabankanum. Samtíða honum var lykilmaður í íslenskum stjórnmálum í dag að stíga sín fyrstu skref. Sá er Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna.

Í sæti Stefáns næsta vetur settist svo Finnur Ingólfsson, síðar ráðherra Framsóknarflokksins, seðlabankastjóri um tíma og einn arkitektanna að einkavæðingu Búnaðarbankans, nú Kaupþings. Þá var hann einn af stærstu hluthöfum Icelandair Group og félögum sem tengdust gamla Sambandinu með einum eða öðrum hætti. Seta hans í Stúdentaráði var í nafni Umbótasinna, sem síðar sameinaðist Félagi vinstrisinna undir merkjum Röskvu.

Tæpum áratug síðar settust tveir háskólastúdentar sem nokkuð hefur kveðið að upp á síðkastið í formannsstólinn. Það voru jafnaldrarnir Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, sem sat í Stúdentaráði í nafni Vöku veturinn 1989 til 1990, þá 23 ára, og Sigurjón Þ. Árnason, fyrrverandi forstjóri Landsbankans, sem sat í nafni sömu hreyfingar næsta vetur á eftir.

Krókurinn beygðist snemma hjá Jónasi Fr. en árið 1989 setti hann sig upp á móti því að Stúdentaráð ætti hlutabréf í útvarpsfélaginu Rót, sem Stúdentaráð tók þátt í að stofna tæpum tveimur árum fyrr þegar Félag vinstrimanna og umbótasinnaðra stúdenta sat í ráðinu. Vökuliðar, sem voru í minnihluta þá, voru frá upphafi mótfallnir fjárhagslegri aðild Stúdentaráðs í rekstrinum og var félaginu slitið í tíð Jónasar með sextán atkvæðum Vöku gegn tólf atkvæðum Röskvu, sem þá samanstóð af miðju- og vinstriflokkunum í háskólapólitíkinni og komin í minnihluta.

Af Sigurjóni var það að frétta að hann virðist hafa gefið sig allan í háskólapólitíkina og stóð ásamt öðrum að ýmsum hagsmuna- og þjóðþrifamálum, svo sem notkun á endurunnum pappír, bættum dagvistunarmálum og uppbyggingu stúdentagarða fyrir háskólanemendur í Vatnsmýrinni undir yfirskriftinni: „Stúdentahverfi 2000“. Þótt þessar fyrirætlanir hafi hljómað eins og hver önnur framtíðarmúsík árið 1991 varð raunin önnur eins og sjá má við mýrina.

Aðrir sem setið hafa í formannsstóli Stúdentaráðsins hafa sömuleiðis látið talsvert að sér kveða á opinberum vettvangi síðustu ár en einn þeirra landaði borgarstjórastólnum til skamms tíma. Sá heitir Dagur B. Eggertsson. Þá var heimspekingurinn Björgvin G. Sigurðsson, nú viðskiptaráðherra, ritstjóri Stúdentablaðsins á árabilinu 1997 til 1998.

Þótt ekki sé ætlunin að halla á aðra í upptalningunni mun framtíðin ein skera úr um hvar viðkomandi lenda í sögubókum. Þeir myndu hvort eð er liggja undir radar ættfræðinga. Eða svo vitnað sé til Braga á ný: „Ættfræðingarnir eru ekki í neinum fertugum og yngri.“

**FJÁRMÁLAFORINGJAR ÚR VÖKU**

Að öðrum ólöstuðum er listi Vöku á níunda og tíunda áratug síðustu aldar athyglisverður en þar á listum eru margar af lykilpersónum í íslensku efnahagslífi Nýja Íslands.

Þannig var Jónas Fr. gjaldkeri stjórnar Vöku veturinn 1987 til 1988 en varaformaður árið eftir. Formaður stjórnar Vöku á sama tíma var Lárentsínus Kristjánsson, nú formaður skilanefndar Landsbankans. Lárentsínus var nokkuð í fréttum í fyrra þegar fjárfestingarfélagið Gnúpur lenti í hremmingum eins og frægt er orðið.

Mun fleiri bankamenn bættust í stjórn Vöku eftir því sem nær dró nútímanum. Illugi Gunnarsson, nú þingmaður Sjálfstæðismanna, var ritari veturinn 1989-90. Í stjórninni veturinn 1991 til 1992 sat ungur maður sem átti eftir að láta að sér kveða örfáum árum síðar. Það var Hreiðar Már Sigurðsson, síðast forstjóri Kaupþings, þá gjaldkeri, sem hélt um buddu Vöku. Hann var þá 21 árs. Tæpur mánuður er síðan hann fagnaði 38 ára afmælinu.



**BRAGI BÓKSALI** „Þótt öll þessi mál nú séu morkin og rotin er ekki beint við neinn að sakast.“

Eru þá aðeins fáeinir stjórnarmenn upp taldir sem hafa látið að sér kveða í framvarðarlínu íslensks efnahagslífs síðustu ár.

Erfitt er að átta sig á stjórnarsetum manna á öðrum listum en Vöku. Þetta félag lýðræðissinnaðra stúdenta hefur í gegnum tíðina staðið sig með eindæmum vel að halda öllu til haga er varðar stjórnarmenn.

Öðru máli gegnir um aðra flokka skólans, svo sem Félag vinstrimanna, Umbótasinna og aðra eldri flokka.

**FREKAR RUNNI EN TRÉ**

Hér hefur ekki verið ætlunin að birta tæmandi lista yfir tengsl allra lykilpersóna í því umróti sem riðið hefur yfir íslenskt samfélag heldur einungis að vekja athygli á þeim. Þau eru án nokkurs efa mun fleiri.

Líkt og Bragi Kristjónsson benti á í upphafi greinar eru tengsl manna hér á landi algeng og gjarnan bundin fjölskyldu- og vinaböndum. Næsta ómögulegt sé því að koma í veg fyrir að leiðir manna skarist ekki á einhvern hátt. Þó verði að hindra að einstaka menn hagnist umfram aðra af slíkum tengslum.

Með þetta á bak við eyrað væri nær að kalla stöðuna sem komin er upp Litla Ísland en það nýja.



# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Er grundvallarmál alltaf grundvallarmál?

## *Er bannað að benda?*

**Ingimar Karl Helgason**

Miklu máli skiptir að geta verið í friði með sitt. Maður vill gjarnan geta rætt við lækninn sinn í trúnaði, sálfræðinginn eða lögfræðinginn. Nú og auðvitað bankann sinn.

Trúnaður milli banka og viðskiptavinar er af mörgum talinn vera einn grundvöllur bankastarfsemi; bankaleyndinni á að fylgja traust milli bankans og viðskiptamannsins. Nú er traustinu ógnað segja menn um hrunið bankakerfið.

Fréttastofur vilja komast í gögn gömlu bankanna og birta almenningi hvað átti sér stað þar innan veggja í góðærinu, í aðdraganda hrunsins og nú í sjálfu hruninu.

Hverjir fengu lán og gegn hvernig veðum? Á hvaða kjörum? Í hvaða tilgangi? Hvað varð svo um allt saman? Af hverju missi ég vinnuna mína og af hverju hækka skattarnir mínir og lánin mín? Hvar eru skýringarnar ef ekki þar?

**Bankaleyndin virðist nefnilega hætta að eiga við um leið og einhver lendir í vanskilum. Þá er í lagi, ekki einungis að birta fjárhagsupplýsingar einstaklinga, heldur að selja þær. Og það með opinberu leyfi.**

Í Markaðnum var nýverið farið yfir nokkur dæmi um að bankaleynd hafi verið aflétt. Til stendur að rannsóknarnefnd sem skipuð er samkvæmt lögum, fari framhjá henni. Hæstiréttur hefur dæmt að skatturinn geti fengið upplýsingar sem alla jafna bankaleynd hvílir yfir. Ríkisskattstjóri benti á það við réttarhöld að þetta traust, bankaleynd, megi ekki verða til þess að menn komist upp með að svíkja samborgara sína; stinga undan skatti. Bankaleyndin geti ekki verið skálkaskjól. Sama sagði viðskiptaráðherra.

Í lögum um fjármálafyrirtæki er að finna skilgreiningu á bankaleynd, sem birt var í úttekt Markaðarins á dögunum. Þar var rætt um þagnarskyldu um hvaðeina sem starfsmaður fjármálafyrirtækis verður áskynja í starfi sínu. Í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga, er bankaleyndin ekki skilgreind sérstaklega, eða flutt fyrir henni rök. Hún þykir svo sjálfsögð að rætt er um „almenn“ ákvæði um bankaleynd. Bankaleyndin virðist vera einhvers konar óskoruð grunnregla. Forsenda sem ekki þurfi að rökstyðja.

Þrátt fyrir þetta virðist hún víkja, þegar almannahagsmunir krefjast. Hagsmunir eins viðskiptavinar geta raunar verið hagsmunir þeirra allra, en sumir viðskiptavinir eru líka eigendur.

Þá eru almannahagsmunir ekki alltaf taldir liggja í þagnarsambandi bankans við viðskiptamann sinn. Ríki á meginlandi Evrópu berjast gegn skattaparadísum og krefjast upplýsinga. Þýsk yfirvöld borguðu stórfé fyrir skrá um viðskiptavini banka í Liechtenstein. Sama gerðu önnur ríki. Yfirvöld hér sóttust eftir upplýsingum úr skránni, til að fullvissa sig um hvort Íslendingur hefði átt reikning í bankanum.

En svo er annar flötur. Bankaleyndin virðist nefnilega hætta að eiga við um leið og einhver lendir í vanskilum. Þá er í lagi, ekki einungis að birta fjárhagsupplýsingar einstaklinga, heldur að selja þær. Og það með opinberu leyfi. Það er svo merkilegt að um leið og einhver lendir í vanskilum, þá hættir bankaleyndin að vera grundvallarmál og verður í staðinn praktískt úrlausnarefni þess sem þarf að innheimta. Svo hugsar maður til saksóknara og afnáms bankaleyndar. Er það lögbrot að lenda í vanskilum? Stjórnvaldið sem veitir söluleyfið segist raunar ekki líta á fjárhagsupplýsingar sem viðkvæmar persónuupplýsingar og þannig eru lögin.

Hversu viðkvæmt var góðærið, aðdragandinn að hruninu og loks sjálft hrunið?

Einhver gæti orðað það svo að það sé í lagi að sparka í þann sem liggur, í vanskilum kannske, en bannað að líta í áttina að öðrum? Enn síður benda …

bjorn.ingi@markadurinn.is I ingimar@markadurinn.is I jonab@markadurinn.is I olikr@markadurinn.is




# Kauphöllin og endurreisnin

ORÐ Í BELG



**Þórður Friðjónsson**
forstjóri NASDAQ OMX Iceland.

Kauphöll er spegill efnahagslífsins. Þegar vel gengur leita kauphallarvísitölur upp en þegar blikur eru á lofti leita þær niður – og þegar virkilega á bjátar falla þær eins og steinar. Bankahrunið hér á landi hefur svo sannarlega birst í NASDAQ OMX kauphöllinni á Íslandi. Þannig er Úrvalsvísitalan nú 375 stig samanborið við um og yfir 4000 fyrir bankakreppu eftir því hvaða tími er valinn til viðmiðunar. Engin dæmi eru til um svona mikla lækkun meðal þróaðra þjóða í seinni tíð. Speglillinn sýnir því ekki fagra mynd um þessar mundir.

Kreppan í efnahagslífinu nú er líka dýpri en um langt skeið. Það þarf að fara aftur til síldarkreppunnar 1967/1969 til að finna áþekkar tölur um samdrátt. Þá dróst landsframleiðslan saman um 8% og þjóðartekjur um 12% borið saman við spár Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Seðlabanka um 10% samdrátt á næstu tveimur árum. Þeir sem muna síldarkreppuna, tala ekki um þeir sem tengdust sjávarútvegi, muna að hún var mjög erfið. En við náðum okkur fljótt á strik aftur.

### SVÖRIN Í FRAMTÍÐARSÝNINNI

Það er engin ástæða til að ætla að samdráttarskeiðið að þessu sinni verði langvinnt, þótt það verði djúpt og sárt. Íslendingum hefur að jafnaði gengið vel að vinna sig út úr áföllum. Því er hins vegar ekki að leyna að gera verður marga hluti rétt og á réttum tíma til þess að hagkerfið hrökkvi í gang og við fáum þessa hefðbundnu v-laga hagsveiflu. Þetta á auðvitað sérstaklega við um hagstjórnina, gengismál og nýmarkaðsvæðinguna.

Hvað getur Kauphöllin gert? Hvert verður hlutverk hennar í endurreisn efnahagslífsins? Á hvað á að leggja áherslu á næstu mánuðum og misserum? Hvernig verður traust á hlutabréfamarkaði endurreist? Hvað getur Kauphöllin gert í því efni og hvaða úrbætur þarf á umhverfi eftirlits og löggjafar? Hvernig gerum við mest gagn í því uppbyggingarstarfi sem er fram undan? Þessum spurningum höfum við í Kauphöllinni mikið velt fyrir okkur að undanförnu.

Svörin birtast að hluta í þeirri framtíðarsýn sem við vinnum með um þessar mundir. Þar er gengið út frá djúpri en skammvinnri efnahagslægð í þá veru sem að framan greinir. Að baki liggur að fylgt verði skynsamlegri efnahagsstefnu og hratt og örugglega verði horfið frá haftastefnu og ríkisafskiptum af atvinnulífi. Markaðsbúskapur verði að nýju einkennandi fyrir efnahagslífið áður en langt um líður. Þannig gerum við ráð fyrir að hagvöxtur glæðist þegar líða tekur á árið 2010 og þegar 2011 verði vöxturinn orðinn jafn meðalvexti til lengri tíma.

Kauphöllin samanstendur í aðalatriðum af skuldabréfamarkaði og hlutabréfamarkaði. Að öllum líkindum verður markaðurinn með skuldabréf fljótur að ná sér. Reyndar hafa þegar birst skýr batamerki á þessum markaði. Góður upptaktur er í veltunni og við reiknum með að skuldabréfamarkaðurinn nái fullum bata þegar á næsta ári. Mikil þörf verður fyrir nýjar útgáfur skuldabréfa og markaðurinn hér á landi er bæði öflugur og skilvirkur, meðal annars er óvíða sem viðskipti parast með rafrænum hætti í jafn ríkum mæli og í íslensku kauphöllinni.

### NÝMARKAÐSVÆÐING HAFIN

Aðra sögu er að segja af hlutabréfamarkaðnum. Hann er ekki svipur hjá sjón miðað við það sem hann hefur verið undanfarin ár. Til marks um það má nefna að fyrir bankahrunið var samanlagt markaðsvirði skráðra félaga í Kauphöllinni um 1500 milljarðar króna eða sem samsvarar um 120% af landsframleiðslu. Þetta er svipuð stærð á hlutabréfamarkaði miðað við stærð hagkerfis og algengt er í þeim löndum sem fremst standa í efnahagsmálum. Eftir hrunið er heildarvirði fyrirtækjanna um 250 milljarðar króna eða rétt um 20% af landsframleiðslu og þar með er Ísland sennilega með minnsta hlutabréfamarkaðinn af þeim löndum sem við höfum talið eðlilegt að bera okkur saman við.

Hér er því mikið verk að vinna. Brýnt er að hefja sem fyrst nýmarkaðsvæðinguna. Hvergi í þeim löndum sem standa fremst á sviði efnahagsmála gegnir ríkið jafn stóru hlutverki í hagkerfinu og reyndin er orðin á Íslandi. Til að búa í haginn fyrir nýtt hagvaxtarskeið er nauðsynlegt að endurskipuleggja þjóðarbúskapinn. Í þessari endurskipulagningu felst meðal annars að færa ríkisfyrirtækin á ný í hendurnar á einstaklingum og markaðnum. Þetta ferli þarf að hefja sem fyrst. Við þurfum nýja markaðsvæðingu atvinnulífsins sem byggir á traustum innviðum, gagnsæi og skynsamlegri stjórn efnahags- og peningamála.

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

Heimilistæki
www.ht.is
REYKJAVÍK AKUREYRI HÚSAVÍK SELFOSS

*At the heart of the image*

Nikon

## > Ísland mætir Liechtenstein

Karlalandslið Íslands í fótbolta mætir Liechtenstein í vináttulandsleik á La Manga á Spáni 11. febrúar á næsta ári en þetta var staðfest á heimasíðu KSÍ í gær. Ísland hefur fjórum sinnum mætt Liechtenstein og tvisvar sinnum unnið en í síðustu tveimur viðureignum þjóðanna, í undankeppni EM 2008, hafði Liechtenstein yfirhöndina með 1-1 jafntefli og 3-0 sigri. Um alþjóðlegan leikdag er að ræða og því mun landsliðsþjálfarinn Ólafur Jóhannesson geta kallað til sína bestu leikmenn í verkefnið sem er til undirbúnings fyrir undankeppni HM 2010 sem hefst að nýju 1. apríl á næsta ári með leik gegn Skotlandi.



**sport**
sport@frettabladid.is

GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON: Í SANNKÖLLUÐUM STJÖRNUFANS Á BOXBARDAGA KLITSCHKO OG RAHMANS

# *Guðjón sat með Michael Buffer og Lukas Podolski*

Handboltakappinn Guðjón Valur Sigurðsson sat á fremsta bekk í SAP Arena síðastliðið laugardagskvöld þegar Vladimir Klitschko og Hasim Rahman kepptu í heimsmeistarabardaga í þungavigt. Bardaginn fór fram á sama stað og félag Guðjóns, Rhein-Neckar Löwen, spilar heimaleiki sína í en þangað fór hann í boði liðsfélaga síns, þýska landsliðsmannsins Oliver Roggisch.

„RTL-sjónvarpsstöðin mun sýna frá HM í handbolta í janúar og er því að kynna mótið eins og það getur. Liður í kynningarstarfseminni er að setja upp léttan sýningarbardaga á milli Roggisch og Riddicks Bowe sem er gömul hetja í þungavigtinni.

Hann var einmitt að keppa sama kvöld á undan Klitschko. RTL gaf því Roggisch tvo miða á besta stað. Konan hans komst ekki með og því bauð hann mér. Það var algjör snilld og hreinlega ekki hægt að kaupa svona sæti. Við vorum nánast upp við hornið hjá Rahman. Efa að ég fái að upplifa svona box í slíkum sætum aftur," sagði Guðjón Valur himinlifandi en hann sat ekki með neinum meðalmönnum.



„Við hliðina á mér var FC Bayern-stjarnan Lukas Podolski og við hliðina á Roggisch var síðan Michael Buffer. Fyrir aftan okkur var síðan kona Rahmans og á stundum hálfgrátandi enda verið að berja hressilega á manninum hennar," sagði Guðjón Valur en fyrir þá sem ekki vita er Michael Buffer frægasti kynnir heims sem hefur gert setninguna „Let's get ready to rumble" ódauðlega.



„Þetta var afar gaman og þeir félagar voru kumpánlegir og gaman að spjalla við þá. Það var mikið verið að mynda okkur og ljósmyndararnir hafa eflaust mikið spáð í það hver þessi óþekkti væri sem sæti hjá Podolski," sagði Guðjón Valur af sinni víðfrægu hógværð.



**STUÐ Í DHL-HÖLLINNI** Það má búast við góðri mætingu á leik KR og Keflavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Subway-bikarinn í körfu:

## Stórleikur KR og Keflavíkur

**KÖRFUBOLTI** Það verður stórleikur í 8 liða úrslitum Subway-bikars karla því topplið KR dróst á heimavelli gegn Íslandsmeisturum Keflavíkur. Liðin mætast síðan aftur í deildinni skömmu síðar. Það er líka annar úrvalsdeildarslagur þegar Grindavík tekur á móti ÍR. Hjá konunum eru þrír úrvalsdeildarslagir. - óój

### 8 LIÐA ÚRSLIT BIKARSINS:

| | |
|---|---|
| **Konur:** | |
| Skallagrímur -Hekla | Haukar-KR |
| Fjölnir-Valur | Keflavík -Hamar |
| **Karlar:** | |
| Njarðvík-Haukar | KR-Keflavík |
| Grindavík-ÍR | ÍBV/Stjarnan-Valur |



Til leigu
iðnaðarhúsnæði
Um er að ræða um 417 fermetra húsnæði með 2 stórum innkeyrsluhurðum með rafmagnsopnun. Mikil lofthæð og góð aðkoma. Góð staðsetning við Vesturhraun í Garðabæ (hverfið á móti IKEA). Laust nú þegar.

Upplýsingar í síma 480-0000

# Vanvirðing að hafna þessu tilboði

**Ólafur Stefánsson segir mjög líklegt að hann taki tveggja ára samningstilboði Rhein-Neckar Löwen. Ekkert verður af því að Ólafur fari til Danmerkur þar sem skartgripajöfurinn Jesper Nielsen er hættur við að gera AG að stórveldi. Hann fer með peningana sína til Löwen í staðinn þar sem hann verður stjórnarformaður.**

**HANDBOLTI** Skjótt skipast veður í lofti hjá Ólafi Stefánssyni. Fyrir nokkrum vikum var hann á leið til danska C-deildarliðsins AG Handbold. Ekkert verður af því þar sem maðurinn sem ætlaði að gera AG að stórveldi, Jesper Nielsen, er hættur við þær áætlanir sínar og ætlar frekar að gera Rhein-Neckar Löwen, sem Guðjón Valur Sigurðsson leikur með, að stórveldi.

Nielsen undirstrikaði þann metnað sinn í gær þegar hann réð handboltagoðsögnina Noka Serdarusic sem þjálfara til næstu þriggja ára. Serdarusic gerði Kiel að besta handboltaliði heims þegar hann þjálfaði það í 15 ár. Nielsen er þess utan búinn að bjóða Ólafi Stefánssyni að koma með sér til Löwen.

„Ég tel afar líklegt að ég taki þessu tilboði sem er fáránlega gott. Það er eiginlega ekki hægt að hafna því og væri í raun vanvirðing. Þetta er samningurinn sem ég átti að fá í Danmörku fyrir utan að ég fæ þriggja ára launin mín þar á tveimur árum hjá Löwen. Það væri því hálfgert grín að segja nei. Ég er samt enn aðeins að melta þetta," sagði Ólafur við Fréttablaðið í gær og neitaði ekki að tíðindin hefðu komið honum aðeins í opna skjöldu.

„Ég var náttúrlega gíraður inn á að fara til Danmerkur. Ég get það í rauninni enn ef ég vil en það er ekkert vit í því þar sem forsendurnar fyrir árangri eru brostnar þar. Það er vissulega spennandi dæmi í gangi handboltalega séð hjá Löwen líka. Tala nú ekki um þar sem Serdarusic er orðinn þjálfari og von á fleiri sterkum leikmönnum. Annars stendur mér margt til boða. Gæti spilað hér áfram meðal annars en ég var búinn að innstilla mig á breytingar og því er líklegt að ég fari til Löwen," sagði Ólafur sem gerir ráð fyrir að ákveða sig endanlega fyrir jól.



**SKRAUTLEGUR** Jesper Nielsen er til í að greiða Ólafi það sama á tveim árum í Þýskalandi og hann ætlaði að gera á þrem árum í Danmörku.

Hinn skrautlegi Jesper Nielsen kom enn eina ferðina á óvart með þessu útspili sínu í gær að hætta við ævintýraverkefnið með AG. Hann viðurkenndi í kjölfarið að það hafi verið frekar óraunhæft að gera AG að stórveldi.

„Ég er að flytja með fjölskylduna til Þýskalands og fékk spennandi tilboð frá Löwen sem erfitt var að hafna. Ég mun taka við sem stjórnarformaður Löwen 1. júlí næstkomandi. Ég mun engu síður styrkja AG áfram en þó í minna mæli en ég ætlaði mér," sagði Nielsen við Fréttablaðið í gær. Hann staðfesti enn fremur að hann væri búinn að ráða Serdarusic og hefði gert Ólafi freistandi tilboð.

„Ég er mjög nálægt því að ná samningi við Ólaf. Ég vona svo innilega að hann taki okkar tilboði og það væri mikill heiður ef hann vill spila fyrir okkur," sagði Nielsen og bætti við að hann ætlaði sér að hafa skandinavísk áhrif í liðinu sem hefur að hluta til verið borið uppi af Pólverjum meðal annars.

„Ég er í viðræðum við sterka leikmenn frá Skandinavíu og á næstu leiktíð teflum við fram mjög sterku liði sem verður með skandinavískum blæ. Það verða fleiri tíðindi frá okkur á næstu dögum," sagði Nielsen að lokum.

henry@frettabladid.is



**TIL GUÐJÓNS VALS?** Ólafur Stefánsson mun líklega spila með Guðjóni Vali Sigurðssyni hjá Rhein-Neckar Löwen næsta vetur. NORDIC PHOTOS/AFP

Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti

Er tímareimin komin á tíma?

Fast verð hjá Vélalandi

Skoðaðu fast verð hjá Vélalandi. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.

Verðdæmi um tímareimaskipti:

Nissan Patrol 2,8 dísil Árgerð 1992-2000
Heildarverð, varahlutur og vinna: 35.271 kr.

Toyota Land Cruiser 90 D4D Árgerð 2000-2006
Heildarverð, varahlutur og vinna: 26.283 kr.

Toyota Corolla 1,6 bensín Árgerð 1997-2001
Heildarverð, varahlutur og vinna: 34.212 kr.

VW Golf 1,6AEE bensín Árgerð 1997-2006
Heildarverð, varahlutur og vinna: 44.555 kr.

Ford Focus 1,6 bensín Árgerð 1998-2005
Heildarverð, varahlutur og vinna: 37.109 kr.

Opið virka daga kl. 8:00 til 17:00
www.velaland.is

Vélaland sérhæfir sig í tímareimum.
Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um skiptingu á tímareim. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.

Sjáðu hvar við erum. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.




VÉLALAND

Leikið var í 16 liða úrslitum þýska bikarsins í gær:

## Flensburg úr leik

**HANDBOLTI** Guðjón Valur Sigurðsson og félagar í Rhein-Neckar Löwen gerðu sér lítið fyrir og slógu Flensburg úr leik í 16 liða úrslitum þýska bikarsins í handbolta í Campushalle í gærkvöld með 26-27 sigri.

Flensburg leiddi leikinn örugglega í fyrri hálfleik og var alltaf skrefinu á undan Rhein-Neckar Löwen en staðan í hálfleik var 16-13 heimamönnum í vil.

Í síðari hálfleik var allt annað að sjá til Rhein-Neckar Löwen og liðið náði smátt og smátt að vinna upp forskot Flensburg og þegar tíu mínútur lifðu leiks jafnaði Guðjón Valur metin, 24-24.

Lokamínúturnar voru gríðarlega spennandi en á endanum voru það leikmenn Rhein-Neckar Löwen sem fóru með 26-27 sigur af hólmi.

Innkoma markvarðarins Henning Fritz vó þungt í sigri Rhein-Neckar Löwen en hann varði þrjú vítaköst á mikilvægum augnablikum á lokakaflanum.

Guðjón Valur var markahæstur hjá Rhein-Neckar Löwen með fimm mörk ásamt Christian Schwarzer og Uwe Gensheimen en hjá Flensburg var Lars Christiansen með tíu mörk. - óþ



**ÖFLGUR** Uwe Gensheimer átti góðan leik fyrir Rhein-Neckar Löwen í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY



**INCE** Var í gær rekinn sem knattspyrnustjóri Blackburn. NORDIC PHOTOS/GETTY

Blackburn leitar að stjóra:

## Ince sparkað

**FÓTBOLTI** Stjórn Blackburn tilkynnti í gær að félagið hafi ákveðið að reka knattspyrnustjórann Paul Ince eftir aðeins tæpa sex mánuði í starfi. Leit að eftirmanni stendur nú yfir en vonast er til þess að hann verði fundinn fyrir næstu helgi.

Archie Knox, þjálfari aðalliðsins, og Karl Robinson, aðstoðarmaður hans, stýra Blackburn þangað til nýr knattspyrnustjóri finnst. - óþ

# Panasonic

## TOPP TÆKI

### HLAÐIN GÆÐA TÆKNI OG VIÐURKENNINGUM




**Panasonic TH46PZ85**
- 42" Full HD 1080p 16:9 Plasma
- Upplausn: 1920x1080 punktar
- V-Real Pro3 Engine - Betri myndgæði
- Intelligent Frame Creation (IFC)
- 100Hz
- 24p Real Cinema
- x.v Colour
- Real Black Drive 1.000.000:1 skerpa
- 20w Nicam Stereó með BBE ViVA HD3D

EISA AWARD Best Product 2008-2009
BEST VALUE PLASMA-TV
Panasonic VIERA TH46PZ85

**TILBOÐ 479.990**
FULLT VERÐ kr. 549.990




**Panasonic TX37LZD70F**
- 37" Full HD 1080p 16:9 LCD breiðtjald
- Upplausn: 1920x1080 punktar
- V-Real Pro 2 Engine tækni - Meiri myndgæði
- Skerpa: 8.500:1 og birtustig: 500 cd/m2
- SDHC Kortalesari innbyggður (les MPEG2 og H.264)

**TILBOÐ 219.990**
FULLT VERÐ kr. 249.990




**Panasonic TX32LZD80F**
- 32" Full HD 1080p 16:9 LCD
- Upplausn: 1920x1080 punktar
- V-Real Pro3 Engine - Meiri myndgæði
- 24p Cinema myndtækni
- x.v Colour
- Skerpa: 10.000:1 og birtustig: 500 cd/m2
- SD/SDHC kortalesari (les MPEG2 og H.264)

**TILBOÐ 279.990**
FULLT VERÐ kr. 299.990




**Panasonic TH42PX80EA**
- 42" HD Ready 16:9 Plasma
- Upplausn: 1024x768 punktar
- V-Real 3 Engine tækni - Betri myndgæði
- 100Hz
- 24p Cinema myndtækni
- Real Black Drive 500.000:1 skerpa
- SD/SDHC kortalesari (les MPEG2 og H.264)
- 20w Nicam Stereó með V-Audio

**TILBOÐ 249.990**
FULLT VERÐ kr. 279.990




**Panasonic TH42PZ80**
- 42" Full HD 1080p 16:9 Plasma
- Upplausn: 1920x1080 punktar
- V-Real Pro3 Engine - Betri myndgæði
- 100Hz
- 24p Cinema myndtækni
- x.v Colour
- Real Black Drive 1.000.000:1 skerpa
- 20w Nicam Stereó með V-Audio

**TILBOÐ 349.990**
FULLT VERÐ kr. 389.990




**Panasonic TH42PZ85**
- 42" Full HD 1080p 16:9 Plasma
- Upplausn: 1920x1080 punktar
- V-Real Pro3 Engine - Betri myndgæði
- Intelligent Frame Creation (IFC)
- 100Hz
- 24p Real Cinema myndtækni
- x.v Colour
- Real Black Drive 1.000.000:1 skerpa
- 20w Nicam Stereó með BBE ViVA HD3D

**TILBOÐ 399.990**
FULLT VERÐ kr. 449.990




**Panasonic TH50PZ80**
- 50" Full HD 1080p 16:9 Plasma
- Upplausn: 1920x1080 punktar
- V-Real Pro3 Engine - Betri myndgæði
- 100Hz
- 24p Cinema myndtækni
- x.v Colour
- Real Black Drive 1.000.000:1 skerpa
- 20w Nicam Stereó með V-Audio

**TILBOÐ 559.990**
FULLT VERÐ kr. 599.990

**Panasonic DMREH68**
Fjölkerfa DVD SPILARI með 320GB hörðum disk og upptöku, Video uppskölun í 1080p í gegnum HDMI, beint á DVD af harða disknum með 1 takka, Viera link, allt að 567 tíma uppt., tekur upp á DVD+R/RW, DVD-R/RW, DVD-RAM og DVD, Dual Layer, færir á milli DVD, USB og HDD, Dolby Digital og DTS digital out, i-Link, SD kortalesari, USB 2.0, 2 Scart, HDMI, Digital Optical tengi ofl.

EISA AWARD Best Product 2008-2009
DVD-HDD RECORDER
Panasonic DIGA DMR-EH68



**DVD SPILARI MEÐ 320GB HÖRÐUM DISK**

**TILBOÐ 69.990**
FULLT VERÐ kr. 79.990

Fæst einnig með 250GB DISK á 59.990

## OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2008

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

> **Natasha Henstridge**

„Fólk heldur að ég hafi komist langt á útlitinu einu saman. Það gerir sér ekki grein fyrir því að það þarf miklu meira en það til að komast áfram í þessum bransa.“ Henstridge leikur í þættinum Eli Stone sem sýndur er í Sjónvarpinu í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON UM SJÓNVARP FRÁ ALÞINGI

# ... og svo skal beygja, svo skal teygja

Ætli það sé með ráðum gert að hafa svo slaka tökuvél fasta á ræðustólnum í Alþingishúsinu að það lið sem í stólnum stendur og situr í sæti forseta og svokallaðs ritara er alltaf í soft fókus, óskýrt eins og það sé í þoku eða með máðar útlínur? Eftir að hafa fylgst með umræðunum á mánudagskvöldið var reyndar talsverð þoka í nokkrum þeirra sem tóku þar til máls. Ræðusnilldin er nú ekki sérkenni á umræðum í þinginu, fókusinn er ekki svo skarpur að það sjáist skil. Ég hélt að það hefðu verið gerðar einhverjar endurbætur á þingsköpum til að stytta ræður þeirra sem lengst vilja tala og gengur mörgum erfiðlega að halda sæmilegum þræði. Greining á umbreytingum á fjárlagafrumvarpi virðast af orðum manna hafa verið ári fátkenndar, svo ekki sé meira sagt. Þingið ætti að splæsa í nýjar vélar og hafa þær þrjár svo pana megi sjálfkrafa með reglulegu millibili um salinn til að sjá hverjir sitja í alvörunni á þinginu en eru ekki annars staðar við kaffiþamb eða aðra vinnu.



Skemmtilegastir eru kækirnir sem menn hafa vanið sig á og eru mest áberandi hjá þeim sem halda áfram og áfram og áfram: Vitið þið til dæmis að Ögmundur Jónasson hefur þann skemmtilega kæk í ræðustól að tala alltaf til hliðanna, og máli sínu til áherslu beygir hann sig reglulega í hnjánum, svo langt niður að það liggur við hann setjist og minnir þá mest á Ragnar Reykás á góðum degi. En svo rís hann í nýja hrinu.

Auðvitað á að vera almennileg útsending frá þinginu svona rétt til áminningar kjósendum að þar eigi reglulega að skipta um fólk. Þaðan á líka að vera hægt að deila út eldri upptökum af ræðum þingmanna svo fletta megi upp í störfum þingmanna í stólnum, hvaða æsinga- eða moðreyksbull þeir hafa boðið upp á.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.05** Bráðavaktin (ER) SJÓNVARPIÐ



▶ **20.35** Frasier SKJÁREINN



▶ **21.10** Grey's Anatomy STÖÐ 2



▶ **21.15** Justice STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.00** The Bone Collector STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**16.15 Leiðarljós**
**17.00 Jóladagatal Sjónvarpsins** (e)
**17.10 Táknmálsfréttir**
**17.20 Ofurþjarkinn og apahersveitin** (42:52)
**17.45 Gurra grís** (67:104)
**17.50 Disneystundin** Stjáni, Sígildar teiknimyndir og Gló magnaða.
**18.45 Jóladagatal Sjónvarpsins**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.05 Bráðavaktin** (ER) (7:19) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg.
**20.50 Eli Stone** (2:13) Bandarísk þáttaröð. Lögfræðingurinn Eli Stone í San Francisco verður fyrir ofskynjunum og túlkar þær sem skilaboð frá æðri máttarvöldum. Í framhaldi af því endurskoðar hann líf sitt og breytni. Aðalhlutverk: Jonny Lee Miller, Victor Garber og Natasha Henstridge.
**21.35 Bílfélagar** (2:13) (Carpoolers) Bandarísk gamanþáttaröð um félaga sem eru samferða í vinnuna, úr úthverfi og inn í borg og skrafa saman um lífið og tilveruna á leiðinni. Aðalhlutverk: Faith Ford, Fred Goss, T.J. Miller og Jerry O'Connell.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Kiljan**
**23.15 Maríumyndir** (Picturing Mary) (e)
**00.10 Kastljós** (e)
**00.35 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Pelle Politibil**
**10.00 Failure to Launch**
**12.00 Sueno**
**14.00 The Truth About Cats and Dogs**
**16.00 Pelle Politibil**
**18.00 Failure to Launch**
**20.00 Sueno**
▶**22.00 The Bone Collector** Raðmorðingi gengur laus á Manhattan. Hann myrðir fórnarlömb sín á hrottafenginn hátt og skilur svo boð eftir hjá þeim.
**00.00 You, Me and Dupree**
**02.00 Perfect Strangers**
**04.00 The Bone Collector**
**06.00 The Queen**

## STÖÐ 2

**07.00 Kalli litli kanína og vinir**
**07.25 Jesús og Jósefína** (17:24)
**07.50 Galdrabókin** (17:24)
**08.00 Lalli**
**08.05 Ruff's Patch**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella** (215:300)
**10.15 The Complete Guide To Parenting** (3:6)
**10.55 America's Got Talent** (10:12)
**12.00 Numbers**
**12.45 Neighbours**
**13.10 The New Adventures of Old Christine** (11:22)
**13.35 Sisters** (19:28)
**14.25 E.R.** (15:25)
**15.15 Ghost Whisperer** (48:62)
**16.00 Skrímslaspilið**
**16.23 BeyBlade**
**16.48 Ofurhundurinn Krypto**
**17.13 Ruff's Patch**
**17.23 Galdrabókin** (17:24)
**17.33 Bold and the Beautiful**
**17.58 Neighbours**
**18.23 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.15 Víkingalottó**
**19.20 Veður**
**19.30 The Simpsons** (22:25)
**19.55 Dagvaktin** (7:12)
**20.25 Gossip Girl** (14:18)
▶**21.10 Grey's Anatomy** (9:24) Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á. Christina kemst loks að því að það eru fleiri menn til en Burke og sjúkrahúsið Seattle Grace þarf laglega yfirhalningu til að geta kallast einn virtasti háskólaspítali landsins.
**22.00 Ghost Whisperer** (56:62)
**22.45 Oprah**
**23.30 E.R.** (15:25)
**00.15 The Honeymooners**
**01.45 Sur le seuil**
**03.20 Transporter 2**
**04.45 Rennie's Landing**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Þýski handboltinn** Útsending frá leik Flensburg og RN Löwen í þýska handboltanum.
**17.00 NBA Action** Í þessum þáttum sem slógu í gegn á árum áður, verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.
**17.30 Þýski handboltinn** Útsending frá leik Flensburg og RN Löwen í þýska handboltanum.
**18.50 Gillette World Sport 2008** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bakvið tjöldin.
**19.20 Meistaradeild Evrópu** Hver umferð skoðuð í bak og fyrir. Viðtöl við leikmenn liðanna og komandi viðureignir skoðaðar.
**19.40 Spænski boltinn** Útsending frá leik Barcelona og Real Madrid í spænska boltanum.
**21.40 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.
**22.10 Ultimate Fighter** Þáttaröð þar sem sextán bardagamenn keppast um að komast á milljónasamning hjá UFC.
**22.55 Meistaradeild Evrópu** Útsending frá leik Lyon og Bayern Munchen.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.50 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Sunderland og WBA.
**18.30 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.
**19.00 Coca Cola mörkin 2008/2009** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.
**19.30 Premier League Review 2008/09** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**20.25 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.
**21.35 Leikur vikunnar**
**23.15 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Middlesbrough og Arsenal.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.40 Vörutorg**
**17.40 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir frábærar sögur og gefur góð ráð.
**18.25 Are You Smarter Than a 5th Grader?** (17:27) Bráðskemmtilegur spurningaþáttur fyrir alla fjölskylduna. Spurningarnar eru teknar eru úr skólabókum grunnskólabarna en þær geta vafist fyrir fullorðnum eins og sannaðist í íslensku þáttunum. (e)
**19.15 Innlit / Útlit** (13:14) Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Nadia Banine og Arnar Gauti koma víða við. (e)
**20.10 What I Like About You** (22:22) Gamansería um tvær ólíkar systur sem búa saman í New York. Það er komið að lokaþætti annarrar þáttaraðar. Holly er á leið til Parísar en fyrst þarf hún að velja á milli Henry og Vince.
▶**20.35 Frasier** (22:24) Síðasta þáttaröðin af einni vinsælustu gamanseríu allra tíma. Útvarpssálfræðingurinn Frasier Crane er engum líkur og sérviska hans og snobb eiga sér engin takmörk.
**21.00 America's Next Top Model** (12:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu.
**21.50 CSI. Miami** (12:21) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami. Við rannsókn á morði ungrar konu finnur rannsóknardeildin merki um dópframleiðslu á heimili hennar.
**22.55 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.45 Law & Order** (12:24) (e)
**00.35 Vörutorg**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.25**

**Gossip Girl – NÝTT**




Einn vinsælasti framhaldsþátturinn í bandarísku sjónvarpi. Þættirnir eru byggðir á samnefndum metsölubókum og fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þótt dramatíkin sé ótæpileg þá snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og síðast um hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hverju eigi að klæðast í næsta glæsipartíi.

## VIÐ MÆLUM MEÐ

**America's Next Top Model**
**Skjáreinn kl. 21.00**



Þetta er ellefta fyrirsætuleitin og nú þegar hefur verið ákveðið að gera a.m.k. eina þáttaröð til viðbótar. Í þættinum í kvöld mun Paulina Porizkova taka stúlkurnar í kennslustund og sýna þeim hvernig módel geta gert óaðlaðandi vöru áhugaverða. Stelpurnar halda partí og bjóða sætum strákum í heimsókn.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Brot af eilífðinni
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Heimur óperunnar
**15.03** Útvarpssagan: Aðventa
**15.30** Miðdegistónar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Auðlindin
**18.23** Fréttayfirlit og veður
**18.26** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stefnumót
**21.10** Út um græna grundu
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Bókaþing
**23.10** Krossgötur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (82:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**17.00 Seinfeld** (19:24)
**17.30 Smallville** (16:20)
**18.15 Justice** (10:13)
**19.00 Hollyoaks** (82:260)
**19.30 Hollyoaks** (83:260)
**20.00 Seinfeld** (19:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendanlega smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góða vini sem eru álíka duttlungafullir og hann sjálfur. Saman lenda þau Jerry, George, Elaine og Kramer oft í afkáralegum aðstæðum og taka upp á afar fáránlegum tiltækjum.
**20.30 Smallville** (16:20) Sjöunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.
**21.15 Justice** (10:13) Spennandi lögfræðiþættir sem gerast á eftirsóttri lögfræðistofu í Los Angeles þar sem stóru og umtöluðu málin koma inn á borð og ósjaldan tengjast þau ríka og fræga fólkinu.
**22.00 Burn Notice** (3:13) Njósnarinn Michael Westen kemst að því sér til mikillar skelfingar að hann hefur verið settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem ekki er lengur treystandi og njóta því ekki lengur verndar yfirvalda.
**22.45 Rescue Me** (4:13) Fjórða serían um Tommy Gavin og félaga hans á slökkvistöð 62 í New York. Denis Leary fer með aðalhlutverkið í þessari frábæru þáttaröð.
**23.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Lífsblómið** Umsjónarkona er Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir. Vangaveltur um heilsu, lífsviðhorf og heilbrigði. Kristbjörg Kristmundsdóttir og Edda Björgvinsdóttir mæta til leiks.
**21.00 Líf og land** Umræðuþáttur um landsbyggðina í umsjá bóndans Valdemars Ásgeirssonar á Auðkúlu.
**21.30 Fólkið á kassanum** Þáttur þar sem fólk með ákveðnar skoðanir fær að njóta sín. Umsjón þáttarins er að þessu sinni í höndum Ástþórs Magnússonar.

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Verdens vildeste passagerfly **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Pigerne Mod Drengene **15.30** Spiderman **15.55** Daffys plakatskæg **16.00** Nissernes Ø **16.30** Julefandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Nissernes Ø **19.00** Hammerslag i Berlin **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** En sag for Frost **22.40** Onsdags Lotto **22.45** OBS **22.50** Torsdag den 12.

## NRK 1

**11.50** Nobels fredsprisutdeling 2008 **13.30** Fra Wien og ut i verden **14.00** NRK nyheter **14.03** Utfordringen **14.30** Absalons hemmelighet **15.00** NRK nyheter **15.10** H2O **15.35** Animalia **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Vår aktive hjerne **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul i Blåfjell **17.25** Detektivklubben **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektørene **18.55** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** House **21.30** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.50** The Wire

## SVT 1

**11.35** Solens mat **12.50** Glasskår **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Bobster **15.30** Mega **16.00** Jultomtens lärling **16.10** Dagens visa **16.15** Alfons Åberg **16.25** Jims vinter **16.40** Hemska Henry **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Plus **20.30** Carin 21.30 **21.00** Holocene **22.00** Kulturnyheterna **22.15** Rushdie och Saviano; 2008 **23.45** Svensson, Svensson **00.15** Robins **00.45** Sändningar från SVT24




## NÝJU JÓLASVEINARNIR

Sá sjötti, Nonni Ásgeir,
var alveg dæmalaus.
Út úr rassi Bónusgríssins
rak sinn síðhærða haus.

Er fólkið fyllti pokana
af billegum baunum og tólg
hann keypti upp hálfa Evrópu
og fór í partí með ÓRG.



# Stefán Karl tryllti Boston-aðdáendur

„Þetta var ótrúlega skemmtilegt, ég fékk að hitta bæði liðin og spjallaði aðeins við fyrirliðann Paul Pierce,“ segir Stefán Karl Stefánsson leikari. Velgengni hans sem Trölli virðist engan endi ætla að taka en leikarinn var sérstakur heiðursgestur á leik Boston Celtics og Utah Jazz á mánudaginn í Banknorth Garden, heimavelli Boston. Stefán atti kappi við lukkutröll liðsins sem hefur í fimm ár reynt að hitta ofan í körfuna fyrir aftan bak frá miðju. Stefán gerði sér lítið fyrir og hitti í fyrstu tilraun. „Þakið ætlaði bókstaflega að rifna af byggingunni,“ segir Stefán en Banknorth Garden tekur 35 þúsund manns í sæti.

Stefán hafði sitthvað upp úr krafsinu. Fékk meðal annars áritaða treyju frá Pierce og var einmitt að horfa á hana þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Þá varð hann þess heiðurs aðnjótandi að máta meistarahring sem meistarar NBA-deildarinnnar fá fyrir sigur sinn. „Hann var ansi þungur, skreyttur með demöntum og gimsteinum,“ segir Stefán. Hann verður í tvær vikur til viðbótar í Boston en síðan liggur leiðin til Los Angeles. Og þótt Stefán vilji ekki meina að framtíðin liggi í lukkutrölla-bransanum þá neitar hann því ekki að óneitanlega yrði skemmtilegt að endurtaka leikinn hjá Los Angeles Lakers en stórleikarinn Jack Nicholson er einn heitasti aðdáandi liðsins. „Það væri ekkert leiðinlegt að rekast á hann,“ segir Stefán.



**MEÐ GOÐSÖGNINNI HEINSOHN** Stefán heilsaði upp á Tommy Heinsohn, sem er goðsögn í Boston og var í gullaldarliði liðsins á árunum 1959 til 1966. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**LÁRÉTT** 2. mælieining, **6.** samþykki, **8.** framkoma, **9.** rjúka, **11.** skóli, **12.** neðst, **14.** bátur, **16.** í röð, **17.** fornafn, **18.** ennþá, **20.** þessi, **21.** velta.

**LÓÐRÉTT** 1. dekk, **3.** hvort, **4.** alls, **5.** kæla, **7.** áleitinn, **10.** siða, **13.** tala, **15.** klúryrði, **16.** húðpoki, **19.** núna.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** desí, **6.** já, **8.** fas, **9.** ósa, **11.** ma, **12.** lægst, **14.** kajak, **16.** hí, **17.** öll, **18.** enn, **20.** sá, **21.** snúa.

**LÓÐRÉTT: 1.** hjól, **3.** ef, **4.** samtals, **5.** ísa, **7.** ásækinn, **10.** aga, **13.** sjö, **15.** klám, **16.** hes, **19.** nú.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Söngvar um lífið.
2. Reynir Traustason.
3. Burnley.

FORLAGIÐ visir.is

JÓLALEIKUR FRÉTTABLAÐSINS
VINNINGSHAFAR

BÆKUR FRÁ FORLAGINU
Aðalbjörg Ólafsdóttir
Vættaborgir 140
Eva Kristjánsdóttir
Háaleitisbraut 43
Gísli Guðjónsson
Lækjarbugur
Hallgrímur L. Hauksson
Reykjabyggð 15
Hólmfríður Á. Vilhjálmsd.
Garðsstaðir 3
Hrefna Gunnarsdóttir
Blikabraut 10
Jóhann O. Jóhannsson
Bergland 2
Jóhanna F. Geirsdóttir
Melasíða 8
Jóhannes Jóhannesson
Skólavegur
Jóna H. Hauksdóttir
Naustabryggja 55
Sigríður Karlsdóttir
Stekkholt 2
Sigurður Haukdal
Þorláksgeisli 9

BÍÓKORT FRÁ SAMBÍÓUNUM
Anna J. Kristjánsdóttir
Melabraut 19
Birna Halldórsdóttir
Krummahólar 8
Bjarni Kjartansson
Sóleyjargata 23
Huld S. Ringsted
Dalsgerði 3F
Jón Harðarson
Bólstaðarhlíð 56
Lára Kristín Traustadóttir
Birkiás 18
Matthildur Víðisdóttir
Rjúpnasölum 10
Ólafur H. Þorleifsson
Birkihlíð 12
Petrína Sigurðardóttir
Vallarási 3
Sigurður G. Steinþórsson
Víðigrund 51
Sigurfinnur Geir Eyvindsson
Kristnibraut 45a
Sunna Guðmundsdóttir
Vallartún 8

GJAFAKORT FRÁ ÞJÓÐLEIKHÚSINU
Jóhannes Geir Benjamínsson
Bakkavör 1
Ragnheiður G. Óskarsdóttir
Núpabakka 23

Taktu þátt á visir.is

FRÉTTABLAÐIÐ

KRISTÍN RAGNA GUNNARSDÓTTIR: VIÐ ERUM Á ÚTSÖLU

# Seldi myndlistarsýningu í heilu lagi til Danmerkur

„Þetta er voðalega gaman. Myndirnar fjalla meðal annars um stríð, svik og sorg,“ segir Kristín Ragna Gunnarsdóttir myndlistarmaður sem nýverið seldi heila myndlistarsýningu til Danmerkur.

Kristín Ragna hélt í september sýningu í Þjóðminjasafninu á myndverkum sem eru í bókinni Örlögum guðanna sem er eftir Kristínu við texta Ingunnar Ásdísardóttur. Daninn Ib Hessov rambaði þar inn, hreifst svo mjög af myndunum að heim kominn setti hann sig í samband við Kristínu. Kom þá á daginn að hann er innkaupastjóri fyrir virt listaverkasafn í eigu spítala í Árósum – Kunstudvalget v/ Århus Sygehus. Safnið einbeitir sér að nútímalist og er virt í sinni sveit. Hann hafði engar vöflur á og keypti alla sýninguna.

„Já, þetta var sölusýning,“ segir Krisín Ragna sem fagnar því að myndirnar fái að fylgjast að. Um er að ræða 21 mynd af um 60 myndum sem prýða bókina Örlög guðanna sem hlaut á dögunum tilnefningu til Íslensku bókmenntaverðlauna.



**KRISTÍN RAGNA** Seldi heila sýningu til Danmerkur og fagnar því að verkin fái að fylgjast að. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kristín sérvaldi myndirnar á sýninguna þannig að þær mynda eina heild.

„Ég eyddi miklum tíma í að velja myndirnar saman og texti Ingunnar, sem nú er verið að þýða yfir á dönsku, lýsir stemningum þeirra. Þær byggja á sögum úr norrænni goðafræði, fjalla um sköpunina, þegar svo heimurinn hefur tortímst og vonin vaknar á ný.“

Myndirnar, sem hver um sig er 63x39 og leggja því undir sig góðan vegg saman, hafa verið sendar til Danmerkur og er verið að taka þær upp þar. Kristín segir að gaman væri að fara út til að vera við opnunina en veit ekki hvað verður í kreppunni. Hún svarar ábendingu blaðamanns um að ekki ætti að vera mikið mál fyrir danskinn að standa undir kostnaði vegna þess í ljósi gengismála hlær Kristín og segir: „Já, við erum víst á útsölu.“

Og ekki er hægt að segja að þessi gullfallegu myndverk hafi verið dýr en Kristín verðlagði þær hverja um sig á 24 þúsund krónur. „Með það fyrir augum að fólk gæti eignast myndirnar,“ segir hún.

En þetta þýðir að Ib Hessov hefur greitt fyrir verkin rúma hálfa milljón. En líklega leggst einhver kostnaður þar á.

jakob@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Guðmundur Steingrímsson** og félagar hans í hljómsveitinni Ske eru að leggja lokahönd á nýja plötu. Meðlimir hljómsveitarinnar hafa farið sér í engu óðslega við gerð plötunnar, ferlið spannar yfir tvö ár, og hafa engan áhuga á að blanda sér í jólaplötuflóðið. Þess í stað áforma þeir að platan komi út um miðjan janúar og eftir það verður blásið til tónleikahalds. Reyndar verður Ske svo óstarfhæf í kjölfarið þegar tveir meðlimanna eiga von á barni en eftir það ætlar þessi rólega hljómsveit að láta sverfa til stáls.



STEF dreifði ávísunum í síðustu viku til tónsmiða og textahöfunda fyrir afrek þeirra á árinu 2007. Einn þeirra sem brosir breitt þessa dagana er hinn ástsæli lagahöfundur Örlygur Smári en tékkinn frá STEF bjargar jólunum hjá honum og mörgum tónlistarmanninum öðrum. Einkum eru það lögin sem gullhænan **Páll Óskar** söng: Allt fyrir ástina, International og Betra líf sem eru að gera sig fyrir Örlyg en þau tröllriðu öllu á árinu 2007.



Reyndar, sé litið til lista sem Óli Palli og félagar á Rás 2, sem telja sig útverði íslenskrar nýgildrar tónlistar, birta á síðu sinni yfir mest spiluðu lögin ársins 2007 þá tróna Sprengjuhallarmenn þar efst á blaði með lagið „Verum í sambandi“. Þannig að þeir eiga fyrir jólagjöfum til vina sinna, **Snorri Helgason** og félagar, eftir tékkann góða frá STEF. Árangur þeirra er sérlega eftirtektarverður því þá komu þeir fyrst fram á sjónarsviðið.



- hdm, jbg

# Í hópi bestu nýliða á iTunes

Tónlistarkonan Lay Low er á lista iTunes í Bandaríkjunum yfir tíu bestu nýliðana í flokki þjóðlagatónlistar. Þetta kemur fram á heimasíðu þessarar vinsælustu tónlistarveitu heims, þar sem fólk er jafnframt hvatt til að kaupa hennar nýjustu plötu, Farewell Good Night´s Sleep.

„Þetta er alveg frábært og gefur góð fyrirheit fyrir árið 2009,“ segir Kjartan Sturluson, umboðsmaður Lay Low. „Það er tíu manna teymi hjá iTunes sem velur þessa árslista og það þykja víst ekki slæmar tvíbökur að lenda á þeim, enda fara 85 prósent af allri sölu á netinu í gegnum iTunes.“

Um sérlega góða kynningu er að ræða fyrir Lay Low sem hyggur á mikið tónleikahald erlendis á næsta ári til að fylgja plötunni eftir. Nýverið náði hún samkomulagi við Nettwerk Music Group um þriggja platna samning og mun hróður hennar því væntanlega aukast stórlega á næstunni.

Auk þess að hita upp fyrir Emilíönu Torrini á tónleikaferð um Evrópu á næsta ári hefur Lay Low ákveðið að spila í Kaupmannahöfn í fyrsta sinn sjötta mars. Að auki hefur hljómsveit hennar, Benny Crespo´s Gang, verið boðið að spila á South By Southwest-hátíðinni í Texas á næsta ári.

- fb



**LAY LOW** Söngkonan knáa er á lista iTunes í Bandaríkjunum yfir tíu bestu nýliðana í flokki þjóðlagatónlistar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

★★★★

STEINUNN INGA ÓTTARSDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

„**Algjört hunang**.“

BUBBI MORTHENS / RÁS 2

„… **hlaðin spennu og angist**.“

SIGURÐUR G. TÓMASSON / ÚTVARP SAGA

„… **meira spennandi en nokkur glæpasaga**.“

INGVI ÞÓR KORMÁKSSON / WWW.BOKMENNTIR.IS

„**Áhrifamikil** skáldsaga.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN, RÚV

„Stórt og mikið drama **með miklum örlögum**.“

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / KILJAN, RÚV

„***Dimmar rósir* rokka!**“

GERÐUR KRISTNÝ / MANNAMÁL, STÖÐ2




TVEIR SAGNAMEISTARAR

# Tvær seiðandi sögur

„Það er **unun að lesa** texta eftir Guðmund Andra.“

EGILL HELGASON / KILJAN, RÚV

„Þetta er fallega skrifuð skáldsaga …
**skilur eftir ljúfa tilfinningu**.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN, RÚV

„**Ofboðslega vel skrifað**.“

GERÐUR KRISTNÝ / MANNAMÁL, STÖÐ 2

„Les nýja bók Guðmundar Andra fyrir kettina.
Við **mölum allir sem einn yfir snilldinni**.“

HRAFN JÖKULSSON

„… **fantavel skrifuð**.“

EIRÍKUR BERGMANN / WWW.EYJAN.IS

„**Dásamleg bók** alveg.“

GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR / WWW.GURRIHAR.BLOG.IS




BÆKURNAR ERU PRENTAÐAR Á ÍSLANDI

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

GLEÐILEG BÓKAJÓL

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**


Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is

**Gesthús Dúna**

**Tveggja manna herbergi á kr. 5.000 nóttin**

**Uppbúið rúm í svefnpokaplássi kr. 2.000 nóttin**



**BAKÞANKAR**
Kolbeins Óttarssonar Proppé

## *Misjöfn eru morgunverkin*

Dagur rís á ný og ég bý mig undir verkefni dagsins. Þar sem ég er í ríkisstjórn er annasamur dagur fram undan. Það er fundur á eftir og við þurfum að fara betur yfir fjárlagafrumvarpið. Hvar eigum við að skera niður í þessari ólgutíð? Þótt við höfum sagst ætla að efla menntun í kreppunni er nú ansi mikið sem fer í þann málaflokk og alls staðar verður að skera niður. Og hvað með Vatnsveginn upp á 110 milljónir? Nei, hann verður að vera. Úff, ýmist er maður skammaður fyrir að skera niður á Landspítalanum, sagður vega að rekstri hjúkrunarheimila háskólans. Jæja Þjóðkirkjan er í það minnsta sæmilega sátt. Best að fara að koma sér. Mikið vona ég að ekki verði mikið af fólki við Tjarnargötuna með þessi ótætis hróp. Það er þó alltaf hægt að nota bakdyrnar.

**DAGUR** rís á ný og ég bý mig undir verkefni dagsins. Það er ríkisstjórnarfundur í dag og við í lögreglunni verðum að vera til taks. Allir eru reiðir og líklega verður mótmælt þar aftur. Skelfilegt hvað þetta unga fólk er reitt. Það verður að skilja að ákveðnar reglur gilda í samfélaginu. Án þeirra ríkti stjórnleysi. Ég skil samt vel að fólk sé reitt. Afborganirnar af húsinu mínu hafa tvöfaldast og hvernig á ég að borga af bílnum um næstu mánaðamót? Og ekki veit maður hvað verður í málefnum lögreglunnar, það er enginn öruggur. Nú á meira að segja að fara að loka yfirfullum fangelsum. Ætli eigi að setja fangana líka á atvinnuleysisbætur? Jæja, best ég komi mér svo við mætum á undan ráðherrunum.

**DAGUR** rís á ný og ég bý mig undir verkefni dagsins. Ekki að þau séu mörg. Það er borin von að ég fái aðra vinnu í bráð, ekki eins og ástandið er. Nú verða þessir ráðamenn að fara að gera eitthvað. Hvernig stendur á því að menn keyra í gegn hækkanir á hinum og þessum álögum en allt sem heitir stuðningur við almenning velkist um innan kerfisins dögum saman og bíður afgreiðslu? Þetta er ekki hægt. Ég vona að það mæti margir á eftir. Eina leiðin til að ráðamenn skilji þetta er að þeir heyri það milliliðalaust frá okkur. Frá fólkinu. Og kannski sýður upp úr, reiðin er slík. Ekki að það sé ætlunin. En það er eins og ekki allir átti sig á að þetta er vandinn okkar. Mikið væri því gaman ef hlustað væri á okkur. Jæja, best ég drífi mig svo við komum á undan löggunum.

**MISJÖFN** eru morgunverkin í kreppunni.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 17. desember, 352. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.19 | 13.23 | 15.29 |
| Akureyri | 11.35 | 13.05 | 14.42 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

